



Alþingi
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. nóvember 2005

Efni: Umsögn vegna frv. til laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði sifjaréttar, 279. mál, sameiginleg forsjá barns o.fl.

Vísað er til bréfs nefndarritara allsherjarnefndar, dags. 17. nóvember s.l., þar sem fram kemur beiðni til Barnaverndarnefndar Reykjavíkur um að veita umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði sifjaréttar.

Barnaverndarnefnd Reykjavíkur er fylgjandi efni frumvarpsins og gerir ekki athugasemdir við einstakar greinar þess að undanskildum 5. gr. frumvarpsins sem varðar breytingu á 16. gr. laga um ættleiðingar og 7. gr. frumvarpsins sem varðar breytingu á 31. gr. sömu laga. Að mati nefndarinnar mætti skilja ákvæðin, eins og þau er sett fram í frumvarpinu, með þeim hætti að aðeins í þeim tilvikum þegar einhver vafi leikur á að unnt sé að veita umbeðna ættleiðingu eða forsamþykki fyrir ættleiðingu, verði óskað umsagnar barnaverndarnefnda. Í athugasemdum með frumvarpinu er það hins vegar skýrt að með orðalaginu “nema það sé augljóslega óþarft”, sé aðeins átt við að í þeim tilvikum þegar augljóst er að umsækjandi uppfyllir **ekki** þau skilyrði sem sett eru fyrir ættleiðingu, eða ef ættleiðing er augljóslega **ekki** barninu fyrir bestu, þá ber dómsmálaráðuneytinu ekki skylda til að senda umsókn til umsagnar barnaverndarnefnda. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur leggur til, með vísan til framangreinds, að eftirfarandi breytingar verði gerðar á orðalagi 5. og 7. gr. frumvarpsins:

5. gr.

“Leita skal umsagnar barnaverndarnefndar um umsókn um leyfi til að ættleiða barn nema þegar augljóst er að skilyrði fyrir útgáfu ættleiðingaleyfis eru ekki uppfyllt eða ættleiðing augljóslega ekki barni fyrir bestu.“

7. gr.

“ Leita skal umsagnar barnaverndarnefndar um umsókn um forsamþykki til að ættleiða erlent barn nema þegar augljóst er að skilyrði fyrir útgáfu forsamþykkis eru ekki uppfyllt”

F.h. Barnaverndarnefndar Reykjavíkur

Anna Sigr. Örygsdóttir, lögfr.

Afrit sent: Stjórnsýslu- og starfsmannasvið.

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/454
komudagur 7.12.2005



Alþingi, nefndasvið
Elín Valdís Þorsteinsdóttir,
nefndarritari
150 REYKJAVÍK

BARNAVERNDARSTOFA

Reykjavík, 07. desember 2005

Tilvísun : 2005110034

Vísað er til bréfs dags. 21. nóvember 2005 þar sem óskað var umsagnar Barnaverndarstofu um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði sifjaréttar, 279. mál, sameiginleg forsjá barns o.fl. Beðist er velvirðingar á því að ekki var unnt að veita umsögn fyrir tilskilinn tíma þann 28. nóvember.

Barnaverndarstofu er kunnugt um niðurstöður forsjárnefndar, áherslu sem lögð hefur verið á sameiginlega forsjá barna eftir skilnað eða sambúðarslit foreldra og að svo virðist sem að foreldrar velji þennan kost í ríkum mæli. Barnaverndarstofa telur æskilegt að frumvarpinu hefðu fylgt upplýsingar um fjölda þeirra foreldra sem velja þennan kost við skilnað eða sambúðarslit og í hversu miklum mæli fólk virðist gera ráðstafanir síðar meir til að breyta sameiginlegri forsjá. Talsvert er um að reynt sé að leita ráðgjafar hjá Barnaverndarstofu vegna ágreinings um forsjá og/eða umgengni við börn í þessum aðstæðum, þrátt fyrir að hér sé ekki um lögbundið hlutverk stofunnar að ræða. Barnaverndarstofa verður að telja að nokkuð beri á ágreiningi milli foreldra sem fara sameiginlega með forsjá sem þeim gengur illa að leysa en að foreldrar veigri sér verulega við að höfða forsjármál til breytinga á áður ákvarðaðri forsjá, m.a. vegna kostnaðar við málaferli.

Barnaverndarstofa telur mjög mikilvægt að efla frekar ráðgjöf til foreldra við skilnað eða sambúðarslit hvernig svo sem fyrirkomulagi forsjár verður háttað. Þá telur stofan mikilvægt að lögin gefi frekari leiðbeiningar um hvað felist í sameiginlegri forsjá, eða um réttindi og skyldur hvors foreldris og barns. Barnaverndarstofa myndi ennfremur fagna umræðum um og nánari úttekt á fyrirkomulagi ákvarðanatöku í málum samkvæmt ákvæðum barnalaga. Hér mætti skoða við hvaða aðstæður opinberir aðilar geta skorið úr ágreiningi foreldra og hvers konar málsmeðferð hentar best.

Barnaverndarstofa telur að það fyrirkomulag að sameiginleg forsjá verði gerð að meginreglu við skilnað og sambúðarslit geti haft vissa kosti ef lögin skýra frekar hvað felist í sameiginlegri forsjá og tryggi ráðgjöf til foreldra. Barnaverndarstofa fagnar því að gert sé að skilyrði að foreldrar semji um að lögheimili barns verði hjá öðru foreldri þar sem barnið hafi að jafnaði fasta búsetu. Barnaverndarstofa telur hafið yfir allan vafa að mál af þessu tagi eigi að snúast einvörðungu um hagsmuni barns og telur að meginstefnu til mæti það best þörfum barns að eiga eitt heimili.



BARNAVERNDARSTOFA

Athugasemdir við einstaka greinar:

1. gr. - Samkvæmt núgildandi lögum er skýrt að sýslumaður verður að taka afstöðu til samnings foreldra um forsjá. Barnaverndarstofa telur brýnt að viðhafa einnig þetta fyrirkomulag um samninga um lögheimili enda verði að vera ljóst hvenær þessir samningar eru gildir og hvenær ekki. Þannig sé rétt að bæta við a. lið 1. mgr. eftirfarandi: "Samningur um lögheimili barns öðlast gildi við staðfestingu sýslumanns. Sýslumaður skal leiðbeina aðilum um réttaráhrif samnings. Hann getur synjað um staðfestingu samnings ef hann er andstæður hag og þörfum barns og ber að gera það ef hann er andstæður lögum.

2. gr. Barnaverndarstofa getur fallist á að meðferð kæru eða málskots fresti ekki framkvæmd úrskurðar um umgengni og að óþarfi sé að biða niðurstöðu málskotsaðila áður en unnt sé að beita dagsektum. Barnaverndarstofa verður þó að telja réttara að ekki sé unnt að beita dagsektum fyrr en að liðnum kæru- eða áfrýjunarfresti enda er hér ekki um sama hlut að ræða.

Barnaverndarstofa hefur ekki aðrar athugasemdir við frumvarpið. Umsögn var jafnframt send í tölvupósti.

Virðingarfyllt
f.h. Barnaverndarstofu

Hrefna Friðriksdóttir

MINNISBLAÐ
-Tekið saman að beiðni Allsherjarnefndar Alþingis-

Til: Allsherjarnefndar Alþingis.
Afrit: Dómsmálaráðuneytið.
Frá: Sýslumanninum í Reykjavík.

I. Tölur um skipan forsjár við skilnað að borði og sæng og við slit skráðrar óvígðrar sambúðar hjá sýslumanninum í Reykjavík:

Ár	2004	2002	2000
Fjöldi leyfisbréfa til skilnaðar að borði og sæng:	156	190	174
Forsjársamningar vegna sambúðarslita:	202	230	230
Samvistarlit samtals:	358	420	404

Efni samninga um skipan forsjár við samvistarlit:

Ár	2004	2002	2000
Móðir:	109 (19,9%)	183 (28,5)	164 (27,6%)
Faðir:	4 (0,7%)	4 (0,6%)	8 (1,4%)
Sameiginleg:	438 (79,5%)	454 (70,8)	422 (71%)
Alls: (börn við samvistarlit)	551	641	594

Heimild um ofangreint: BA ritgerð Eddu Hannesdóttur og Elsu Ingu Konráðsdóttur: Samvistarlit foreldra-Ákvarðanir foreldra um framtíð barna við skilnað og sambúðarslit: Rannsókn á opinberum gögnum árin 2000, 2002 og 2004. Reykjavík, október 2005.

II. Tölur um mál vegna breyttrar forsjár, erindi foreldra til sýslumannsins í Reykjavík, vegna breytinga á forsjárskipan barna. Þarna er annarsvegar um að ræða erindi um að breyta fyrra samkomulagi um forsjá, hinsvegar erindi um breytingu á lögbundnu fyrirkomulagi forsjár.

Ár	2005	2004	2003	2002
Staðfestir forsjársamningar	133	116	114	110
Máli lokið án staðf. samn.	97	72	115	106
Mál samtals	230	188	229	216

III. Efni staðfesta samninga foreldra, um breytingu á forsjá, árið 2005:

	Móðir	Faðir	Samskipting	Annað	Samtals
Forsjá var:	102	8	18	5	133
Forsjá varð:	15	13	99	6	133

Mál þar sem kom fram ósk um breytta forsjá, en máli lauk án staðfestingu samnings, árið 2005. (Málalok: frávisun, afturköllun, niðurfelling, sent öðru embætti). Ekki hægt að fullyrða um hve mörgum þessara mála lauk vegna samkomulags foreldra um að viðhalda óbreyttu forsjárfyrirkomulagi.

	Móðir	Faðir	Samskipting	Annað	Samtals
Forsjá var:	32	3	59	3	97
Kröfugerð:	50	21	23	3	97

IV. Tölur varðandi fjölda forsjármála hjá Héraðsdómi Reykjavíkur, upplýsingar fengnar þáðan.

Ár	2005	2004	2003	2002
Höfðuð mál:	32	33	31	26
Málum lokið með dómi:	10*	13	13	8

* 13 málum frá 2005 er ólokið.

V. Athugasemdir.

Erindi sem fjallað er um í II og III um breytta forsjá eru annarsvegar beiðnir um að breya fyrri samkomulagi um forsjá, hinsvegar erindi um breytingu á lögbundnu fyrirkomulagi forsjár.

Í lið III er aðeins um að ræða tölur vegna síðasta árs. Ef þess er sérstaklega óskað er hægt að taka annað eða önnur ár til samanburðar, en tölur þessar þarf að handvinna upp úr gögnum embættisins, fást ekki úr málaskrá.

F. h. sýslumannsins í Reykjavík

15. febrúar 2006

Eyrún Guðmundsdóttir, deildarstjóri

**Óformlegt yfirlit um sameiginleg forsjá í norrænum rétti
tekið saman að beiðni allsherjarnefndar**

Hér að neðan er gerð að nokkru grein fyrir því fyrirkomulagi sem ríkir á Norðurlöndum varðandi sameiginlega forsjá, hvort henni verði komið á gegn vilja annars foreldris og sjónarmiðum varðandi inntak sameiginlegrar forsjár og hvort/hvernig það verður skilgreint. Langt í frá er um tæmandi yfirlit að ræða.

Í öllum ríkjunum, þ. á m. hér á landi, er að finna í lögum *almenna skilgreiningu* á því hvað forsjá felur í sér, þ.e. að forsjáforeldri hafi rétt og skyldu til að taka ákvarðanir um málefni barns síns, að slíkar ákvarðanir eigi að taka í samræmi við þarfir barns og í samráði við það o.s.frv.

Í öllum ríkjunum fara giftir foreldrar sameiginlega með forsjá barns síns meðan hjúskapur varir og einnig eftir skilnað - nema annað sé ákveðið. Sameiginleg forsjá eftir skilnað byggir samkvæmt framansögðu á því að foreldri aðhafist ekki sérstaklega í því skyni að fá forsjánni breytt. *Frumvarp dómsmálaráðherra byggir á sömu hugmynd.* Í ljósi þess að foreldrar í skráðri sambúð hér á landi fara sjálfkrafa sameiginlega með forsjá barns meðan sambúð varir taka ákvæði frumvarpsins um sameiginlega forsjá eftir sambúðarslit einnig til þeirra.

Þegar forsjá er í höndum beggja er það *hin almenna regla í norrænum rétti að foreldrar eigi að standa saman að meiriháttar ákvörðunum* varðandi barn sitt en minniháttar dagsdaglegar ákvarðanir getur annað foreldrið tekið (foreldrið sem barn á lögheimili hjá).

Yfirleitt er litið svo á að undir meiriháttar ákvarðanir falli ákvarðanir sem lúta að búsetu barns, skólagöngu, flutningi jafnt innanlands sem utan og (meiriháttar) lækni- og heilbrigðisþjónustu við barn. Val á nafni barns og skráning í trúfélag er einnig nefnt.

Í norrænu ríkjunum eru þessi atriði almennt ekki skilgreind í lögum og almennt er ekki lögákveðið hvaða ákvarðanir foreldri má taka eitt og hvenær er þörf á samþykki beggja.

Ekki verður séð að meðal norrænu ríkjanna séu hugmyndir um að hverfa frá sameiginlegri forsjá sem meginreglu eftir skilnað. Þvert á móti er talað um að einhugur sé um mikilvægi sameiginlegrar forsjár við slíkar kringumstæður, þar sem það þjóni hagsmunum barns að báðir foreldrar taki virkan þátt í lífi þess og að þeir taki báðir þýðingarmiklar ákvarðanir sem varða framtíð barns.

Við gerð þessarar samantektar hefur einkum verið litið til skýrslu sænskrar forsjárnefndar, útg. í júní 2005 (http://www.regeringen.se/sb/d/5073/a/45564;jsessionid=aAifxd_uuW8) og ritsins Nordisk børneret II, Forældreansvar, eftir Svend Danielsen, útg. í Danmörku 2004.

Ísland

Sameiginleg forsjá foreldra sem ekki búa saman byggist samkvæmt gildandi lögum alltaf á samkomulagi foreldra þar um. Ekki er gert ráð fyrir breytingum þar að lútandi í frumvarpi dómsmálaráðherra.

Forsjá er skilgreind í barnalögum á þennan hátt; Forsjá barns felur í sér rétt og skyldu fyrir foreldri til að ráða persónulegum högum barns og ákveða búsetustað þess. Forsjáforeldri fer enn fremur með lögformlegt fyrirsvar barns. Forsjá barns felur í sér skyldu foreldra til að vernda barn sitt gegn andlegu og líkamlegu ofbeldi og annarri vanvirðandi háttsemi.

Forsjáforeldri fer með fjárhald samkvæmt lögræðislögum.

Ef forsjá er sameiginleg fara báðir foreldrar með þennan rétt og þessa skyldu.

Sýslumenn hér á landi hafa heimild til þess að úrskurða í umgengnismálum (og meðlagsmálum) þegar forsjá er sameiginleg en yfirvöld geta ekki ákveðið hjá hvoru foreldri barn skuli búa.

Hér á landi, eins og á hinum Norðurlöndunum, er almennt gert ráð fyrir því að samþykki beggja foreldra þurfi til *meiriháttar ákvarðana* sem varða barn. Hvað teljist meiriháttar ákvarðanir er ekki skilgreint í lögnum hér frekar en annars staðar en í norrænum rétti.

Í barnalögum og greinargerð með þeim er vikið að þessum sjónarmiðum þar sem segir að nauðsynlegar ákvarðanir *annars forsjárforeldris* um persónulega hagi barns séu gildar ef hitt forsjárforeldra er hindrað í að sinna forsjárskyldum sínum. Þetta á t.d. við ef foreldri er horfið eða mjög sjúkt, en ætti einnig við ef foreldri er langdvölum fjarri heimili. Þetta á sér hliðstæðu í 2. másl. 4. mgr. 51. gr. lögræðis laga þar sem segir að ef annar fjárhaldsmanna barns er tímabundið hindraður í að gegna fjárhaldinu séu nauðsynlegar ákvarðanir hins um fjárhaldið gildar.

Hér er ekki verið að vísa til minni háttar ákvarðana, því almennt er ekki gert ráð fyrir að atbeina beggja foreldra þurfi til slíkra ákvarðana, heldur er átt við ákvarðanir sem talist geta þýðingarmiklar. Rétt er að undirstrika að ákvæðið er bundið við nauðsynlegar ákvarðanir og því verður sú krafa almennt gerð að ákvarðanir, sem mega bíða þar til foreldri er ekki lengur hindrað í að sinna forsjárskyldum sínum, geri það.

Í barnalögum er sérstakt ákvæði um að óheimilt sé að fara með barn úr landi ef forsjá er sameiginleg nema með samþykki beggja.

Lög um vegabréf nr. 136/1998, heimila útgáfu vegabréfs fyrir ósjálfráða barn samkvæmt samþykki annars forsjárforeldris einvörðungu í þeim tilvikum er hitt er ófært um að veita samþykki sitt vegna sjúkdóms, fjarvistar eða annarra sérstakra aðstæðna.

Með frumvarpi dómsmálaráðherra eru ekki lagðar til breytingar á framangreindum reglum um forsjá og inntak hennar og hvorki er lagt til að skilgreint verði nánar hvaða ákvarðanir teljist meiriháttar né í hvaða tilvikum þörf sé á atbeina beggja. Gengið er útfrá að foreldrar, sem ekki búa saman en fara saman með forsjá barns, komi sér saman um hvernig þeir framkvæmi forsjána og komi upp ósættanlegur ágreiningur um hvaða leiðir skuli fara leiði það til endaloka sameiginlegrar forsjár.

Sjá í þessu sambandi og niðurstöðu sænsku forsjárnefndarinnar hér síðar.

Í *breytingatillögu sifjalaganefndar* við frumvarp dómsmálaráðherra er lagt til að lögfest verði að samþykki beggja foreldra þurfi til flutnings lögheimilis barns milli landshluta. Með þeirri tillögu er gengið ívið lengra en samkvæmt gildandi rétti í að skilgreina inntak sameiginlegrar forsjár í lögum. Verði tillagan lögfest skera Ísland og Noregur sig úr hinum norrænu ríkjunum, með því að hafa það *lögbundið* hvernig staðið verði að lögheimilisflutningi. *Um andstæðar reglur verður að ræða.*

Danmörk

Sameiginleg forsjá foreldra sem ekki búa saman byggist alltaf á samkomulagi foreldra og óheimilt er að dæma sameiginlega forsjá gegn vilja annars.

Í dönsku barnalögunum eru sambærileg ákvæði við þau íslensku um að forsjáforeldri skuli annast barn og hafi rétt og skyldu til að taka ákvarðanir um persónuleg málefni þess, o.s.frv.

Eins og á Íslandi geta yfirvöld úrskurðað um umgengni þrátt fyrir að forsjá sé sameiginleg en ekki hjá hvoru barnið skuli búa.

Foreldrar verða að öðru leyti almennt að vinna saman og vera sammála um meiriháttar ákvarðanir varðandi barn og sammála um hvernig þeir framkvæma forsjána en ágreiningur um meiriháttar mál leiðir til þess að slíta verður hinni sameiginlegu forsjá. Talið hefur verið að foreldri sem barn býr hjá geti látið barn undirgangast venjulegar læknesskoðanir og meðferðir en ekki stærri lækniáðgerðir, eins og skurðaðgerðir eða öfluga lyfjameðferð.

Í Danmörku er að störfum 15 manna nefnd sem hefur m.a. það verkefni að kanna hvort ráðast eigi í breytingar á dönskum lögum og *heimila dómstólum að dæma sameiginlega forsjá gegn vilja foreldris*. Verði niðurstaða nefndarinnar sú að það fyrirkomulag skuli tekið upp, á hún jafnframt að koma með tillögum að því hvort/hvernig eigi að leysa úr þeim ágreiningsmálum sem upp kunna að koma milli foreldra með sameiginlega forsjá, t.d. um búsetu barns, flutning innanlands, skólagöngu o.fl.

Nefndin mun líklega skila skýrslu í maí nk.

Svíþjóð

Í Svíþjóð hefur verið hægt að dæma sameiginlega forsjá gegn vilja annars foreldris frá 1998 en þá var lögfest pósitíft ákvæði þar að lútandi, þar sem segir að forsjá barns skuli ákveða, eftir því sem barni er fyrir bestu, sameiginlega eða í höndum annars foreldris. Óheimilt er að dæma sameiginlega forsjá gegn vilja beggja foreldra.

Í sænskum lögum er að finna almenna skilgreiningu á því hvað felst í forsjá, sbr. hér að framan.

Foreldrar þurfa almennt að vera sammála um meiriháttar málefni barns svo sem varðandi flutning innanlands eða milli landa og varðandi skólaskipti, en litið er svo á að foreldri sem barn býr hjá geti tekið ákvarðanir varðandi *daglega umönnun* eins og varðandi mataræði og svefntíma, svo og ákvarðanir varðandi frístundir og ferðalög og innritun í „forskóla“ einnig falla undir daglega umönnun. Þátttaka í hættulegu frístundastarfi og lengra frí án foreldra myndu á hinn bóginn ekki falla undir daglega umönnun.

Nái foreldrar ekki samkomulagi geta dómstólar ákveðið *hjá hvoru foreldrinu barn skuli búa*, svo og umgengni foreldris og barns.

Árið 2002 var skipuð nefnd í Svíþjóð til þess m.a. að skoða hvernig til hefði tekist með framkvæmd laganna frá 1998. Nefndin, sem m.a. kannaði dómaframkvæmd í Svíþjóð, skilaði ítarlegri skýrslu um efnið í júní 2005. Í henni kemur m.a. fram að dómstólar hafi í tiltölulega mörgum tilvikum notað þann möguleika að dæma sameiginlega forsjá gegn vilja foreldris, eða í u.þ.b. helmingi forsjáágreiningsmála. Rökin voru í flestum tilvikum þau að samstarfsörðugleikar hafi ekki verið á svo alvarlegu stigi að þeir ættu að koma í veg fyrir sameiginlega forsjá. Staðhæfingar um ofbeldi komu fram í um einum þriðja þeirra dóma sem nefndin kannaði og dómstólarnir dæmdu sameiginlega forsjá gegn vilja foreldris í um helmingi tilvika. Nefndinni þótti tilhneiging til þess hjá dómstólum að dæma sameiginlega forsjá jafnvel þótt fyrirsjáanlegt mætti vera að foreldrarnir gætu ekki náð saman um málefni barns.

Í kjölfar skýrslunnar lagði dómsmálaráðherra Svíþjóðar fram frumvarp til breytinga á lögum um forsjá o.fl. (Föräldrabalken). Það er í *Lagrådet* til skoðunar, áður en það verður lagt fyrir þingið. Í frv. felst m.a. að leggja beri enn ríkari áhersla en áður á, að það sem barni er fyrir bestu eigi að ráða ferðinni þegar kemur að því að ákveða forsjá og að skoða verði vandlega hvert einstakt mál. Sérstaklega skuli taka tillit til möguleika foreldra á að vinna saman að málefnum barns þegar ákveðið er hvort forsjá skuli vera sameiginleg eða í höndum annars foreldris. Mikilvægi góðrar samvinnu foreldra og þess að hagsmunir barns eigi vera í fyrirrúmi við ákvörðun forsjá er undirstrikað en ekki lagt til að heimild dómara til að dæma sameiginlega forsjá gegn vilja foreldris verði felld niður.

Í Svíþjóð er inntak forsjár ekki skilgreint í lögum umfram hina almennu skilgreiningu. Eins og á hinum Norðurlöndunum verða foreldrar almennt að standa saman að meiriháttar ákvörðunum, án þess að það sér nánar útfært. Nefndinni var falið að kanna hvort reglur um heimildir til ákvarðanatöku þegar forsjá er sameiginleg *væru nægilega skýrar*, sérstaklega í ljósi þess að unnt væri að dæma sameiginlega forsjá gegn vilja. Sérstaklega átti að hafa í huga þá þætti, þar sem krafa um sameiginlega ákvarðanatöku, gæti skapað erfiðleika, s.s. þegar um væri að ræða fyrirhugaðan flutning foreldris sem barn býr hjá, skólagöngu barns og aðgang barns að heilbrigðis- og læknisþjónustu.

Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að *ekki væri rétt* að útlista í löggjöf með nákvæmari hætti en raun ber vitni hvaða heimildir foreldrar með sameiginlega forsjá hefðu til ákvarðanatöku, eða hvert inntak forsjárinnar væri. Ástæðan væri sú að sameiginleg forsjá væri í eðli sínu grundvölluð á samstarfi foreldra og á því að foreldrar ákveddu í sameiningu hvernig þeir framkvæmdu forsjána. Ekki væri hægt að mæla fyrir um slíka samvinnu í lögum. Með sömu rökum væri heldur ekki rétt að ákveða að foreldri sem barn býr hjá hefði rýmri rétt en hitt til ákvarðanatöku um málefni barns. Þá komst nefndin að þeirri niðurstöðu að ekki væri rétt að fela dómstólum heimildir til þess að úrskurða um fleiri ágreiningsatriði en hvar barn skuli búa og umgengni þess við hitt foreldrið. Sú skoðun væri byggð á því að til þess að sameiginleg forsjá gæti talist í samræmi við hagsmuni barns yrðu foreldrar almennt að geta komið sér saman um málefni þess. Að heimila dómstólum að skera úr fleiri ágreiningsefnum þjónaði ekki hagsmunum barns.

Noregur

Heimild til að dæma sameiginlega forsjá gegn vilja annars foreldris hefur verið í lögum frá 1981. Sjónarmiðin eru að ekki sé rétt að dæma öðru foreldrinu forsjá einvörðungu á þeim grundvelli að það vilji ekki að hitt hafi forsjána líka. Almennt er litið svo á að ef ekki er um vanhæfnisástæður að ræða hjá foreldri sem óskar eftir að forsjá verði sameiginleg sé eðlilegt að forsjáin verði sameiginleg. Á móti kemur að andstaða hins getur verið svo mikil að tilgangslaust sé að hafa sameiginlega forsjá.

Hin *almenna skilgreining* á því hvað forsjá felur í sér er sambærileg þeirri sem er í öðrum norrænu ríkjunum.

Dómstólar geta ákveðið hjá hvoru barn skal búa og umgengni barns við foreldri.

Í norsku barnalögnum eru ítarlegri skilgreiningar en í lögum annarra norrænna ríkja á því hvaða ákvarðanir annað foreldri með sameiginlega forsjá getur tekið án samráðs við hitt.

Noregur er eina norræna landið þar sem *lögákveðið* er að foreldri, með sameiginlega forsjá og barnið býr hjá, *geti eitt ákveðið* flutning innanlands, leikskólagöngu barns og tekið aðrar stærri ákvarðanir um „dagleglivet“. Þar undir er talið að falli skráning í frístundastarf og ferðalög innanlands að svo miklu leyti sem það raskar ekki umgengnisrétti.

Foreldri má almennt fara í styttri utanlandsferðir (minna en 4 vikur) hvort sem það fer eitt með forsjána eða forsjáin er sameiginleg.

Fari foreldrar sameiginlega með forsjá verði báðir foreldrar að samþykkja flutning barns til útlanda.

Finnland

Heimild til að dæma sameiginlega forsjá gegn vilja annars foreldris hefur verið fyrir hendi í Finnlandi frá 1983. Finnsla löggjöfin byggir á því að almennt eigi foreldrar að vera sammála um að fara sameiginlega með forsjá þar sem þeir verða að geta unnið saman að málefnum barnsins. Þó sé hægt með dómi að ákveða sameiginlega forsjá gegn vilja annars að því gefnu að það teljist í samræmi við það sem er barninu fyrir bestu.

Dómstóll getur ákveðið búsetustað barns og umgengni og *Finnland er eina norræna landið* þar sem dómstóll getur gefið sérstök fyrirmæli um réttindi og skyldur foreldranna varðandi einstök málefni og ákveðið „verkaskiptingu“ milli forelda með sameiginlega forsjá.

Sem dæmi um hvernig dómstóll getur ákveðið „verkaskiptinguna“ má nefna úr framkvæmd:

Annað foreldrið má eitt taka ákvarðanir um búsetu, leikskólagöngu, skóla, vegabréf og trúfélag

Annað foreldri má eitt taka flestar ákvarðanir en foreldrar eiga saman að taka ákvarðanir um búsetu, leikskólagöngu, skóla, vegabréf og trúfélag

Annað foreldri annast eitt öll verkefni varðandi forsjána en hitt hefur rétt á að fá upplýsingar um barnið frá hinum ýmsu yfirvöldum

Sá sem barnið býr hjá má taka ákvörðun um allt annað en breytingu á nafni barns, sem báðir eiga að ákveða saman

Sá sem barnið býr hjá má ákveða búsetu barns en aðrar ákvarðanir á að taka sameiginlega

Að beiðni allsherjarnefndar hefur eftirfarandi upplýsinga verið aflað:

1. Fjöldi forsjármála, þar sem krafist er slita á sameiginlegri forsjá samkvæmt samningi.

Samkvæmt upplýsingum frá dómstólaráði eru mál ekki flokkuð eftir þessu atriði og því þarf að kanna sérhvert mál til að finna hvort krafist er slita á sameiginlegrar forsjár.

Í rannsókn Ingólfs V Gíslasonar, sem birtist í ritinu Rannsóknir í félagsvísindum V, kemur á hinn bóginn fram að á árunum 1995 til 2001 voru alls kveðnir upp 90 dómur í forsjármálum við héraðsdómstóla landsins. Rannsókn hans leiddi í ljós að í 31 tilfelli af þessum 90 hafði áður verið samið um sameiginlega forsjá (34%).

Fjöldi Hæstaréttardóma um forsjá, skv. upplýsingum úr Landshögum Hagstofu Íslands. (Ekki er um nánar sérgreiningu að ræða):

2000	2001	2002	2003	2004
3	8	4	7	6

2. Dagsektamál og innheimta dagsekta.

Á fundi allsherjarnefndar var spurt um dagsektamál og innheimtu dagsekta.

Samkvæmt upplýsingum frá sýslumanninum í Reykjavík hefur þróun dagsektamála verið eftirfarandi á embættinu (um er að ræða ný innkomin mál hvert ár):

2001	2002	2003	2004	2005
3	3	5	12	15

Dagsektamálum getur lokið með úrskurði þar sem annað hvort er fallist á dagsektakröfu eða henni hafnað. Uppkveðnir dagsektaúrskurðir á embætti sýslumannsins í Reykjavík árið 2003 voru 2, árið 2004 6 og það sem af er 2005 hafa 3 úrskurðir hafa verið kveðnir upp.

Beiðnir um fjárnám vegna úrskurðaðra dagsekta eru nánast óþekktar að sögn starfsmanna sýslumanns.

Hjá sýslumanninum í Kópavogi fengust þær upplýsingar að ein beiðni um álagningu dagsekta hefði borist á sl. 23 mánuðum. Á sama tíma bárust tvær beiðnir til sýslumannsins í Hafnarfirði.

3. Samantekt um sameiginlega forsjá.

Á fundi allsherjarnefndar var spurt um muninn á réttarstöðu foreldra sem fara sameiginlega með forsjá barns, þ.e. muninn á réttarstöðu foreldrisins, sem barn á lögheimili hjá, og þess foreldris, sem barn býr ekki hjá að jafnaði. Í frumvarpi dómsmálaráðherra eru hvorki lagðar til breytingar á inntaki sameiginlegrar forsjár né réttarstöðu foreldranna frá því sem nú er.

Þessi orð í greinargerð með barnalögum 20/1992, þegar sameiginleg forsjá var lögfest, eiga því að meginstefnu til enn við:

„Forsjá felur í sér [...] rétt og skyldu foreldris til umönnunar og uppeldis barns og til að gegna lögráðum vegna barnsins, ráða persónuhögum og tíðast fjármálefnum þess auk þess sem á fleiri foreldraskyldur, þar á meðal framfærsluskyldur, reynir.

[...]

Hvarvetna á Norðurlöndum nema hér á landi hefur verið lögfest heimild til að kveða á um eða semja um sameiginlega forsjá barna við skilnað og raunar sumpart ef ógiftir foreldrar eiga í hlut, þar á meðal ef þau eru ekki samvistum. Barnið dvelst þá jafnaðarlega aðallega hjá öðru foreldri, en hjá hinu á tilteknum tíma eða tímabilum. Lögráðin eru hins vegar í höndum beggja, þannig að þörf er á samþykki þeirra beggja og atbeina til allra meiri háttar ákvarðana er barnið varðar, um persónuhagi þess og fjármál.

[...]

Við gerð samnings um sameiginlega forsjá skv. 33. gr. frumvarpsins er foreldrum skylt að taka ákvörðun um hjá hvoru þeirra barn skuli eiga lögheimili og þar með að jafnaði hafa búsetu. Það foreldri sem barn á lögheimili hjá hefur réttarstöðu einstæðs foreldris til að taka við meðlagsgreiðslum með barni úr hendi hins foreldrisins eða Tryggingastofnunar ríkisins, mæðra- eða feðralaunum og barnabótum og öðrum greiðslum frá hinu opinbera ef því er að skipta. Foreldrar geta síðan samið sín á milli um skiptingu greiðslna þessara ef svo býður við að horfa, enda er samkomulag foreldra um öll atriði er varða forsjána forsenda sameiginlegrar forsjár. Það foreldri sem barn á lögheimili hjá hefur einnig réttarstöðu einstæðs foreldris samkvæmt skattalögum. Enn fremur nýtur það foreldri þeirra hlunninda sem ríki og sveitarfélag bjóða einstæðum foreldrum auk þess er að framan greinir. Dvelji barn um tíma hjá því foreldri sem það á ekki lögheimili hjá getur það þó notið þessara hlunninda um stundarsakir, t.d. réttinda til dagvistar barns.“

Á fundi með nefndinni var enn fremur spurt hvort ágreiningur væri algengur milli foreldra með sameiginlega forsjá.

Frá 1992, þegar sameiginleg forsjá var lögfest, og fram til 1. nóvember 2003, þ.e. gildistöku barnalaga, var stjórnvöldum óheimilt að úrskurða í umgengnis- og meðlagságreiningsmálum foreldra, sem fóru sameiginlega með forsjá barns. Grundvöllur sameiginlegrar forsjár taldist hruninn. Með gildistöku laga 76/2003 opnaðist möguleiki til að úrskurða í slíkum deilumálum.

Ágreiningsmál um umgengni eða meðlag, sem koma til kasta sýslumanna, eru ekki flokkuð eftir því hvort forsjá er sameiginleg eða ekki. Upplýsingar um hlutfall ágreiningsmála þar sem forsjá er í höndum beggja eru því ekki aðgengilegar. (Þessi þáttur er í skoðun innan ráðuneytisins, þ.e. hvort gera megi breytingar á tölvukerfunum, þannig að unnt verði að afla þessara upplýsinga á auðveldan hátt.)

Ráðuneytið kannaði hvernig hlutfallið er í þeim kærumálum sem hafa borist ráðuneytinu vegna meðlags- og umgengnismála. Í báðum málaflokkum er hlutfall foreldra með sameiginlega forsjá um 27%.

4. Tillaga að breytingu á ákvæðum 5. og 7. gr. frv.

Í 5. og 7. gr. frv. eru lagðar til breytingar á ættleiðingalögum þess efnis að ekki sé nauðsynlegt að leita umsagnar barnaverndarnefnda vegna beiðna um leyfi til ættleiðingar eða útgáfu forsamþykkis ef það er augljóslega óþarft. Markmiðið með breytingunum er að heimila

dómsmálaráðherra að synja útgáfu umbeðinna leyfa ef skilyrði fyrir útgáfu þeirra eru ekki uppfyllt og augljóst er að ættleiðing sé barni ekki fyrir bestu, eins og nánar fram kemur í skýringum í greinargerð með ákvæðunum. Breytingunum er ekki ætlað að ná til þeirra tilvika þegar t.d. ljóst þykir í upphafi máls að væntanlegir kjörforeldrar virðist sérlega hæfir til að taka að sér barn til ættleiðingar.

Til að forða misskilningi og til að skerpa á ákvæðunum gætu 5. og 7. gr. frv. hljóðað svo:

TILLAGA A

5. gr.

Við 16. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 1. mgr., svohljóðandi:

Leita skal umsagnar barnaverndarnefndar um umsókn um leyfi til að ættleiða barn nema augljóst sé að skilyrði fyrir útgáfu ættleiðingarleyfis séu ekki uppfyllt.

7. gr.

Við 31. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 1. mgr., svohljóðandi:

Leita skal umsagnar barnaverndarnefndar um umsókn um forsamþykki til að ættleiða erlent barn nema augljóst sé að skilyrði fyrir útgáfu forsamþykkis séu ekki uppfyllt.

TILLAGA B

5. gr.

Við 16. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 1. mgr., svohljóðandi:

Leita skal umsagnar barnaverndarnefndar um umsókn um leyfi til að ættleiða barn. Þess gerist þó ekki þörf ef augljóst er að skilyrði fyrir útgáfu ættleiðingarleyfis eru ekki uppfyllt.

7. gr.

Við 31. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 1. mgr., svohljóðandi:

Leita skal umsagnar barnaverndarnefndar um umsókn um forsamþykki til að ættleiða erlent barn. Þess gerist þó ekki þörf ef augljóst er að skilyrði fyrir útgáfu forsamþykkis eru ekki uppfyllt.



DÓMSTÓLARÁÐ

Alþingi
Erindi nr. P 132/342
komudagur. 1.12.2005

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 30. nóvember 2005

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á Barnalögum, 78. mál og frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði sifjaréttar, 279. mál.

Með bréfum dagsettum 17. og 18. nóvember s.l. voru Dómsstólaráði send framangreind frumvörp til umsagnar.

Ekki gafst tækifæri til að taka málin fyrir á fundi ráðsins, en ráðsmönnum hefur verið gerð grein fyrir erindunum. Ekki er talið tilefni til ályktana eða athugasemda af hálfu ráðsins að svo stöddu.

f.h. Dómsstólaráðs

Anna M. Karlsdóttir
framkvæmdastjóri

Samvistarslit foreldra

Ákvarðanir foreldra um framtíð barna við
skilnað og sambúðarslit: Rannsókn á opinberum
gögnum árin 2000, 2002 og 2004

Höfundar:

Edda Hannesdóttir, BA sálfræði, eddaha@hi.is
Elsa Inga Konráðsdóttir, félagsráðgjöf,
elsinga@isl.is

Markmið

Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi þáð
hvernig foreldrar semja í raun um þau mál sem
snúa að börnum þeirra við skilnað og sambúðarslit

Rannsóknin

Janúar 2005 – september 2005

• Málaskrár frá árunum:

- 2000
- 2002
- 2004

• Samvistarlit:

Skilnaður að borði og sæng (skabos) og sambúðarslit

Frankvæmd og úrvinnsla

Leyfi persónuverndar

Skabos: börn undir 18 ára aldri og sambúðarslit

1182 samvistarlitamál árin 2000, 2002 og 2004

- Skabos 520
- Sambúðarslit 662

Frámkvæmd og úrvinnsla frh

Fjöldi barna og foreldra 4205

- 1182 foreldrar
- 1841 barn

Kóðun

Atriðalisti

Tölfræðiforrit

Innihald gagna

Upphaf og endir samvista

Aldur foreldra

Aldur og kyn barna

Fjöldi barna við samvistarslit


Forsjár fyrirkomulag

Fögheimili og meðlag


Umgengni

Ráðgjöf

Meðallengd hjónabands og sambúðar



Fjöldi barna við skabos og sambúðarslit




Aldur barna við samvistar slit (Fjöldi)

2000 - 2004



Aldur barna eftir samvistarformi árið 2004 (Fjöldi)

Hjónaband - Sambo



Lögheimili og meðlag

Lögheimili barna með sameiginlega forsjá:


Móðir 93,4% 2000 Faðir 6,6% 2000
Móðir 90,8% 2004 Faðir 7,3% 2004

Meðlag:

Einfalt meðlag 87,8% 2000
Einfalt meðlag 88,0% 2004


Sameiginleg forsjá

2000 - 2004




Sameiginleg forsjá eftir Skabos og sambúðarslitum

Yngri 7. 2003 - 2004




Sameiginleg forsjá 2004 Landið v.s. Systumaður

Hagstofa Systumaður



Umgengni tekin fyrir við samvistarshit árið 2004



Umgengni frh

Önnur hver helgi

- Föstudagur – sunnudags 2000
- Fimmtudagur – manudags 2004

Samkomulag

- Jól
- Áramót
- Paska
- Sumarleyfi

Ráögjög

Ágreiningsmál 2004:

- 89,3% forsjá
- 7,1% löghemili
- 3,6% umgengnisml

Sættir náðust:

- 64,3% 2002
- 85,7% 2004

Foreldrar tóku sérstaklega fram

Nyr maki kemur inn
Aostoo vepna veikinda barna
Jaky, roni i garo livott annars
Erafall forsiatsaóla

Sýslumannsembættið í Reykjavík

Af skilnaðar og sambúðarslitamálum á Íslandi: *60% barnafjölskyldur*

- 48,9% hjá sýslumanninum í Reykjavík

Lögskilnaðir á Íslandi 552 árið 2004

- 48,4% hjá sýslumanninum í Reykjavík

Sambúðarslit á Íslandi 397 árið 2004

- 50,9% hjá sýslumanninum í Reykjavík

Til umhugsunar

Nú má ætla að stór hluti þjóðarinnar hafi upplifað samvistarlit annaðhvort sem foreldrar, börn eða aðrir aðstandendur.

Mikilvægt er að vel takist til við samvistarlit. Að standa vel að þeim málum með löggjöf og sérfræðiráðgjöf er barnaverndarmál og snertir fjölskyldustefnu hvers samfélags.

Tölur

Fjöldi afgreiddra erinda í ýmsum málaflokkum 1999 til 2004

	1999	2000	2001	2002	2003	2004
Þinglýst skjöl	57.481	52.487	50.803	54.000	62.197	71.644
Skráðir kaupmálar	157	157	137	175	175	139
Fjárnámsbeiðnir	15.452	16.720	22.472	23.290	28.294	21.600
Loknar gerðir	13.267	15.236	19.868	20.333	25.052	29.862
Nauðungarsölur:						
Seldar fasteignir	162	186	243	304	310	215
Seldar bifreiðar	514	669	807	885	707	516
Selt annað lausafé	84	54	32	84	52	12
Hjónavígslumál	167	179	173	230	274	272
Staðfestar samvistir	10	13	10	7	8	9
Útg. lögskilnaðarleyfi	244	300	277	282	279	267
Slit á staðf. samvist	2	7	4	6	2	5
Umgengnismál	128	133	155	144	164	210
Tilkynnt andlát	929	883	828	865	833	906
Útg. búsetuleyfi	205	233	232	268	213	239
Lok einkaskipta	460	460	529	438	415	421

Tölur

Fjöldi afgreiddra erinda í ýmsum málaflokkum 1999 til 2004

	1999	2000	2001	2002	2003	2004
Þinglýst skjöl	57.481	52.487	50.803	54.000	62.197	71.644
Skráðir kaupmálar	157	157	137	175	175	139
Fjárnámsbeiðnir	15.452	16.720	22.472	23.290	28.294	21.600
Loknar gerðir	13.267	15.236	19.868	20.333	25.052	29.862

*85 mál 2002-3
 Aðilar í umgengnismálum 44.7% seldu*

Alþingi
Erindi nr. P 132/642
komudagur 16.1.2006

Til Allsherjarnefndar Alþingis
Frá Félagi Ábyrgra Feðra

5. janúar 2006.

Greinargerð:

Vegna breytinga á ýmsum lögum á sviði sifjaréttar. 132. löggjafarþingi. Vegna þskj.294-279 mál, vegna breytinga á lögum 76/2003

Varðandi fyrirspurnir um þetta erindi vísast til stjórnarmanna Félags ábyrgra Feðra.

Gísli Gíslason formaður (s:8933290)
Stefán Guðmundsson varaformaður (8982514)
Lúðvík Börkur Jónsson, gjaldkeri (6643308)
Óskar F. Jónsson, ritari (8640177)

Samantekt.

Félaga ábyrgra feðra hefur unnið ótullega að ná fram bættum réttindum barna og foreldra, sérstaklega þegar foreldrar búa ekki saman. Forsjárnend hefur skilað inn góðum tillögum að breytingum í tvígang – nú síðast í mars 2005. Þær tillögur eru samhljómur við tillögur FÁF

Félag ábyrgra feðra telur að umrætt breytingafrumvarp dómsmálaráðherra (þskj 294-279 mál) sé á margan hátt skref í rétta átt en hefði mátt taka á fleiri þáttum barnalaga og ganga lengra. FÁF vonar að þingmenn allherjarnefndar fjalli og taki fleiri þætti til meðferðar og taka undir fleiri tillögur FÁF og Forsjárnefndar.

Megin þema í boðskap Félags Ábyrgra Feðra er að barn á ávallt rétt á tveim jafn réttháum foreldrum sem skipta miklu máli í lífi barns. Viðurkennt sé að barn eigi heimili á tveimur stöðum þegar foreldrar búa ekki saman. Þetta verði meginþema í barnarétti á Íslandi, enda barni fyrir bestu og í anda réttarþróunar erlendis.

FRUMVARP TIL LAGA: um breytingar á nokkrum lögum á sviði sifjaréttar

A) Breytingar á barnalögum nr. 27/2003 með síðari breytingar (bskj 294-279mál).

Félag Ábyrgra Feðra styður þær breytingar sem lagt er til vegna 31 gr, 48 gr, og 54 gr laga, sbr þskj 294-279 mál.

Vegna 1 mgr 68 gr í þskj 294-279. Þar er lagt til að ef meðlagsúrskurður er felldur hér á landi og forsjáraðili búi erlendis þá haldi hann en hægt sé að breyta honum ef greiðslugeta föðurs minki. Félag Ábyrgra Feðra telur að þennan lið þurfi að endurskoða frá grunni m.t.t. réttinda barns og samvista við forsjárlausa foreldrið þegar forsjárforeldri flytur úr landi. Félagið telur eðlilegt að við brottflutning þá sé hægt að semja um að meðlag renni að hluta eða öllu leyti til að kosta heimferð barns til samvista við forsjárlausa foreldrið. Félagið er því andsnúið þessum lið eins og lagt er fram í þskj 294

B) Aðrar breytingar á barnalögum nr/2003, sem Félag Ábyrgra Feðra telur nauðsynlegt að gera.

i) Félag ábyrgra feðra finnst vanta í 29 gr barnalaga: “við fæðingu barns fara báðir foreldrar sjálfkrafa með forsjá barns” Nýfætt barn á sama rétt og skilanaðarbarn að njóta forsjár beggja foreldra, nema það sé andstætt hagsmunum barns.

ii) Það vantar sárlega skýr lagaákvæði að dæma megi foreldra í sameiginlega forsjá, enda séu báðir foreldrar hæfir og búa í sama hverfi og það sé sýnt að erfitt er að meta hvort foreldra sé hæfara.

iii) Það vantar endurskoðun á 30. gr. barnalaga er fjallar um forsjá við andlát forsjárforeldris. Félag ábyrgra feðra mótmælir þeim sjónarmiðum að sambúðarforeldri sem búið hefur með forsjárforeldri í eitt ár eða lengur fái frekar forsjá en blóðforeldri. Einnig harmar félagið að forsjáraðili geti gert einskonar forsjár erfðaskrá. Félag Ábyrgra Feðra telur eðlilegt að eftirlifandi blóðforeldri fái forsjá barna við andlát forsjárforeldris, nema það sé andstætt hagsmunum barna.

iv) Í VII kafla barnalaga er fjallað um umgengnisrétt. Félag ábyrgra feðra telur að 2 málslíður 2 málgr í 46 grein eigi að hljóða svo: “Kostnaður vegna umgengni er sameiginlegur, enda hluti af framfærslukostnaði barns” Í dag er kostnaður vegna umgengni alfarið forsjárlausa foreldrisins, nema í sérstökum tilfellum. Er þetta einn af fáum framfærslukostnuðum vegna barns sem er ekki sameiginlegur.

v) Í 47 gr er fjallað um úrskurð um umgengni. Félag ábyrgra feðra harmar þau vinnubrögð sem eru bæði hjá framkvæmdavaldi og dómsvaldi, en þar falla úrskurðir/dómar á þá veru að barn eigi ALDREI til 18 ára aldurs að vera hjá föður(for sjárlausa foreldrinu) á aðfangadegi jóla. Hér þarf að endurskoða lög og verklagsreglu til samræmis við almenn viðhorf nútímans og t.d. verklag í nágrannalöndum eins og í Noregi (sbr. <http://www.abyrgrifedur.is/AT.asp?action=ViewItem&atID=337>)

vi) Í 52 gr barnalaga er fjallað um að upplýsingarrétt sem forsjárlausa foreldrið á að hafa. Því miður rataði það í greinargerð með barnalögum að upplýsingar skv þessu séu einungis munnlegar. Félag ábyrgra feðra telur eðlilegt að foreldri með framfærsluskyldu hafi sama rétt og forsjárforeldrið til upplýsinga um barnið frá stofnunum.

vii) Í barnalögum er skýrt að forsjárlausa foreldrið hefur sömu framfærsluskyldu og forsjáforeldrið. Einstætt foreldri hefur ýmisleg opinber fríðindi, s.s. barnabætur, meiri húsaleigubætur og skattleggst sem einstætt foreldri. Forsjárlausa foreldrið skattleggst hinsvegar sem barnlaus einstaklingur, sé viðkomandi ekki í sambúð. Báðir foreldrar hafa sömu framfærsluskyldu en hafa mjög ólíka skattalega stöðu, sem ætti að vera sú sama

viii) Í IX kafla barnalaga er fjallað um framfærslu barns. Félag Ábyrgra Feðra telur þörf á að endurskoða þann kafla frá grunni, og m.a. verði upphæð meðlags miðuð við umfang samvista. Við jafna umönnun falli niður meðlagsgreiðslur, enda framfæra þá báðir foreldrar barnið með beinum hætti.

ix) Félag ábyrgra feðra telur að í 10 gr barnalögum (76/2003) eigi að fella út seinnihluta 1.málsgr ... “enda hafi barn ekki verið feðrað” Feður eiga að hafa óskoraðan rétt til að fara í faðernismál telji þeir sig föður barns.

GREINARGERÐ:

Forsjá og valdheimild dómara

Í ræðu dómismálaráðherra til kynningar á breytingum barnalaga frá 17. fundi 132. löggjafarþings, þann 8. nóv. 2005 segir orðrétt m.a: “Með frumvarpinu er lagt til að sameiginleg forsjá verði meginregla eftir samvistarslit foreldra, þ.e. foreldrar fari sjálfkrafa áfram með sameiginlega forsjá barns eftir samvistarslit nema annað sé ákveðið”. Þetta er nauðsynlegt skref sem ber að samþykkja. Þetta eru skýr skilaboð til foreldra um að þau hafi áfram mikilvægu foreldrahlutverki að gegna fyrir og eftir skilnað / sambúðarslit. Ágreiningsmálum um forsjá mun fækka.

Í sömu ræðu segir orðrétt: “Jafnframt geti dómstóll að kröfu foreldris ákveðið að forsjáin verði í höndum annars hvors þeirra. Þannig er gengið út frá því að foreldri, sem ekki vill að forsjá verði áfram sameiginleg, geti komið í veg fyrir að svo verði, eins og gildandi réttur segir til um.....Þær raddir hafa heyrst að rétt sé að fela dómstólum að dæma sameiginlega forsjá gegn vilja foreldris og forsjárnefnd telur þann kost vænlegan. Ég (BB) geri hinsvegar ekki tillögur um breytingar í þá átt. Þar sem samvinna foreldra er lykilatriði, þegar sameiginleg forsjá er annars vegar, gefur augaleið að mikilvægt er að samkomulag ríki um þá skipan. Margvíslegar ástæður geta verið fyrir því að annað foreldri leggst sameiginlegri forsjá. Án þess að tíunda það hér í löngu máli má nefna atriði eins og alvarlega sjúkdóma, og það að ofbeldi hafi einkennt sambúið foreldra. Í slíkum tilvikum kæmi sameiginleg forsjá barns gegn vilja annars foreldris tæplega til greina. Ég (BB) tel ekki rétt að dómara sé heimilað að taka fram fyrir hendur foreldra og dæma þau til sameiginlegrar forsjár.”

Félag ábyrgra feðra telur að heimila eigi dómurum; skilyrðislaust, að dæma fólk í sameiginlega forsjá – sé það barni fyrir bestu. En slík ráðstöfun er óheimil í dag, nema þegar um bráðabirgðaforsjá er að ræða sbr 2 msgr 35 gr barnalaga, en þar getur dómari neitað að svipta annað foreldri forsjá á meðan forsjármáli stendur. Þennan rétt þarf dómariennig að hafa í hefðbundnu forsjármáli.

Komið hefur fram í máli dómara; t.a.m. í maí síðastliðnum á málþingi sem ráðherra dómsmála efndi til vegna kynningar á lokaskýrslu forsjárnefndar – að dómara væru settir í afleita stöðu í forsjármálum. Þá stöðu að standa frammi fyrir jafnhæfum foreldrum og þurfa beinlínis að varpa hlutkesti um hvoru foreldrinu væri dæmd forsjá. Sú staða væri afleit þegar ljóst væri að það kæmi barni best að lúta forsjá beggja foreldra og jafnri ummönun þeirra. En að óbreyttum lögum er dómara óheimilt að dæma foreldra til sameiginlegrar forsjár – jafnvel þó það sé það barni fyrir bestu. Meginþema barnalaga er að framkvæma ávallt það sem barni fyrir bestu og hér er það ekki mögulegt.

Ráðherra telur það lykilatriði fyrir sameiginlegri forsjá að foreldrar geti unnið saman að högum barns – en virðist illa gera sér grein fyrir þeirri staðreynd að ósamkomulag foreldra í yfirgnæfandi tilfella skapast vegna þess að annað foreldrið getur í dag neitað hinu foreldrinu um forsjá og fengið það staðfest fyrir dómi – sé það þess vilji. Reynsla erlendis frá er einnig að deilur foreldra í skilnaði hjaðna hraðar þegar báðir fara taplitlir úr skilnaði. Við slíkar aðstæður verða foreldrar að gera nákvæma samninga sem lítur að sem flestum atriðum. Fyrirmyndir af slíkum samningum eru til. Reynsla af að dæma í sameiginlega forsjá er einnig til og vert að skoða. Þá stangast illilega á rök ráðherra fyrir þeim hugmyndum sínum um að ekki sé rétt að heimila dómara að taka fram fyrir hendur foreldra og dæma þau til sameiginlegrar forsjár – gegn vilja annars foreldrisins. M.ö.o. annað foreldrið getur neitað hinu foreldrinu um forsjá, án haldbærra ástæðna og dómari er settur í þá afleitu stöðu að verða að svipta hæft foreldri forsjá og ástæðan oftast tímabundið ósamkomulag foreldra.

Fyrir áratugum var sameiginlega forsjá ekki til, hún er að verða norm í dag. Fyrir aðeins nokkrum árum var ekki hægt að dæma fólk í sameiginlega forsjá. Það er hægt í dag og mun verða hægt í fleiri löndum innan skamms. Spurningin er hvort Ísland vilji vera í farabroddi í þessum málum eða reköld í straumi annarra framsækinnna þjóða.

Ráðherra virðist vera þeirrar skoðunar að dómara verði áfram heimilt að svipta annað foreldri forsjá barna sinna – þvert á vilja þess og hagsmuni barns. Slíka ráðstöfun telur FÁF vera alvarlega og geti talist mannréttindabrot, stríði gegn jafnræðisreglu stjórnarskrár; barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem og mannréttindasáttmála Evrópu.

Umhugsunarvert er hvort ráðherra dómsmála treysti dómurum landsins samkv. núgildandi lögum til að svipta börn forsjá annars foreldris síns og er þá oft vart sjónarmunur á milli foreldra – en ráðherra treystir þeim ekki til að dæma það sem á að vera barni fyrir bestu hverju sinni – sameiginlega forsjá og jafna ummönun. Þess ber að geta að í Frakklandi, Bretlandi og Svíþjóð er hægt að dæma í sameiginlega forsjá. Á vef FÁF má einnig sjá rök fyrir slíku (<http://www.abyrgrifedur.is/AT.asp?action=ViewItem&atID=314>)

Það má einnig benda á að börn sem alast upp við jafna umönnun spjara sig betur en önnur skilnaðarbörn. Um það má lesa á (<http://www.abyrgrifedur.is/AT.asp?action=ViewItem&atID=252&keyword=foreldrajafnrétti>). Þess má einnig geta að jöfn skipt búseta er hjá um 20% af skilnaðarbörnum í Svíþjóð í dag og hefur 10 faldast á 10 árum.

Félag ábyrgra feðra telur núverandi ástand fyrir dómstólum óásættanlegt. Félagið hvetur löggjafann til að breyta á þann veg að dómurum verði heimilt að dæma þá bestu niðurstöðu sem þeir komast að í hverju máli fyrir sig. Að óbreyttu bindur löggjafinn hendur dómara á einn veg – þvert á hagsmuni barna, sem verða þannig svipt forsjá annars foreldris, fyrir dómi.

Rök ráðherra fyrir ráðstöfunum fyrir dómstólum bera keim af gamaldags viðhorfum löglærðra embættismanna hans. Ráðherra stígur þó þetta breytingaskref af áráðni og hvetur í ræðu sinni hv. allsherjarnefnd til að kynna sér rök með og á móti sameiginlegri forsjá m.t.t. nágrannalandanna; ásamt því að ræða hlutverk og umboð dómara. M.ö.o. heldur hann því galopnu að róttækar breytingar verði gerðar á hlutverki dómara líkt og tillögur forsjarnefndar og FÁF gera ráð fyrir.

Forsjá við andlát forsjarforeldris

Í 30. gr. barnalaga er fjallað um forsjá við andlát forsjarforeldris. Þar segir orðrétt í 2.mgr.: “Nú hefur annað foreldrið farið með forsjá barns og fer þá stjúpforeldri eða sambúðarforeldri, sem einnig hefur farið með forsjána, sbr. 3.mgr. 29. gr. áfram með forsjá eftir andlát forsjarforeldris.”

Þetta þýðir einfaldlega ef foreldrar skilja – móðirin fær í flestum tilfellum forsjá barnanna. Eftir að hafa verið skráð í sambúð með nýjum maka í a.m.k. 1 ár, þá fara þau sameiginlega með forsjá barna hennar. Ef móðirin fellur skyndilega frá að einu ári liðnu eða fleirum – þá fær nýi makinn sjálfkrafa forsjá barnanna; en EKKI faðir þeirra / blóðfaðir.

Þetta telur FÁF vera óásættanlega skipan og henni ber að breyta hið snarasta í þá átt að blóðforeldri fái sjálfkrafa forsjá barna sinna í stað stjúpforeldris nema það sé talið andstætt högum barnanna. Eðlilegast er meginregla sé að blóðforeldri fái forsjá barna sinna eftir andlát forsjarforeldris, nema það sé andstætt hag barns.

Í 6. mgr. sömu greinar; 30.gr. barnalaga er að finna “nýmæli”: “Lagt er til að forsjarforeldri geti ákveðið hver eða hverjir skuli að þeim látnum fara með forsjá barns þeirra. Ber að fara eftir slíkri ákvörðun foreldra, nema því aðeins að annað þyki barni fyrir bestu eða ákvörðunin sé andstæð lögum.”

Félag ábyrgra feðra fordæmir slík “nýmæli” og ítrekar enn sína skoðun á að meginregla eigi að vera sú að við andlát forsjarforeldris eigi forsjarlaust blóðforeldri að fara með forsjá barna sinna.

Það er mikil skammsýni í slíkum lagagreinum að jafnvel eftir harðvítugar deilur foreldra um forsjá barna sinna; þá geti forsjarforeldri í hefnigirni sinni útbúið einskónar erfðarskrá um hver fái forsjá barna þess að því látnu. Er í fullum rétti miðað við núverandi lagagrein um að úthýsa blóðforeldri frá forsjá barna sinna að því gengnu.

Umgengni / ummönnun og þvingunarúrræði

Í 47. gr. barnalaga kveður á um úrskurð sýslumanns um umgengni. Þar segir m.a. í inngangsorðum: “Ákvörðun skal ávallt tekin eftir því sem er barni fyrir bestu”. Í 7. lið sömu greinar barnalaga segir orðrétt: “Um aðfangadagskvöld hefur mótast sú verklagsregla að ákvarða yfirleitt að barn skuli dveljast hjá því foreldri sem það hefur fasta búsetu hjá á aðfangadagskvöld. Rökin fyrir þeim reglum eru þau að það komi barni að jafnaði best að dvelja þá á heimili sínu, enda hafi barnið yfirleitt tekið mestan þátt í undirbúningi hátíðarhaldanna þar.”

Framkvæmdavaldið virðist hafa sett sér verklagsreglur sem samrýmast á engan hátt því sem er talið barni fyrir bestu hverju sinni og þeim ber að breyta. Slíkar verklagsreglur virðast vera búnar til af slíku kappi að nauðsynlegt þykir að nefna þær sérstaklega í umræddum 7. lið fertugustu og sjöundu greinar barnalaganna. Breyta á þann hátt að þær fái sín ekki notið sem viðmið. Setja þarf lög sem meginreglu um að barn dvelji til skiptis hjá foreldrum sínum á aðfangadegi jóla sem og öðrum hátíðisdögum. Jafnframt þarf að hnýta inn breytingar á þessu frumvarpi sem miða að því að gera jafna umönnun / umgengni foreldra við börn sín að meginreglu – fremur en undantekningu; óháð lögheimilisskipan. Einnig þarf að viðurkenna og geta fengið það skráð að barn geti átt heimili hjá báðum foreldrum.

Það er hverju barni nauðsyn að alast upp sem jafnast fyrir og eftir skilnað hjá báðum foreldrum. Slíkir hagsmunir barna eru óumdeildir og viðurkenndir þegar sambúð á sér stað – en einhverra hluta vegna virðast þeir hagsmunir ennþá gerbreystast þegar til skilnaðar kemur og inngripa opinberrar stjórnýslu.

Börn eiga tvö heimili eftir skilnað – annað hjá föður og hitt hjá móður og er foreldrum uppálagt að búa börnum sínum góðar aðstæður á hvorum stað fyrir sig. Þrátt fyrir það er í sífellu talað um sbr. í rökum 7. liðar fyrir aðfangadagsverklagsreglunni að “það komi barni að jafnaði best að dvelja á heimili sínu, enda hafi barnið yfirleitt tekið mestan þátt í undirbúningi hátíðarhaldanna þar.....” M.ö.o. er talið að barn eigi eitt heimili en komi í heimsókn á annað heimili, þ.e. heimli föður. Þetta eru úrelt sjónarmið, en lífsseig og lifa góðu lífi m.a. í stjórnýslunni hér á landi.

Þessi verklagsregla er í mótsögn við hið aukna hlutverk sem feður hafa orðið í lífi barna, einnig eftir skilnað. Hún er heldur ekki í samræmi við það sem er í nágrannalöndunum, m.a. í Noregi er sú regla að börn eru önnur hver jól hjá föður og hin hjá móður. Þau jól sem börn eru hjá móður, þá eru þau hjá föður um áramótin og öfugt sjá (<http://www.abyrgirfedur.is/AT.asp?action=ViewItem&atID=337>)

Í 48. gr. barnalaga er kveðið á um dagsektir til að koma á umgengni. Ráðherra dómsmála leggur til að reglur um þvingunarúrræði verði rýmkaðar á þann hátt að tálmun umgengni fái ekki viðgengist í jafn ríkum mæli og verið hefur. Þ.e. að úrskurðir taki samstundis gildi, áfrýjun fresti eigi réttaráhrifum þeirra nema í undantekningartilfellum og dagsektarákvæði fái sín fyrri notið í ferlinu.

Félag ábyrgra fedra telur þessar breytingartillögur af hinu góða en myndi vilja ganga skrefinu lengra í samhljómi við tillögur forsjárnefndar með möguleikum á frystingu meðlagsgreiðslna, barnabóta os.frv.

Gríðarlega mikið er um umgengnistálmanir í forsjármálum og fjölmörg dæmi þess að feður hafi ekki hitt börn sín, vikum, mánuðum og árum saman. Það eru fleiri hundruð mál á ári hjá sýslumönnum þar sem feður eru að leita hjálpar við að njóta samvista við börn sín. Þau úrræði sem hafa átt að vera tiltæk í formi dagsekta virka ekki og hafa ekki virkað. Engin úrræði eru til fyrir forsjarlaust foreldri til að knýja fram umgengni ef móðir staðfastlega neitar. Það verður að viðurkennast að tilhæfulaus umgengnistálmun er grimmilegt ofbeldi gagnvart barni og föður og ber að meðhöndlast eins og hvert annað ofbeldismál. Oft eru börnin notuð sem skiptimynt eða vopn í deilum foreldra. Tálmi hins vegar forsjarlaust foreldri umgengni og neitar að skila börnum til forsjarforeldris – þá getur það foreldri umsvifalaust fengið svokallaða innsetningu og lögregluaðstoð við að sækja sín börn með fulltingi dómstóla. Hér er kynbundinn munur á viðbragðsflýti hins opinbera sláandi.

Réttur foreldra til upplýsinga um barn

Í 52. gr. barnalaga er fjallað um rétt foreldra til upplýsinga um barn sitt. Orðrétt segir: "Það foreldri sem ekki hefur forsjá barns á rétt á að fá frá hinu upplýsingar um hagi þess, þar á meðal varðandi heilsufar þess, þroska, dvöl á leikskóla, skólagöngu, áhugamál og félagsleg tengls. Það foreldri sem ekki hefur forsjá barns á rétt á að fá upplýsingar um barnið frá leikskólum, skólum, sjúkrahúsum, heilsugæslum og félagsmálastofnunum, félagsmálanefndum, barnaverndarnefndum og lögreglu. Réttur samkvæmt þessari málsgrein felur ekki í sér heimild til að fá upplýsingar um hagi forsjáforeldris."

Staðreyndin er sú að forsjárlaust foreldri hefur aðeins heimild samkv. greinargerð / viðauka með þessum barnalögum til að fá MUNNLEGAR upplýsingar um barn sitt. Það er með öðrum orðum ekki talið varða hagsmuni harnsins að báðir foreldrar sitji að sömu upplýsingum um barn sitt td. vegna árangurs í skóla os.frv. Slík ráðstöfun er með öllu óásættanleg og samrýmist engan veginn sameiginlegri ábyrgð foreldra á uppeldishlutverki sínu til að hafa hag barns sem mestan og vera virkur þátttakandi í lífi þess og uppvexti. Meginreglan verði sú að báðir foreldrar sitji að sömu upplýsingum um börn sín frá opinberum stofnunum, enda hafa báðir foreldrar sömu framfærsluskyldu.

Varla á að þurfa að færa rök fyrir því hversu mikilvægt það er að báðir foreldrar sitji við sama borð þegar kemur að upplýsingum um börn þeirra frá opinberum stofnunum. Nægir þar að nefna skólagöngu, heilsufarsupplýsingar ofl. Sem varða beina hagsmuni barns og mikilvægi þess að báðir foreldrar séu meðvitaðir um gang mála. En slíkar upplýsingar liggi ekki hjá öðrum aðilanum og undir honum komið hverju hann miðlar eða hvort.

Varðandi flutning á barni úr landi. (1 mgr 68 gr í þskj 294-279.)

Forsjáraðili (mæður) geta auðveldlega flutt með barn/börn úr landi, sérstaklega ef forsjá er ekki sameiginleg. Ákvörðun móður um að fara með barn úr landi hafa eftirfarandi afleiðingar fyrir föður og barn:

- a) samvistir barns við föður verða strjálar og stundum rofnar þetta samband
- b) faðir hefur áfram framfærsluskyldu sem miðast við íslenskar aðstæður, jafnvel þó móðir búi í "óðýrari" landi eða land þar sem meðlög eru lægri.
- c) Flutningur úr landi eykur kostnað við samvistir verulega en kostnaður vegna samvista er að mestu forsjárlausa aðilans sbr 2 mgr 46 gr barnalaga
- d) Á Íslandi eru heimsins hæstu lágmarksmeðlög og staða meðlagsgreiðenda víða bágborin.
- e) Flutningur úr landi er því oftast ákvörðun móðir, sem getur leitt til mikils útgjaldauka fyrir föður til að viðhalda sínu fjölskyldusambandi við barnið, ásamt því að aukar stórkostlega hættuna fyrir tengslarof barns og föður.

Við flutning barns úr landi er mikilvægast að tryggja að barn og faðir geti áfram notið ríkra samvista. Félag ábyrggra feðra telur eðlilegt að hægt sé að semja svo um að meðlagsgreiðslur séu að hluta eða alfarið nýttar til að tryggja rétt barnsins til heimferðar. Ferðakostnaður ætti að skilgreinast sem hluti af framfærslu og vera sameiginlegur. Það er óeðlilegt að móðir geti flutt barn úr landi, fengið sama fjárstreymi frá föður til sín, og það leiðir jafnvel til að ekki er ráðrúm á að tryggja samvistir barns við föður.

Feðrunarreglur (10 gr barnalaga).

Ef gift kona verður ófrísk og hún kennir manni sínum barnið þrátt fyrir að allar líkur séu á að hann sé ekki réttur faðir, þá á réttur faðir ekki lagalegan rétt á að sækja um faðernisviðurkenningu sbr 10 gr barnalaga, vegna þess að móðir hefur feðrað barnið. Hér er réttur barns til rétrar faðerisviðurkenningar skertur og stenst ekki alþjóðlega sáttmála sem Ísland er aðili að sbr Barnasáttmála Sameinuðþjóðanna.

Skattalega staða forsjárlausra.

Forsjárlausir hafa sömu framfærsluskyldu gagnvart barni en mjög ólíka skattalega stöðu, m.t.t. skatta, barnabóta, húsaleigbóta ofl Þetta er viðfangsefni sem stjórnvöld þurfa að skoða og jafna stöðu þessar tveggja hópa. Þetta gæti hjálpað mörgum forsjárlausum manningum til að ná sérá strik, en það er engu samfélagi hollt að hafa kerfi eins og meðlagskerfið er hér sem steypir 53 % af skjólstæðingum í vanskil.

Meðlag og kostnaður

Í IX kafla barnalaga er fjallað um framfærslu barns. Það er ýmislegt sem benda má á um meðlagskafla þennan.

- a) meðlag var ákveðið í núverandi mynd árið 1992 og verið uppfært síðan m.v. visitölu neysluverðs.
- b) Síðan þá hafa samvistir feðra við börn aukist mikið
- c) Meðlagsfyrirkomulag tekur ekki tillit til samvista, ólíkt flest öllum okkar nágrannalöndum. Nýlega var maður dæmdur í aukið meðlag með dóttur sinni, en hún býr hjá honum 12 daga í mánuði og móðir hafði um 25% hærri ráðstöfunartekjur. Þetta er skólabókardæmi um hversu úrelt fyrirkomulag meðlagsgreiðslna er.
- d) Hvergi í heiminum eru lágmarksmeðlög jafn há og hér á landi og munar tugum prósentu hér og á Norðurlöndum.
- e) Kostnaður vegna samvista er alfarið þess foreldris sem barnið hefur ekki lögheimili hjá. Kostnaður við að sækja og skila barni á að skiptast að jöfnu milli foreldra eins og annar framfærslukostnaður
- f) Það eru 12000 meðlagsgreiðendur á Íslandi, 97% karlar. Hvergi er kynbundinn munur meiri.
- g) Af 12000 meðlagsgreiðendum eru 53 % í vanskilum, eða 6000 manns, um 4000 manns eru í alvarlegum vanskilum. Aðfarabeidnir eru á annað þúsund manns og gjaldþrota nokkur hundruð manns. Feður í fjárhagskröggum verða ekki stolt fyrirmynd barna sinna..

Það þarf að endurskoða meðlagskafla barnalaga frá grunni eins og annað í barnalögum.

Markmiðið er að jafna stöðu foreldra, enda eru það bestu hagsmunir barns. Má bend á að í Noregi er nýtt fyrirkomulag meðlags og þeir hyggjast endurskoða það líka sjá

<http://www.abyrgirfedur.is/AT.asp?action=ViewItem&atID=360>

NIDURLAG.

Félag ábyrgra feðra telur nauðsynlegt að barnalög verði endurskoðuð í heild sinni. Þetta er málaflokkur í hröðum breytingum. Skipuð verði ný sífjalaganefnd, samsett af fagfólki með nútímaleg sjónarmið. Meginþema nýrra barnalaga verði að barn á ávallt rétt á sem jafnastri umönnum beggja foreldra óháð hjúpskaparstöðu foreldranna. Þannig verði ekki bara

sameiginleg forsjá meginregla, heldur sameiginleg forsjá og JÖFN UMÖNNUN.

Jafnréttisráðherra Noregs er að leggja slíkt til og ráðgerir að slíkt verði lögfest 2007. Í dag búa í Noregi 8% af skilnaðarbörnum hjá báðum foreldrum, sambærileg tala í Svíþjóð er 20%. Á Íslandi er ekki hægt að skrá börn til heimilis á tveimur stöðum og viðurkenna þá staðreynd að barn býr á tveimur stöðum þegar foreldrar búa ekki saman. Í Svíþjóð eru til rannsóknir sem ná til meira ein tveggja áratuga og sýna að börn sem njóta jafnrar umönnunar beggja foreldra spjara sig betur en önnur skilnaðarbörn. Jöfn umönnun er því að verða algengari og algengari, sjá <http://www.abyrgrifedur.is/AT.asp?action=ViewItem&atID=259> í Svíþjóð og <http://www.abyrgrifedur.is/AT.asp?action=ViewItem&atID=259> í Noregi.

Gagnger endurskoðun barnalaga er þörf og endurnýjun á fólki í Sifjalaganefnd nauðsyn. Það er bjargföst trú okkar í Félagi ábyrgra feðra að löggjafinn og stjórnslan verður að taka til í eigin ranni. Það er forsenda fyrir bættum hag barnanna okkar.

SAMEIGINLEG FORSJÁ OG JÖFN UMÖNNUN= FORELDRAJAFNRÉTTI ERU BESTU HAGSMUNIR BARNANNA OKKAR.

FORELDRAJAFNRÉTTI MUN LEIÐA TIL LAUNAJAFNRÉTTIS.

Fyrir hönd Félags ábyrgra feðra

Stjórn FÁF
Gísli Gíslason – form
S.G. – varaform
LBJ – gjaldkeri
OFJ – ritari
JGH – meðstj.
RG – meðstj.
S.F.M.- meðstj.

HH – meðstj.

Ágæta Allsherjarnefnd.

Mér skilst að það verði fjallað um sifjalagafrumvarpið hjá ykkur í dag. Og mér skilst að metnaðarleysið sé mikið, m.a. ætli löggjafinn að halda áfram að binda hendur dómara, með því að meina þeim að dæma í sameiginlega forsjá, jafnvel þó þeir telji það barni fyrir bestu.

Ábyrgir feður eru nú að gefa út rit um þessi mál, sem væntanlega næst ekki fyrir umfjöllun í þinginu. Það er miður en við í stjórn félagsins erum allir vinnandi menn og félagið hefur engann starfsmann ennþá.

Ég vil leyfa mér að senda tvær greinar sem fara í blaðið.

Í **Svíþjóð** var fyrst árið 1997 dæmt í sameiginlega forsjá. Báðir foreldrar voru hæfir, barnið var háð báðum foreldrum en báðir vildu forsjá. Dómurinn taldi það barni fyrir bestu að báðir foreldrar færu áfram með sameiginlega forsjá. Upp úr þessu fóru Svíar að dæma foreldra í sameiginlega forsjá. Mál kom upp þar sem dæmt var í sameiginlega forsjá en ofbeldi var á milli foreldranna (rättsfallet NJA 1999). Í framhaldi komu upp efasemdir um hvort rétt væri að dæma í sameiginlega forsjá gegn vilja annars foreldris. Nú í janúar 2006 voru gefin út ný lög í Svíþjóð, sem má skoða á <http://regeringen.se/content/1/c6/05/69/93/5cee6fc2.pdf> Þar segir skýrt að það sem er barni fyrir bestu eigi að vera ráðandi þegar ákveða eigi forsjá, búsetu og umgengni. Dómstólar geta áfram líkt og í dag leyst upp sameiginlega forsjá en einnig ákveðið sameiginlega forsjá gegn vilja annars foreldris, að gefinni þeirri forsendu að það sé barni fyrir bestu sbr. 8. kafli.

*“**Regeringens förslag:** Domstolen skall vid bedömningen av om vårdnaden skall vara gemensam fästa avseende särskilt vid föräldrarnas förmåga att samarbeta i frågor som rör barnet. **Regeringens bedömning:** Domstolen bör – liksom i dag – kunna vägra att upplösa den gemensamma vårdnaden eller besluta om sådan vårdnad mot en förälders vilja, förutsatt att gemensam vårdnad är bäst för barnet. Möjligheten att vid gemensam vårdnad döma till s.k. växelvist boende mot en förälders vilja bör finnas kvar.*

Nuvarande bestämmelse om att domstolen skall fästa avseende särskilt vid barnets behov

av en nära och god kontakt med båda föräldrarna behålls oförändrad. “

“Rättsfallet NJA 1999” eru ekk rök fyrir því að hætta að dæma í sameiginlega forsjá, heldur verður ríkari rannsóknaskylda sem á að tryggja að dómari dæmi í samræmi við það sem er barni fyrir bestu. Einnig leggur það ríkari skyldur á dóminn að hlusta vel á báða foreldra.

Komist dómari að því að sameiginleg forsjá sé barni fyrir bestu, þá ber honum að dæma það, jafnvel þó annað foreldrið sé ekki fyllilega sammála. Í **Frakklandi** má dæma í sameiginlega forsjá og jafna búsetu með lögum frá 2002 en heimild um að dæma í sameiginlega forsjá hefur verið frá 1987. Svipuð lagaheimild er í **Ástralíu**. Í **Bretlandi** hefur dómari fulla heimild til að dæma það sem hann telur barni fyrir bestu, þ.m.t að dæma í sameiginlega forsjá. Í **Hollandi** og **Kanada** má dæma í sameiginlega forsjá en ekki jafna búsetu. Í **Belgíu** kemur til atkvæða greiðslu nú í apríl að gera sameiginlega forsjá og jafna umönnun að meginreglu þar í landi. Þannig virðast mörg lönd heimila að dæma í sameiginlega forsjá. Við Íslendingar virðumst eftirbátar margra landa, á svipuðum stað og Norðmenn og Danir. Norðmenn stefna fram á veginn í þessum efnum. Þeir sem vilja viðhalda núverandi gamaldags kerfi finnst gott að horfa til Danmerkur. “

ÞAÐ ER EINHVER SÍBYLGJA KOMINN SEM SEGIR AÐ SVÍAR SÉU HÆTTIRAÐ DÆMA Í SAMEIGINLEGA FORSJÁ SEM ER EKKI RÉTT).

Svo: viðbót.

Í 35 fylkjum í **Bandaríkjunum** er sameiginleg forsjá meginregla og víða hægt að dæma í sameiginlega forsjá, jafnvel gegn samþykki annars foreldris.

Ítalir samþykktu sameiginlega forsjá sem meginregla þann 16. mars sl, þar verður sett á stofn sérstök deild við dómstóla, sem er fjölskyldudeildardómstóll, til að styrkja sameiginlega forsjá í verki. Páfinn blessaði baráttu feðra þar þann 19. mars sl. Við Íslendingar erum aftur á móti “kaþólskari en páfínn”

Réttarfarspróun er að réttur barna til beggja foreldra er vaxandi enda barni fyrir bestu. Ég byð ykkur að skoða hjálagaðar greinar vel. Þið erum á miklum villigötum að binda hendur dómara.

kveðja
Gísli Gíslason
Félag Ábyrgra Feðra

Að dæma foreldra í sameiginlega forsjá.

Fyrir Alþingi liggur frumvarp þar sem gera á sameiginlega forsjá að meginreglu við skilnað foreldra á Íslandi. Það er hins vegar ekki gert ráð fyrir því að dómstólar geti dæmt í sameiginlega forsjá, séu foreldrar ekki sammála. Ég vill færa rök fyrir því að það ætti að skoða þennan möguleika vel.

a) Ákvörðun um forsjá er tekin þegar erfiðleikar í skilnaðarferlinu er mestur.

Þegar skilnaðarferlið er yfirstaðið, þá skánar oftast samband foreldra og sambandið batnar fyrr þegar hvorugt foreldri er að “tapa” í skilnaðinum. Það er mikið tap og mikil sárindi að missa forsjá barnsins síns og eykur á sárindi og reiði í skilnaðarferlinu. Þetta seinkar bataferlinu og togstreita foreldranna bitnar svo á barninu. Það er margsannað að við sameiginlega forsjá hjaðna deilur foreldra fyrr eftir skilnað. Það getur því hreinlega hjálpað fólki að vera dæmt að fara áfram með sameiginlega forsjá, frekar en að svipta annað foreldrið forsjá. Þannig sleppa foreldrar við álagið sem fylgir því að meta hvort foreldrið sé hæfara og hvorugt er að tapa.

b) Skilvirkir samningar foreldra fækkar ákvörðunum sem sameiginlega þarf að taka.

Víða erlendis eru fordæmi fyrir skilvirkum samningum fyrir sameiginlegri forsjá og jafnri umönnun. Þá eru skilgreindir allir þættir er varða hagsmuni barnsins. Hvenær barnið býr hjá hvoru foreldri, hvernig hátíðisdagar skiptast, hvernig samskipti eru við hitt foreldrið, þann tíma sem barnið dvelur ekki hjá því. Sameiginlega útgjöld eru skilgreind og þau útgjöld sem borin eru hvoru foreldri á meðan barnið dvelst hjá því. Þar er einnig skilgreind ábyrgð sem foreldrið hefur á búsetutíma barns, eins og öll dagleg umhyggja, heimalærdómur, fæða og klæða barnið sem og styðja til tómsundariðkunar. Sameiginlegar ákvarðanir verða alltaf meiriháttar heilbrigðis ákvarðanir, tannréttingar, breyting á trúfélagi, ríkisfangi, nafni, húðflúr, göt í eyra og annað þess háttar. Þessar stóru sameiginlegu ákvarðanir eru ekki dags daglegar ákvarðanir, sem flestar slíkar eru hjá því foreldri sem barnið er hvoru sinni. Í slíkum samningnum eru einnig ákvæði um að foreldrar leiti hjálpar hjá fagaðila (t.d.sálfræðings, félagsfræðings eða lögfræðings) við hugsanlegan ágreining. Slíkir samningar tryggja jafna búsetu og að barnið nýtur ríkra samvista við báða foreldra, sem áfram upplifa mikilvægi sitt sem foreldri. Fáf hefur undir höndum slíka samninga bæði frá Bretlandi, Bandaríkjunum og Noregi, sem eru ítarlegir og gagnlegir. Það er vert að skoða þennan möguleika að dómarrar fái heimild til að dæma í sameiginlega forsjá með slíka samninga að leiðarljósi og einn fyrirfram tilnefndan fagaðila sem sáttaaraðila, komi upp ágreiningur. Forsenda sé þó alltaf að foreldrar búi í sama skólahverfi.

c) Tími foreldra fyrir sjálfan sig eftir skilnað eykst við sameiginlega forsjá.

Ef foreldrar fara sameiginlega með forsjá barna sinna og búsetan er nokkuð jöfn, þá heldur barnið áfram ríku sambandi við báða foreldra. Báðir foreldrar hafa þá góðan tíma til að byggja upp sitt líf þegar barnið er hjá hinu foreldrinu. Foreldri sem byggir upp stolta sjálfsmynd verður góð fyrirmynd barnsins. Þannig getur jafnvel “dæmd sameiginleg forsjá” hjálpað foreldrum eftir skilnað og hjálpað barni að viðhalda góðu sambandi við báða foreldra sína.

d) Nágrannalönd dæma í sameiginlega forsjá.

Í **Svíþjóð** var fyrst árið 1997 dæmt í sameiginlega forsjá. Báðir foreldrar voru hæfir, barnið var háð báðum foreldrum en báðir vildu forsjá. Dómurinn taldi það barni fyrir bestu að báðir foreldrar færu áfram með sameiginlega forsjá. Upp úr þessu fóru Svíar að dæma foreldra í

sameiginlega forsjá. Mál kom upp þar sem dæmt var í sameiginlega forsjá en ofbeldi var á milli foreldranna (rättsfallet NJA 1999). Í framhaldi komu upp efasemdir um hvort rétt væri að dæma í sameiginlega forsjá gegn vilja annars foreldris. Nú í janúar 2006 voru gefin út ný lög í Svíþjóð, sem má skoða á <http://regeringen.se/content/1/c6/05/69/93/5cee6fc2.pdf> Þar segir skýrt að það sem er barni fyrir bestu eigi að vera ráðandi þegar ákveða eigi forsjá, búsetu og umgengni. Dómstólar geta áfram líkt og í dag leyst upp sameiginlega forsjá en einnig ákveðið sameiginlega forsjá gegn vilja annars foreldris, að gefinni þeirri forsendu að það sé barni fyrir bestu sbr. 8. kafli.

*“**Regeringens förslag:** Domstolen skall vid bedömningen av om vårdnaden skall vara gemensam fästa avseende särskilt vid föräldrarnas förmåga att samarbeta i frågor som rör barnet. **Regeringens bedömning:** Domstolen bör – liksom i dag – kunna vägra att upplösa den gemensamma vårdnaden eller besluta om sådan vårdnad mot en förälders vilja, förutsatt att gemensam vårdnad är bäst för barnet. Möjligheten att vid gemensam vårdnad döma till s.k. växelvist boende mot en förälders vilja bör finnas kvar. Nuvarande bestämmelse om att domstolen skall fästa avseende särskilt vid barnets behov av en nära och god kontakt med båda föräldrarna behålls oförändrad. “*

“Rättsfallet NJA 1999” eru ekk rök fyrir því að hætta að dæma í sameiginlega forsjá, heldur verður ríkari rannsóknaskylda sem á að tryggja að dómari dæmi í samræmi við það sem er barni fyrir bestu. Einnig leggur það ríkari skyldur á dóminn að hlusta vel á báða foreldra. Komist dómari að því að sameiginleg forsjá sé barni fyrir bestu, þá ber honum að dæma það, jafnvel þó annað foreldrið sé ekki fyllilega sammála. Í **Frakklandi** má dæma í sameiginlega forsjá og jafna búsetu með lögum frá 2002 en heimild um að dæma í sameiginlega forsjá hefur verið frá 1987. Svipuð lagaheimild er í **Ástralíu**. Í **Bretlandi** hefur dómari fulla heimild til að dæma það sem hann telur barni fyrir bestu, þ.m.t að dæma í sameiginlega forsjá. Í **Hollandi** og **Kanada** má dæma í sameiginlega forsjá en ekki jafna búsetu. Í **Belgíu** kemur til atkvæða greiðslu nú í apríl að gera sameiginlega forsjá og jafna umönnun að meginreglu þar í landi. Þannig virðast mörg lönd heimila að dæma í sameiginlega forsjá. Við Íslendingar virðumst eftirbátar margra landa, á svipuðum stað og Norðmenn og Danir. Norðmenn stefna fram á veigun í þessum efnum. Þeir sem vilja viðhalda núverandi gamaldags kerfi finnst gott að horfa til Danmerkur.

e) **Mæður rifta sameiginlegri forsjá til að fá aukin meðlög.**

Dómsmálaráðuneytið dæmir menn síður í aukin meðlög ef foreldrar hafa sameiginlega forsjá og barn hefur rúma búsetu hjá báðum foreldrum.

Nú fær Félag ábyrgra feðra ítrekaðar ábendingar þar sem barnsmæður félagsmanna okkar rifta sameiginlegri forsjá. Tilgangurinn virðist fyrst og fremst sá að fá aukin meðlög. Málið fer fyrir dómara. Dómari má jú ekki dæma sameiginlega forsjá og dæmir móður, lögheimilisforeldrinu forsjána eða lætur faðir skrifa undir, nauðbeygðan að hann gefi eftir forsjá. Það heitir þá að “sátt” hafi náðst hjá dómara. Samvistir barnsins við föður breytast jafnvel lítið og dæmi er um að barn búi hjá föður í 10-12 daga í mánuði fyrir og eftir að móðir rifti sameiginlegri forsjá. Móðir hefur aftur á móti fengið aukið meðlag og hennar ráðstöfunartekjur jafnvel hærri en föðursins. Hér ætti dómari að geta sagt. “Það er barni fyrir bestu að þið verðið áfram með sameiginlega forsjá og sinnið framfærsluskyldu ykkar með beinum hætti.”

f) **Sameiginleg forsjá í sögulegu samhengi.**

Fyrir nokkrum áratugum var sameiginleg forsjá ekki til. Hún er orðin meginregla víðast hvar í hinum vestræna heimi og við erum nú að lögtaka það, um svipað leyti og hinir rammkaþólsku italir og eum 19 árum á eftir frökkum.

Af þeim sem skilja í Svíþjóð í dag hafa um 20% barna jafna búsetu og samsvarandi um 8% í Noregi. Þetta er tífoldun í Svíþjóð á 10 árum. Norðmenn stefna að því að gera sameiginleg forsjá og jafna búsetu að meginreglur fyrir árið 2007. Fyrir nokkrum áratugum var því sameiginleg forsjá og jöfn búseta ekki til. Það er að verða meginregla víða og á eftir að verða ríkjandi meginregla. Íslendingar ættu að fylgja þeirri þróun.

g) **Að dæma í sameiginlega forsjá í sögulegu samhengi.**

Fyrir nokkrum áratugum síðan var hvergi í heiminum hægt að dæma fólk í sameiginlega forsjá. Það er orðið hægt í nokkrum löndum og á eftir að verða hægt allsstaðar, þegar það er barni fyrir bestu, enda órökrétt að álykta að það sé aldrei barni fyrir bestu að dæma foreldra í sameiginlega forsjá, jafnvel þó tímabundið ósætti foreldra eigi sér stað í skilnaðarferlinu.

h) **Að binda hendur dómara.**

Ef dómara komast að þeirri niðurstöðu að mæður séu að hugsa um sína hagsmuni en ekki barnsins við að synja föður sameiginlegri forsjá, þá geta þeir ekki dæmt sameiginlega forsjá, þar sem löggjafinn hefur bundið hendur þeirra við að dæma öðru foreldrinu forsjá. Dómara mega þó dæma í sameiginlega forsjá í bráðarbirgðarforsjárnálum en ekki í forsjárnálum. Meginþema barnalag er gera og framkvæma það sem er barni fyrir bestu. Það hlýtur að vera óeðlilegt að löggjafinn fullyrði að það sé aldrei barni fyrir bestu að dómara dæmi foreldra í sameiginlega forsjá.

i) **Börn í sameiginlegri forsjá og jafnri umönnun spjara sig betur.**

Í bókinni "Skilsmíssa börn beráttar" eða "Skilnaðarbörn segja frá" frá árinu 2002 fjalla sænsku Öberg-hjónin, Bente og Gunnar, um rannsókn þar sem þau töluðu á árunum 1978-1982 við 60 þör sem voru að skilja og börn þeirra. Um 20 árum eftir skilnað var aftur rætt við 50 "börn", 25 konur og 25 karla. Við skilnaðinn lögðu foreldrarnir upp með að börnin myndu búa jafnt hjá báðum foreldrum. Öberg-hjónin gerðu ráð fyrir að um 1 af hverjum 5 börnum myndu lenda afvega í lífinu, eins og algengt er með skilnaðarbörn, og vonuðust til að hlutfall ógæfubarna yrði ekki hærra við þetta sambúðarform. Niðurstaðan varð sláandi. Einungis 1 af þeim 50 börnum, sem haft var samband við, hafði lent illa afvega í lífinu. Allar rannsóknir sýna að með aukinni þátttöku beggja foreldra í uppeldi vegnar börnum betur, hvort sem foreldrar búi saman eða hvort í sínu lagi. Þetta hljóta að vera sterk rök fyrir því að dómara eigi að hafa heimild til að dæma í sameiginlega forsjá telji þeir það barni fyrir bestu.

j) **Forsjárdeilur verða harðari, erfiðari og dýrari.**

Munur á foreldrum sem uppalendum minnkar og sá munur heldur áfram að minnka, t.d. með tilkomu feðraorlofs. Þannig verður æ erfiðara að meta hvort foreldri er hæfara og þeim mun erfiðara að svipta annað foreldrið forsjá. Þannig verða sárindi þess foreldris mikil sem missir forsjá, því það telur sig fullkomnlega jafnhæft og hitt foreldrið sem fékk forsjána. Núverandi kerfi býr til tapara og sigurvegara og það eykur og lengir deilur foreldra eftir skilnað. Þar af leiðandi mjög mikilvægt að dómara fái heimild til að dæma í sameiginlega forsjá telji þeir það barni fyrir bestu. Dómara ættu einnig að geta dæmt foreldrana í sameiginlega forsjá og sáttameðferð. Það foreldri sem sýnir minni samstarfsvilja í sáttameðferðinni missir þá frekar forsjána, komi málið aftur fyrir dóm.

k) Fjármunum til forsjármála væri betur varið til sáttameðferðar.

Það fara um eða yfir 100 milljónir á ári í gjafsókn frá hinu opinbera til lögfræðinga vegna forsjármála. Þetta er tekjustofn lögfræðinga og aðeins hluti af tekjustofni þeirra í forsjár málum. Þá er ótalinn sérfræðikostnaður við að meta hvort foreldri sé hæfara til að fara með forsjá. Þessum fjármunum, sem fara í forsjárdeilur, við að meta og dæma öðru foreldrinu forsjá, væru betur varið í virkar sáttameðferðir, þegar sem sameiginlega forsjá væri tryggð, barnanna vegna.

l) Réttur barns sé meiri en móðurrétturinn.

Í dag er sameiginleg forsjá foreldra yfir barni að mestu undir vilja móður komið. Í sameiginlegri forsjá hefur barn eftir sem áður oftast lögheimili hjá móður. Hún getur hvenær sem er svipt barn forsjá föður síns, hvort sem hún vill aukið meðlag eða frjálsar hendur til að flytja úr landi, eða bara hreinlega nennir ekki að hafa sameiginlega forsjá. Það er nauðsynlegt að koma í veg fyrir að móðir geti í skjóli gallaðra laga, svipt barn forsjá föður síns, þegar engin ástæða er til þess, nema eiginhagsmunir eða stundarreíði. Í svona málum er móðir að stunda gróft ofbeldi gagnvart barni, sem er svipt forsjá föður síns og gagnvart föður sem missir forsjá barnsins síns. Slík ákvörðun eykur deilur og sárindi á milli foreldra og fyrir það líða börnin alltaf.

m) Niðurlag

Ísland er aðili að barnasáttmála sameinuðu þjóðanna. Þar segir í 18. gr.

“1. Aðildarríki skulu gera það sem í þeirra valdi stendur til að tryggja að sú meginregla sé virt að foreldrar beri sameiginlega ábyrgð á að ala upp barn og koma því til þroska. Foreldrar, eða lögráðamenn, ef við á, bera aðalábyrgð á uppeldi barns og því að barni sé komið til þroska. Það sem barninu er fyrir bestu skal vera þeim efst í huga.”

Það eru öll rök fyrir því að samþykkja sameiginlega forsjá sem meginreglu. Það eru líka sterk rök fyrir því að heimila dómurum að dæma foreldra í sameiginlega forsjá við skilnað, telji þeir það barni fyrir bestu. Það er líka öll rök fyrir því að hér á landi þurfum við að þróa sameiginlega forsjá betur yfir í sameiginlega forsjá og jafna umönnun. Þannig uppfyllum við best 18. gr barnasáttmálans um réttindi barns.

Foreldrajafnrétti eru bestu hagsmunir barnanna okkar, hvort sem foreldrar búa saman eða hvort í sínu lagi.

Gísli Gíslason
formaður Félags ábyrgra feðra

FRANSKA BYLTINGIN (hin seinni) .

Í Frakklandi gefur löggjafinn þau skýru skilaboð að við skilnað foreldra verði sem minnst röskun fyrir barnið, hvað varðar samband þess við báða foreldra sína. Í frönskum lögum er talað um foreldravald (*l'autorité parentale*), ef notuð er bein þýðing en hugtakið foreldraábyrgð, er nær því sem við er átt.

Þar er ekki talað um að annað foreldrið fái forsjá við skilnað, heldur að hitt sé hugsanlega svipt foreldraábyrgð. Þeir segja að ekki eigi að svipta neinn forsjá nema í algjörrri neyð. Það að svipta föður eða móður lagalegri ábyrgð og skyldum gagnvart barninu er slæmt fyrir barnið. “Svipta” foreldrið upplifir líka að það hafi tapað stóru hlutverki í lífi barnsins og færirst frá því að vera uppalandi og fyrirmynd. “Sviptir” foreldrar eru líklegri til að hverfa úr lífi barns.

Frönsk lög frá 1987 – Sameiginleg foreldraábyrgð.

Báðar deildir franska þingsins hafa komið að þessu máli ítrekað síðastliðin 20 ár og umræðan er áratugum ef ekki ljósárum á undan umræðunni hér á Íslandi. Þegar árið 1987 var búin til lagabálkurinn “*l'autorité parentale commun*” sem þýða má sem sameiginleg foreldraábyrgð. Staðan á milli foreldra var mikið jöfnuð. Talað er um að foreldrarnir haldi áfram sameiginlegri ábyrgð líkt og var í hjónabandinu – enginn sviptur. Strax við upptöku þessara laga í Frakklandi árið 1987 var dómurum gefin heimild “að svipta hvorugt foreldrið foreldraábyrgð” þó svo að deilur væru uppi milli þeirra í skilnaði. Núna árið 2006 er svipuð umræða á Íslandi og trúlega verður ekki samþykkt það sem frakkar samþykktu árið 1987, þ.e. að dómarrar fái heimild til að dæma í sameiginlega forsjá og svipta hvorugt foreldraábyrgð.

Við þessa miklu breytingu árið 1987 tók það samfélagið og dómskerfið talsverðan tíma að átta sig á gildi laganna. Konum og ýmsum hagsmunasamtökum kvenna fannst að móðurhlutverkinu vegið og völd mæðra minnkuð. Konur höfðu jú alltaf unnið forsjárdeilur þegar einungis var um tvennt að dæma. Umræðan fór á fleygiferð og varð fyrirferðamikil árin á eftir. Mikil gífuryrði áttu sér stað en fráskildir feður fögnuðu.

Frönsk lög frá 1993 – Gert að meginreglu .

Eftir sex ára stöðuga umræðu sá franska þingið sig knúð til að ganga lengra. Bætt var við lagabálkana árið 1993 þar sem sameiginleg foreldraábyrgð var gerð að meginreglu við skilnað. Ríkar ástæður þurftu til að sameiginleg foreldraábyrgð yrði ekki valin – nú eða dæmd. Þannig varð sá aðili sem vildi láta svipta hitt foreldraábyrgð að bera sönnunarbyrgði á óhæfi hins aðilans – eðlilega ! Fleira var í þessum lögum sem var nýmæli eins og skilgreinar á lagalegri stöðu ef börn dvöldu á báðum heimilum.

Á örskömmum tíma varð þessi breyting til þess að yfir 90% af foreldrum fóru þessa leið og sviptingar á foreldraábyrgð og forræðisdeilum fækkaði. Þetta gerðist ekki vegna þess að dómarrar dæmdu svo mikið, heldur gerði sú staðreynd að hægt væri að dæma í áframhaldandi sameiginlega foreldraábyrgð það að verkum að engin fór því lengur sigurviss í dómssal. Á Íslandi árið 2006 fer sá aðili sem er með lögheimili barnsins með sigurbros á vör í dómssal til að fá hnekkta sameiginlegu forræði þar sem dómarrinn verður að dæma öðru hvoru foreldrinu forræðið.

Frönsk lög frá 2002 – Jöfn búseta barna á tveimur heimilum .

Áfram hélt franska þingið og kom út með lög sem brjóta blað í þessum málaflokki. Lögin árið 2002 eru kennd við 4. mars það ár. Þessi lög ollu straumhvörfum þar sem nú voru heimili foreldranna gerð jafnrétt-há eftir skilnað ef foreldrarnir fara áfram með sameiginlega foreldraábyrgð. Þessi lög byggðu að hluta á lögunum um búsetu barna frá árinu 1993 en ganga miklu lengra. Hugtakið um “*La residence alternée*” gerir ráð fyrir því að barnið eigi tvö jafnvíg heimili og tvo foreldra með sömu skyldum og ábyrgð. Þannig eru lögin að gera ráð fyrir því að hagir barnsins gagnvart BÁÐUM foreldrum sínum breytist sem minnst þrátt fyrir skilnað.

Blönduð búseta barna hjá jafnréttsháum foreldrum eftir skilnað þeirra er því lögleidd meginregla í Frakklandi. Dómurum er gefin heimild til að dæma hvernig búsetan eigi að vera ef upp koma deilur. Löggjafinn setur ákveðin skilyrði fyrir jafni búsetu, svo sem að foreldrarnir búi áfram innan sama skólahverfis. Á þessum fjórum árum sem liðin eru síðan lögin voru sett hafa fallið margir athyglisverðir dómar um þessi mál, enda koma upp ýmsar aðstæður sem löggjafinn sá ekki fyrir.

Franski löggjafinn er að móta stefnu með þessum lögum þar sem báðum foreldrum er gerð grein fyrir því að foreldrahlutverkið er ævistarf. Foreldri getur aldrei vikist undan ábyrgð því dómstóllinn getur dæmt hann til ábyrgðar. Foreldri getur ekki ýtt hinu foreldrinu út úr sínu lífi eða lífi barnsins nema sýna fram á óhæfi þess fyrir sömu dómstólum. Þar duga engar einfaldar ásakanir eða fullyrðingar. Löggjafinn er einnig að sýna foreldrum að það verkefni að eignast barn kallar á skuldbindingu um samstarf foreldranna þangað til að barnið er vaxið úr grasi. Foreldrar geta verið dæmdir til samstarfs og bara sú staðreynd gefur hugmyndinni um samstarf annað og aukið vægi.

Undirritaður telur að kúrsinn sem franskir löggjafinn hefur tekið í þessum málum sé réttur. Löggjafinn á ekki að ýta undir deilur með því að svipta foreldri ábyrgð eins og sá íslenski gerir þar sem dæma verður öðru hvoru foreldrinu forsjá og þá svipta hitt. Íslenskur dómari stóð upp á málþingi árið 2005 og lýsti því yfir að það væri nánast ógerlegt að gera upp á milli jafnhæfra foreldra í deilum, sem legðu allt í sölurnar til að ná forræðinu. Við vitum að þá er oft eitthvað smáræði sem veldur því hvort foreldrið fær forræðið – hitt foreldrið tapar og þá tapa börnin mest.

Löggjafinn á að ýta undir þá tilfinningu að foreldrarnir verði að koma sér saman, það sé barninu fyrir bestu. Franski löggjafinn hefur gefið skýrt til kynna að hvorugt foreldrið hafi neina forgjöf þegar að forræðisdeilum kemur – sameiginlegt forræði / foreldravald skal vera normið.

Í Frakklandi er rætt um að löggjafinn hafi með lögunum 4. mars 2002 stykt stöðu barna sem fara inn í stjúpfjölskyldur. Við stofnun stjúpfjölskyldunnar myndast oft mikil kreppa hjá börnum, báðum foreldrum og ekki síður hinu væntanlega stjúpforeldri. Skilaboðin eru þau að börnin eru áfram undir fullri ábyrgð foreldra sinna með tvö jafnrétt-há heimili og fjölskylduaðstæður annars foreldrisins eiga ekki að hafa áhrif þar á. Stjúpforeldrinu er ekki ætluð foreldraábyrgð í þeim skilningi. Stjúptengsl geta myndast og rofnað en foreldraábyrgðin ekki. Foreldrar verða að laga sitt líf í grundvallaratriðum að þessum þáttum. Þannig viti væntanlegir stjúpforeldrar ætíð að hverju er verið að ganga og hlutverkaskipanin skýrari. Allir sem þekkja til, vita hversu erfitt umhverfið getur orðið í flóknum stjúpfjölskyldum og því fagnaðarefni að löggjafar vestrænna ríkja skuli hvetja til umræðu um þau efni.

Ísland – Metnaðarleysi.

Sameiginleg forsjá hér á landi hefur litla merkingu. Það sem felst í raun í sameiginlegri forsjá er að lögheimilisforeldri á ekki að geta flutt með barnið úr landi eða flutt forsjána yfir á sambýlismann sinn við sitt fráfall. Hinsvegar er lítið sem ekkert hald í þessum samningi milli foreldranna. Það foreldri sem fer fyrir lögheimilinu getur fellt niður sameiginlegu forsjána ef því svo þóknast. Það óskar einungis eftir því að fá eitt forsjána – býr til forræðisdeilu og vinnur hana! Ef það foreldri sem fer með lögheimili vill flytja úr landi, þá fer það úr landi! Þannig verður ekkert lagalegt hald í sameiginlegri forsjá fyrr en dómurum verður leyft að dæma foreldra í sameiginlega forsjá og þá um leið í áframhaldandi sameiginlega forsjá.

Hverskonar samningur er það milli tveggja aðila sem segir að annar aðilinn hafi ákveðin réttindi þegar síðan hinn aðilinn getur fellt allan samninginn úr gildi án nokkurrar ástæðu - þegar á þessi sömu réttindi reynir !

Úr táknaðni þýðingu sameiginlegrar forsjár vill undirritaður hinsvegar ekki gera lítið úr. Sameiginleg forsjá hljómar vel, gefur bæði börnum og foreldrum þá tilfinningu að “hitt foreldrið” hafi lagalega foreldraábyrgð og gerir það, þar sem samvinna er góð. Löggjafinn á hinsvegar ekki að búa til slík hugtök sem eru lagalega innantóm. Það er algjört metnaðarleysi löggjafans á Íslandi að sá sem ekki er með forsjá en vildi gjarnan hafa sameiginlega forsjá skuli árið 2006 vera á sama stað og faðir í fiskimannaborpi á Frakklandsströnd strögláði við fyrir árið 1987. Þannig má segja að íslenska kerfið sé aftarlega ef ekki aftast á merinni af öllum þeim kerfum sem undirritaður hefur kynnt sér. Svíar eru á fullri ferð og þar er löggjafinn reglulega að þróa raunverulega sameinglega forsjá og leggja dómurum landsins línurnar hvernig dæma eigi í hana. Þar var síðast hnykkt á þessari dómaraábyrgð nú árið 2006. Norðmenn hafa lýst því yfir að þeir stefni í átt að franska kerfinu, með sameiginlegri forsjá og skiptri búsetu fyrir árslok 2007.

Niðurlag – Tökum forystu “a la” feðraorlof. .

Frakkar tóku forystu þegar þeir settu sína stjórnarskrá árið 1789. Sú stjórnarskrá varð fyrirmynd að öðrum vestrænum stjórnarskrám. Það tók ár og áratugi, jafnvel aldir fyrir önnur vestræn ríki að innleiða stjórnarskrá að fyrirmynd hinnar frönsku. Frakkar hafa nú tekið forystu í fjölskyldurétti í hinum vestræna heimi. Vonandi líða ekki áratugir áður en íslendingar og aðrar vestrænar þjóðir fylgja hinni frönsku leið í fjölskyldumálum. Það hljómar í raun dálítið furðulega að bylting í þessum efnum skuli koma frá Frakklandi þar sem íhaldssöm fjölskyldugildi hafa verið í heiðri höfð. Við Íslendingar tókum forystu á ákveðnu sviði með setningu feðraorlofsins og erum að halda fyrirlestra um þau mál hjá frændum vorum Svíum, jafn furðulega og það nú hljómar. Í forræðis og umgengnismálum ættum við Íslendingar einnig að taka forystu. Landið býður einstaklega vel upp á lög um skipta búsetu barna hjá báðum foreldrum sínum þar sem 60% þjóðarinnar býr á svæði sem stórþjóðirnar myndu nánast skilgreina sem sama hverfi. Lagasetning í átt að þeirri frönsku myndi á stuttum tíma vera einstakt tækifæri til að auka jafnrétti kynjanna á allan hátt, en auðvelt er að skírskota til jafnréttisumræðunnar með sömu rökum og gert er með feðraorlofinu. Mikilvægast er þó að þetta eru bestu hagsmunir barnanna okkar. Skora ég hér með á sem flesta að hugsa þessi mál í nýrri vídd, út frá breyttri þjóðfélagsmynd.

Lúðvík Börkur Jónsson, framkvæmdarstjóri og gjaldkeri Fáf.



Allsherjarnefnd Alþingis
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

14.01.2006

Efni: Umsögn um frumvarp á breytingum á ýmsum lögum á sviði sifjaréttar 279.mál og frumvarp til breytingar á barnalögum, 78.mál.

Umrædd frumvörp voru tekið fyrir á stjórnarfundum félagsins 14.01.2006.

Efnislega var sameiginleg forsjár rædd mikið og var það niðurstaða stjórnar að taka hvorki afstöðu með né á móti þesskonar forsjárfyrirkomulagi. Inntak sameiginlegrar forsjár er ennþá frekar óljóst og af tugum mála sem koma til félagsins árlega er augljóst að mjög mikill misskilningur almennings er á því hvað fellst í sameiginlegri forsjá. Varð það ákvörðun stjórnar að taka ekki afstöðu til hvors máls um sig. En hvetja hinsvegar þá þingmenn sem sitja í Allsherjarnefnd að koma því til leiðar að alþingi skipi nefnd til að endurskoða heilstætt ýmis málefni er tengjast íslenskum fjölskyldum s.s. Sifja- og skiptamál, barnalög, meðlagsgreiðslum, mæðra- og feðralaun, skattamál o.fl. Stjórnin telur að endurskoða þurfi þessi málefni vegna hagsmuna barna sem og beggja foreldra. Gríðarlegur munur getur verið á aðstæðum þessara foreldra, börnum þeirra og aðstæðum. Óskar félagið eftir þáttöku í því starfi.

Fyrir hefur forsætisráðherra skipað *fjölskyldunefnd* í febrúar 2005. Málefni hennar skorðast hinsvegar einvörðungu við fjölskylduna heilstætt, fjölskyldustefnu einstakra fyrirtækja, einstakra sveitafélaga og hefur nefndin aldrei skoðað mál minnihlutahópa s.s. öryrkja, einstæðra foreldra, forsjárlausra foreldra, fátækt eða skoðað sérstaklega málefni barna þessa hópa. Þrátt fyrir mikinn þrýsting félagsins á málefnum þess og kröfur um þáttöku í nefndinni, telur hvorki formaður hennar né forsætisráðherra þörf á þáttöku okkar í því starfi nefndarinnar.

Stjórn telur brýnt að heilstæð endurskoðun fari fram á málefnum þessara hópa, meðal annars með tilliti til meðlagsþiggienda, meðlagsgreiðenda, framfærsluviðmið einstæðra foreldra, forsjárlausra foreldra, forsjármála og þá sérstaklega úrræða og úrræðaleyssi yfirvalda vegna réttmætrar og óréttmætrar umgengistálmannna og afskiptaleyssi foreldra.

Virðingarfyllt,

Ingimundur Sv. Pétursson

Formaður FEF
Ingimundur Sveinn Pétursson

Alþingi
Erindi nr. P 132/354
komudagur 2.12.2005

Félag íslenskra barnalækna
Formaður Sigurveig Þ. Sigurðardóttir læknir
Ónæmisfræðideild
Landspítala-háskólasjúkrahúsi
101 Reykjavík

Reykjavík 30/11/2005

UMSÖGN

Varðandi þingmál: Frumvarp til laga um breytingu á nokkrum lögum á sviði sifjaréttar. Þingskjal 294 – 279. mál.

Undirrituð þakkar f.h. FÍBL að fá til umsagnar frumvörp um málefni er varða börn. Félags íslenskra barnalækna hefur yfirfarið meðfylgjandi breytingar á lögum á sviði sifjaréttar sem eru lagaðar til með þessu frumvarpi.

I. KAFLI

1 – 4. gr.

II. KAFLI


1. – 5. gr.

III. KAFLI

1. – 3. gr.

Stjórn Félags Íslenskra Barnalækna hefur farið yfir ofangreindar breytinga og meðfylgjandi greinagerð og gerir ekki athugasemdir eða tillögur til breytinga.

Virðingarfyllst,


Sigurveig Þ. Sigurðardóttir formaður

Reykjavík, 10. janúar 2006

Með bréfi, dags. 17. nóvember 2005, sendi allsherjarnefnd Alþingis fjölskylduráði til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á nokkrum lögum á sviði sífjaréttar, þskj. 294 — 279. mál, um sameiginlega forsjá barns o.fl. Með bréfi, dags. 18. nóvember 2005, sendi allsherjarnefnd ráðinu einnig til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, þskj. 78 — 78. mál, um sameiginleg forsjá barns. Þessum tveimur erindum allsherjarnefndar til ráðsins verður svarað hér. Með tölvubréfi ritara allsherjarnefndar, dags. 12. desember sama ár, var ráðinu veittur frestur fram í janúar 2006.


Í þskj. 294, er lagt til að nokkrar breytingar verði gerðar á gildandi barnalögum, nr. 76/2003, meðal annars sú breyting að foreldrar fari með sameiginlega forsjá barns eftir skilnað eða slit á sambúð, sbr. 1. gr. frumvarpsins. Þessi breyting er einnig megininntakið í þskj. 78.

Fjölskylduráð fagnar því að með frumvarpinu sé lagt til að sameiginleg forsjá barns eftir skilnað eða slit á sambúð foreldra verði að meginreglu, sem ráðið telur almennt til bóta bæði fyrir foreldra er slíta samvistum og börn þeirra. Hins vegar telur ráðið að til að hin jákvæðu áhrif þess að sameiginleg forsjá verði að meginreglu þurfi jafnframt að gera breytingar á lögum varðandi þá ráðgjöf sem foreldrum er boðið upp á við skilnað eða slit á sambúð.

Með lögum nr. 18/2001 var gerð breyting á þágildandi barnalögum, nr. 20/1992, í þá veru að bjóða aðilum í umgengnis- og forsjármálum upp á sérfræðiráðgjöf til lausnar máli, sbr. 1. gr. laganna frá 2001. Eftir að þessi lagabreyting tók gildi geta sýslumenn nú boðið foreldrum upp á sérfræðiráðgjöf. Ráðgjöfin er val fyrir þá sem hana kjósa en ekki skylda fyrir foreldra að þiggja. Fjölskylduráð leggur hins vegar til, að það verði skylda að bjóða foreldrum ráðgjöf við skilnað eða slit á sambúð ef þeir eiga börn undir 18 ára aldri. Það er mat ráðsins að slík ráðgjöf sé forsenda þess að vel takist til að foreldrar beri í raun sameiginlega ábyrgð á börnum sínum eftir skilnað

Ráðið telur æskilegt að farin verði sú leið sem forsjárnefnd er dómsmálaráðherra skipaði árið 1997 lagði til í áfangaskýrslu sinni er kom út árið 1999. Í skýrslunni er lagt til að foreldrar sem hyggja á hjónaskilnað eða sambúðarslit geti leitað til ráðgjafar áður en til deilu kemur. Eins og nefndin bendir á í lokaskýrslu sinni, er kom út fyrir á þessu ári, er sú ráðgjöf sem nú er í boði hjá sýslumannsembættum fyrst í boði eftir að aðilar hafa snúið sér til embættanna vegna ágreinings. Ráðið telur að nú þegar liggur fyrir frumvarp um að sameiginleg forsjá foreldra verði að meginreglu verði komið á skipulagðri skilnaðarfræðslu og -ráðgjöf og að slík ráðgjöf verði skylda fyrir þá foreldra er eiga saman börn undir 18 ára aldri.

Um aðrar breytingar samkvæmt þskj. 294 og þskj. 78 gerir ráðið ekki athugasemdir við.

Fyrir hönd fjölskylduráðs

Björg Kjartansdóttir, starfsmaður ráðsins

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/497
komudagur 8.12.2005

Kærunefnd barnaverndarmála

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Hafnarhúsinu við Tryggvagötu
150 Reykjavík
sími 545 8100, bréfsími 552 4804
www.felagsmalaraduneyti.is

Reykjavík 7. desember 2005
Tilv.: KB05110002/


Efni: Beiðni allsherjarnefndar Alþingis um umsögn kærunefndar barnaverndarmála um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði sifjaréttar, 279. mál, sameiginleg forsjá barns o.fl.

Með bréfi allsherjarnefndar Alþingis til kærunefndar barnaverndarmála, dags. 17. nóvember sl., var óskað umsagnar kærunefndarinnar um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði sifjaréttar, sameiginlega forsjá barna og fleira. Kærunefndin hefur fjallað um málið, einkum 1. gr. frumvarpsins varðandi sameiginlega forsjá.

Í 1. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að sameiginleg forsjá verði meginregla við skilnað að borði og sæng, lögskilnað og slit skráðrar sambúðar.

Núverandi fyrirkomulag varðandi sameiginlega forsjá barna við skilnað eða sambúðarslit foreldra byggir á samkomulagi foreldranna þar að lútandi. Þegar foreldrar hafa sjálfir valið sameiginlega forsjá eru mun meiri líkur á að samvinna sé fyrir hendi og þeir hafi hagsmuni barns að leiðarljósi. Orsök margra skilnaða eru alvarlegir sambúðarerfiðleikar og mikil togstreita sem m.a. getur birst í deilum um uppeldisaðferðir og framkomu við börn. Í slíkum tilvikum ætti sameiginleg forsjá ekki að vera meginregla enda gætu foreldrar þá ekki sæst á sameiginlega forsjá. Það er mat kærunefndar barnaverndarnefndar að þegar orsök skilnaðar eru miklar deilur og ósætti foreldra séu líkur á að deilur haldi áfram og að barn verði bitbein milli foreldra og þurfi að þola meira álag en ef forsjáin væri í höndum annars foreldris. Að mati nefndarinnar nægir ekki að sæmileg sátt ríki um sameiginlega forsjá, eins og fram kemur í athugasemdum með 1. gr. frumvarpsins, heldur þurfi að ríkja fullkomin sátt um framkvæmd sameiginlegrar forsjár.

Að öðru leyti gerir kærunefnd barnaverndarmála ekki athugasemdir við frumvarp þetta.

F.h. kærunefndar barnaverndarmála

Guðrún Erna Hreiðarsdóttir, lögfræðingur



Allsherjarnefnd Alþingis,
b.t. Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur,
Alþingi,
150 Reykjavík.

Hafnarfirði, 28. nóvember 2005.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum á sviði sifjaréttar.

Félagsþjónustunni í Hafnarfirði hefur borist bréf, dags. 18. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn félagsþjónustunnar í Hafnarfirði um frumvarp til laga um breyting á ýmsum lögum á sviði sifjaréttar, 279. mál, sameiginleg forsjá barns o.fl.

Breyting á barnalögum, nr. 76 27. mars 2003, með síðari breytingu.

Fram kemur í athugasemdum í greinargerð við breytingu á 31. gr. barnalaga að með breytingunni verði sameiginleg forsjá meginregla við skilnað að borði og sæng, lögskilnað og slit skráðrar sambúðar.

Félagsþjónustan í Hafnarfirði er hlynnt því að barnalögum verði breytt þannig að lögfest verði meginregla um sameiginlega forsjá foreldra við skilnað eða sambúðarslit, en bendir þó á að nauðsynlegt sé að skilgreina nánar hvað felist í hugtakinu sameiginleg forsjá, hvort sem slíkt verði gert í lögnum sjálfum eða í reglugerð með stoð í lögnum. Sameiginleg forsjá byggir á því grundvallarskilyrði að foreldrar séu að mestu leyti sammála um málefni barna sinna.

Gagnvart opinberum stofnunum, s.s. leikskólum og skólum, getur þessi skipan skapað vandamál ef ekki er kveðið skýrar að orði um hvaða ákvarðanir hvort foreldri um sig hefur heimild til að taka og hvaða ákvarðanir skuli sameiginlegar. Í 28. gr. barnalaga þar sem fjallað er um inntak forsjár segir í 4. mgr. að forsjá barns feli í sér rétt og skyldu fyrir foreldri að ráða persónulegum högum barns og ákveða búsetustað þess. Forsjárforeldri fer enn fremur með lögformlegt fyrirvar barns. Á þetta ákvæði í reynd við báða foreldra þar sem forsjárskipanin er sameiginleg? Eins og staðan er í dag getur annað foreldri breytt lögheimili barns án leyfis hins þrátt fyrir að forsjá sé sameiginleg. Þetta þýðir í raun að annað foreldrið getur tekið ákvörðun um að flytja með barnið milli sveitarfélaga án samþykkis hins.

Hjá skólayfirvöldum í Hafnarfirði hafa komið upp erfið mál þar sem forsjá foreldra hefur verið sameiginleg og sem slík skapað ákveðin vandkvæði. Hægt er að nefna eitt dæmi þar sem foreldrar með sameiginlega forsjá deildu um forsjá barns síns. Barnið var viku í senn hjá hvoru foreldri. Annað foreldrið, faðirinn, þar sem barnið átti lögheimili hjá, sagði upp leikskólalássi barnsins gegn mótmælum móður. Skólayfirvöld ákváðu með hliðsjón af hagsmunum barnsins, í samráði við félagsþjónustuna, að taka uppsögnina ekki til greina þar sem einvörðungu faðirinn undirritaði hana. Sú undarlega staða kom þá upp að faðirinn flutti



með barnið til Reykjavíkur og fékk þar leikskólaláss fyrir barnið. Barnið var því viku í senn á leikskóla í Hafnarfirði og í Reykjavík. Endalok þessa máls urðu þau að dómstóll dæmdi móðurinni forsjá barnsins og það hélt því áfram á leikskólanum í Hafnarfirði. Þetta mál er því miður ekki einsdæmi þar sem sameiginleg forsjá hefur skapað ákveðin vandkvæði hjá skólayfirvöldum.


Felur sameiginleg forsjá það í sér að foreldrar þurfa báðir að samþykka í hvaða leikskóla og skóla barnið gengur, felur hún það í sér að annað foreldrið geti tekið ákvörðun um að flytja með barn sitt úr Reykjavík og út á land, þ.e. það foreldri sem er með skráð lögheimili? Í skýringum með hinni sameiginlegu forsjá segir að samþykki beggja foreldra þurfi að koma til varðandi meiriháttar ákvarðanir sem varða persónulega hagi barnsins en að það foreldri sem barnið býr hjá taki ákvarðanir um daglegar þarfir barnsins hverju sinni.

Eins og löggjöfm er í dag þá er því miður ekki nægjanlega ljóst hvaða ákvarðanir þurfi að vera sameiginlegar og hvaða ákvarðanir annað foreldri getur tekið einhliða. Það er því að mati félagsþjónustunnar í Hafnarfirði mikilvægt að skilgreina betur inntak sameiginlegrar forsjár áður hún verður lögfest sem hin almenna forsjárskipan.

Breyting á lögum um ættleiðingar, nr. 130 31. desember 1999 og breyting á hjúskaparlögum, nr. 31. 14. apríl 1993, með síðari breytingum.

Félagsþjónustan í Hafnarfirði veitir jákvæða umsögn um þær breytingar á framangreindum lögum sem fram koma í frumvarpinu.

F.h. Félagsþjónustunnar í Hafnarfirði,


Anna Jörgensdóttir hdl.

Alþingi
Erindi nr. P 132/433
komudagur 6.12.2005

Reykjavík, 5. desember 2005

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á nokkrum lögum á sviði sifjaréttar – 279.mál.

Sendandi: Fjölskylduþjónusta kirkjunnar
Klapparstíg 25 – 27
Rannveig Guðmundsdóttir, forstöðumaður
Sími 562 3600
Netfang: rannveig@kirkjan.is

Breyting á barnalögum, nr. 76 27.mars, með síðari breytingu.

Undirrituð gerir engar athugasemdir við frumvarp um breytingar á þessum lögum og telur þær mjög til bóta.

Breyting á lögum um ættleiðingar, nr. 130 31. desember 1999.

Hér er lagt til að við 16. grein laganna bætist ný málsgrein sem verður l. mgr., svohljóðandi:

Leita skal umsagnar barnaverndarnefndar um umsókn um leyfi til að ættleiða barn nema það sé augljóslega óþarft.

Eins og fram kemur í skýringum er þetta hugsað á þann veg að ef í ljós kemur strax í upphafi máls að að skilyrði fyrir útgáfu ættleiðingarleyfis eru ekki uppfyllt og augljóst er að ættleiðing sé barni ekki fyrir bestu er óþarfi að leggja þá vinnu á barnaverndarnefnd að gefa umsögn um umsókn sem fyrirsjáanlega verður hafnað.

Nú er það svo að hjá barnaverndarnefndum starfa sérfræðingar sem hafa þekkingu til að meta hæfni foreldra og þarfir barna og telur undirrituð því að það sé ákveðin trygging að barnaverndarnefndir veiti umsagnir. Það getur því orkað tvímælis að láta hjá líða að leita umsagnar barnaverndarnefndar.

Undirrituð gerir engar aðrar athugasemdir við frumvarp um breytingar á þessum lögum.

Breyting á hjúskaparlögum, nr. 31 14. apríl 1993, með síðari breytingum.

Undirrituð telur að þær breytingar sem hér eru lagðar til séu til bóta og því engar athugasemdir gerðar.

Virðingarfyllst,



Rannveig Guðmundsdóttir
forstöðumaður

Alþingi
Erindi nr. P 132/643
komudagur 16.1.2006


Umsögn varðar: Þskj. 294 – 279. mál

Heiti þingmáls: Frumvarp til laga um breyting á nokkrum lögum á sviði sifjaréttar (lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005 – 2006.

Allsherjarnefnd hefur sent undritaðri ofangreint frumvarp til umsagnar. Umsögn er hjálögð.

Reykjavík 13. janúar 2006-01-13

Virðingarfyllst


Guðrún Kristinsdóttir prófessor
Kennaraháskóla Íslands

Sendandi Guðrún Kristinsdóttir 13.1.2006

Umsögn varðar: Þskj. 294 – 279. mál

Heiti þingmáls: Frumvarp til laga um breyting á nokkrum lögum á sviði sifjaréttar (lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005 – 2006.

Allsherjarnefnd hefur sent undrritaðri ofangreint frumvarp til umsagnar. Eins og fram kemur í grg. með frv. lýtur veigamesta breytingin að barnalögum, þ.e. tillagan um breytingu á 31. gr. barnalaga um að sameiginleg forsjá verði meginregla við skilnað að borði og sæng, lögskilnað og slit skráðrar sambúðar en aðrar breytingartillögur frv. á þeim lögum leiða af henni.

Ljóst er að sameiginleg forsjá er nú talsvert útbreidd og hefur breiðst hratt út. Löggjafinn hefur því fulla ástæðu til að huga að fyrirkomulagi forsjármála.

Undirr. óskar í upphafi að benda á nauðsyn þess að styrkja stöðu barnsins í meðferð forsjár- og umgengnisréttarmála. Með því er m.a. tekið undir nýlegt álit dansks sérfræðings í barnarétti er telur að hlut barnsins í málsmeðferðinni eitt mikilvægasta umbótaatriðið sem huga þurfi að á því sviði (Danielsen 2005). Í Finnlandi og Svíþjóð gildir sú almenna regla að rætt sé við börn um mikilvægar ákvarðanir sem þau snerta, ef þau hafa til þess aldur og þroska. Í Danmörku og Noregi er það einungis gert ef sérstök ástæða er talin til þess að mati dómara. Hér og víða annars staðar hafa 12 ára aldursmörk gilt en þau þó sveigð niður á við miðað við þroska. Undirr. hefur lengi talið að sveigja ætti þessi aldursmörk meira en gert er og benti t.d. á það í grein um barnaverndarlögin fyrir talsvert löngu (Guðrún Kristinsdóttir, 1992). Formleg aldursmörk í Noregi voru á árinu 2003 lækkuð og miðast nú við sjö ára aldur. Það er í góðu samræmi við breyttar áherslur fagfólks í viðtölum við börn og við fræðilegar rannsóknir sl. ára. Þær hafa sýnt ótvírætt að börn eru trúverðugri og hafa meiri tjáningarhæfni en áður var talið langt niður í aldri, ef réttum aðferðum er beitt (Alderson 1995; Øvreeide 1998; Asta-Bo, Koberg Christiansen et al. 2002). Þar með er þó ekki öll sagan sögð.

Rannsóknir og fagfólk sem starfar við að leita álits barna í skilnaðarfjölskyldum staðfestir að börn geta átt erfitt með að setja orð á tilfinningar sínar, þau telja sig ekki fá nægar útskýringar og eiga m.a. til að leyna hug sinum og taka á sig of mikla ábyrgð á deilum og missætti foreldranna. Þar sem ofbeldi og misbeiting er á heimili leyna börn oft vanlíðan sinni í tilraun til að vernda þolanda ofbeldisins sem getur dregið ákvörðun um lausnir á langinn (Mullender, Hague et al. 2002).

Hér er stuðst við þekkingu á reynslu barna varðandi skipan forsjár við skilnað og sambúðarslit og á aðstæðum í fjölskyldum þar sem heimilisofbeldi á eða hefur átt sér stað. Í slíkum tilvikum er ástæða til að vara við að innleiða ákvæði um sameiginlega forsjá sem meginreglu, ef ekki eru jafnframt sett lagaleg sérákvæði vegna heimilisofbeldis eða í tengslum nákominna, milli maka, fv. maka eða sambúðaraðila. Ferskar íslenskar rannsóknir liggja ekki fyrir á umfangi og útbreiðslu heimilisofbeldis, þ.e. milli fullorðinna. Rannsókn frá 1997 sýndi ótvírætt að slíkt ofbeldi væri viðvarandi (Skýrsla dómsmálaráðherra, 1997). Tölur hjálpar- og heilbrigðisstofnana og réttarkerfis sýna að ofbeldinu linnir ekki. Enn minna er vitað um umfang og útbreiðslu ofbeldis á heimilum gegn börnum. Hinar fáu rannsóknir á því hafa ná til lítilla hópa og beinast að afmörkuðum þáttum (t.d. kynferðislegu ofbeldi eða vanrækslu). Nýtt yfirlit sýnir að athygli fræðimanna og stofnana hefur fremur beinst að kynferðislegu ofbeldi en öðrum formum Guðrún Kristinsdóttir og Ingibjörg H. Harðardóttir). Þó að rannsóknir séu fáar og takmarkast við einstök form ofbeldis sýna tölulegar upplýsingar stofnana ótvírætt að börn eru beitt ofbeldi á heimilum hérlendis. Börn hafa ekki tjáð sig í rannsóknunum um viðfangsefnið, en nú stendur yfir athugun í Kenanraháskóla Íslands þar sem stór hópur barna

verður spurður um þekkingu, skilning og hugmyndir þeirra um rétt viðbrögð. Niðurstaðna er að vænta við n.k. árslok og síðar í áföngum en verkefnið er viðamikl og skiptist í þætti.

1. gr. Sameiginleg forsjá sem meginregla:

Forsjárnefnd hefur stuðst talsvert við niðurstöður í rannsókn Sigrúnar Júlíusdóttur og Nönnu K. Sigurðardóttur (hér eftir: SJ/NKS) á sameiginlegri forsjár og velferð barna við skilnað foreldra enda er hér um að ræða einu íslensku athugunina á efninu. Nefndin bendir í lokaskýrslu sinni frá 2005 m.a. á þær niðurstöður að sameiginleg forsjá hafi haft ýmis jákvæð áhrif í för með sér, sérstaklega er varðar aukna sameiginlega foreldraábyrgð. Ennfremur hafi komið í ljós lausir endar í framkvæmd og að upplýsingar og ráðgjöf skorti. SJ/NKS benda réttilega á að fara beri varlega í ályktunum um niðurstöðurnar og verða nú rædd nokkur atriði er það varðar.

Í fyrsta lagi er að foreldrar í rannsókn SJ/NKS voru brautryðjendur nýs forsjárfyrirkomulags, þar sem ákvæðið um sameiginlega forsjá var nýlegt í lögum þegar athugun fór fram. Hópurinn var hugsanlega ekki dæmigerður fyrir foreldra almennt og varlegt að álykta varðandi þann breiða hóp sem sannarlega fylgdi á eftir, sbr. uppl. í skýrslu forsjárnefndar um útbreiðslu sameiginlegrar forsjár. Þær SJ/NKS benda í rannsókn sinni á túlkun finnska fræðimannsins Kurki-Suonio, sem einnig ræðir um góða útkomu slíks hóps og segir hann hafa verið tekjuhærrí en almennt gerðist og haft meiri og jafnari menntun. *Vísbending sé um um að í slíkum hópi vegni börnum trúlega miklu betur en forsjárfyrirkomulaginu í sjálfu sér.* Í íslensku rannsókninni voru lífsskilyrði foreldra með sameiginlega forsjá betri og jafnari en meðal barnafjölskyldna almennt (m.a. heilsufar og menntun, sérlega mæðranna). Vitað er að stutt skólaganga, lágar tekjur og heilsufarsvandi fylgist almennt að við minni lífsskilyrði og lífsgæði. Ábending Kurki-Suonio kann því að eiga við um niðurstöður SJ/NKS, eins og þær benda á og er því ástæða til að huga sérstaklega að stöðu fjölskyldna í félagslegri áhættu í þessu sambandi. Löggjafinn þarf að spyrja sig hvort sérákvæði geta verndað börn gegn því að lenda í óhagstæðum aðstæðum sem leiðir m.a. af minnkandi afskiptum hins opinbera sem reglan um sameiginlega forsjá hlýtur að leiða af sér.

Í öðru lagi náði rannsókn SJ/NKS einungis til foreldra og segir því ekki til um reynslu barna, en hagsmunir þeirra eiga að vera í forgrunni við alla ákvarðanatöku. Í engu er gert lítið úr rannsókn SJ/NKS, þó að bent sé á að þekking er enn takmörkuð á reynslunni af sameiginlegri forsjá.

Í þriðja lagi: Í rannsókn SJ/NKS var spurt um lífsviðburði er hafa áhrif á samskipti og samvistir foreldra og barna eftir skilnað. Reyndust slík tilvik fá og svör kynjanna samhljóma. Hótanir voru þó í um 5 % og ofbeldi um 2% tilvika. Höfundar ræða um álagsþætti í sambúð foreldra fyrir skilnað, eins og ofbeldi og drykkju, er hafi áhrif á foreldrasamvinnu og umgengni við börn eftir skilnað og telja að í þeim tilvikum séu ekki forsendur fyrir sameiginlegri forsjá. Þau mál þurfi að meðhöndla öðruvísi og reyni þar á markvissa greiningu, bein fyrirmæli, aðstoð og traust eftirlit. Hér er tekið fyllilega undir það. Við mat á ofangreindum tíðnitölum skal haft í huga að almennt er álitíð í rannsóknum á heimilisofbeldi að tregðu gæti við að játa að ofbeldi og misbeiting eigi sé stað, t.d. vegna ótta, sektarkenndar og skömmustutilfinningar (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 1997, Hester, 2005, Mullender, Hague o. fl. 2002, Erikson, 2003). Þó að oft sé erfitt að fá fram upplýsingar um ofbeldið, ekki síst frá þeim aðila sem því sætir er auðvitað nauðsyn að löggjafinn reyni að girða sem mest fyrir að ofbeldismenn fái forsjá yfir barni sem er þá stofnað í hættu. Skilnaður eða sambúðarslit er vafalaust oft tilraun þess sem er misbeittur til að losa sig undan ofbeldinu. Þó að ofbeldi á heimilum nái til minnihluta fjölskyldna verður ekki horft fram hjá því að áhrif þess á börn eru oft alvarleg og langvarandi.

Áhrif ofbeldis á heimilum á börn eru margvísleg og spanna allt frá skaða fyrir fæðingu til ótta, ógnunar, lífshættu og til dauða, til að segja þetta í stuttu máli og mætti vitna til fjölmargra rannsókna (Hornor 2005). Undirr. hefur kynnt sér til hlítar ýmsar slíkar rannsóknir og vekur athygli á breska athugun Mullender o. fl. (2002). Hún er sérlega mikilvæg vegna umfangs og dýptar; og vakti athygli er hún kom fram, m.a. vegna þeirrar áherslu að spyrja stóran hóp barna um reynslu, þekkingu, skilning og viðbrögð við ofbeldi á heimilum. Algengustu áhrifin sem börnin í þeirri rannsókn, sem höfðu lifað við ofbeldi, lýstu eftir að því linnti voru ótti, einangrun og upplausn. Þau lifðu í sífelldu ótta um að ofbeldismaðurinn fyndi þau og um að hremmingarnar hefðust að nýju. Þau lýstu einangrun og upplausn vegna flutninga og dvala í ókunnugu umhverfi fjarri skóla, vinum, leikumhverfi, eigum, leikföngum o. fl. sem jók á óöryggi þeirra. Þrátt fyrir það vakti athygli að börnin voru yfirleitt ekki þögul eða óvirk fórnarlömb heldur brugðust börn á öllum aldri vip á margvíslegan hátt t.d. til verndar systkinum og mæðrum. Hafa skal hugfast að ofbeldi milli maka eða sambúðaraðila er samkvæmt skilningi fag- og fræðimanna jafnframt ofbeldi gegn barni vegna áhrifa þess að lifa við slíkt ástand.

Augljóslega eru löggjafanum takmörk sett við að girða fyrir umrætt ofbeldi og stundum erfitt að vita hvort það á sér stað eins og ofar sagði. Brýnt er þó að við breytingar sem hér eru lagðar til, verði sett sérákvæði um ákvarðanir um skipan forsjá þegar staðhæfingar koma fram um ofbeldi og misbeitingu. Með þeirri reglu sem frv. gerir ráð fyrir um sameiginlega forsjá sem meginreglu er hættara við en ella að ofbeldi þrífist áfram, *þrátt fyrir að gert er ráð fyrir úrskurði dómara ef deila ris*. Með því er m.a. átt við að ofbeldið getur hindrað að opinn ágreiningur komi upp *en sérákvæði gætu hjálpað til við að viðurkenna réttmæti þess að halda honum á lofti*. Það er því ekki einföld breyting nema hvað texta varðar sem hér er lögð til, þó því sé haldið fram í grg. um 1. gr. frv.

Sjálfsagt eru maargir sammála undirr. um að óskynsamlegt sé að viðhafa meginreglu um sameiginlega forsjá í málum þar sem ofbeldi er/ hefur verið á heimili og þar sem ógnin og afleiðingar hennar er enn til staðar. Þetta er og álit aðila í nágrannalöndunum, þar sem þessi mál hafa verið til skoðunar. Í Svíþjóð hefur til skamms tíma verið úrskurðað um sameiginlega forsjá í um það bil helmingi mála, þar sem foreldrar hafa deilt um ábyrgðina. Danielsen bendir á að þetta jafngildi því nánast að fela foreldrum sameiginlega forsjá þrátt fyrir ósamkomulag. Það virðist ekki hafa reynst vel, því að nýlega kom fram tillaga sem felur í sér að einungis megi úrskurða um sameiginlega forsjá ef talið er að foreldrar geta unnið saman úr atriðum er varða barnið. Með henni er ætlunin að sameiginleg forsjá verði úr sögunni, þar sem annað foreldri beitir annan fjölskyldumeðlim ofbeldi, áreitni eða annarri niðurlægjandi meðferð (Danielsen 2005).

Í Noregi er svipað upp á teningnum; þar var 2005 lögð fram tillaga um breytingu á barnalögum, til að tryggja betur hagsmuni barns í málum þar sem fram kemur að ofbeldi og misbeiting á sér stað. Gert er ráð fyrir svonefndri þvingaðri sáttumleitan (mekling) (Syversen 2005). Þessi tillaga gæti reynst erfið í framkvæmd til og verður athyglisvert að fylgjast með því. Gera verður ráð fyrir að í ofbeldismálum hamli ótti sáttumleitunum umtalsvert og leiði í versta falli til möguleika á hættulegum nálgunum í því skyni til að halda ofbeldinu áfram. Rannsóknir hafa sýnt slæm dæmi um að slíkt. Hester rannsakaði þetta og bendir á að konur sem hafa verið beittar ofbeldi vilji ekki taka þátt í að hitta ofbeldismaðurinn, séu haldnar miklum ótta við taka þátt í sáttumleitunum þegar hann er til staðar og geti ekki tjáð sig (Hester 2005). Hætt sé við að þær verði undir í slíku ferli, þar sem vald og aðhald karlsins ráði ferðinni beint eða óbeint. Hester bendir á að viðurkenndir breskir sáttumleitendur mæli ekki með slíkum fundum þegar ofbeldi er á ferðinni. Á nokkrum héraðskrifstofum í Danmörku hafi verið reynt að halda aðskilda fundi með aðilum. Ekki sé fullreynt hvort það verði til bóta eða leggi einungis frekari byrðar á herðar þolenda sem oftast eru konur. Þessa lærdóma þyrfti að hafa í huga við athugun á raunhæfi sáttumleitana sem

leið til lausna. Þrátt fyrir að þolendur eigi erfitt með að tjá sig beint kann að liggja fyrir vitneskja og staðhæfingar um ofbeldi sem hægt er að nýta til að við hafa sérákvæði.

TILLAGA: Í barnalögum verði breytt. Við 31 gr. bætist ný mgr., með ákvæði eitthvað á þá leið að:

Þegar sem staðhæfing aðila kemur fram um ofbeldi, áreitni eða misbeitingu milli aðila við skilnað eða slit á skráðri sambúð skal úrskurða um skipan forsjár með dómi. Einungis má úrskurða um sameiginlega forsjá yfir barni ef ætla má að foreldrar geti unnið saman úr atriðum er varða forsjárskyldur. Til að tryggja hagsmuni barns í málum þar sem staðhæfing er um ofbeldi, áreitni eða misbeitingu milli hinna fullorðnu skal beitt faglegri ráðgjöf eftir því sem mögulegt er talið til farsællar lausnar á máli.

Enn um um 1. gr. frv.

Þegar sett er fram tillaga um að sameiginleg forsjá verði meginregla er eðlilegt að mörg atriði er hana varðar verði skoðuð rækilegar áður en gengið er frá málinu. Tillögur um frekari ráðgjöf og kynningu eru þörf framkvæmdatriði en mikilvægt er að lögin séu skýr. Undirr. tekur því undir tillögu forsjárnefndar að skilgreina þurfi í lögum *hvað felist í* sameiginlegri forsjá, bæði hvaða ákvarðanir foreldrar skuli taka sameiginlega og hvað heyri undir foreldri þar sem barnið hefur lögheimili. Hafa má til hliðsjónar og staðfæra reynslu og ákvæði nágrannalanda, sjá t.d. Danielsen, 2005:30.

1. gr. liður b.

Engin aths. er gerð, svo fremi sem tillaga um nýja mgr. í 31. gr. barnalaga sbr. hér að ofan verði bætt við. Ef ekki, skal bent á eftirfarandi:

Tillaga í frv. er varðar lið b, 1. gr. felur í sér að foreldrar geti samið um að forsjáin verði í höndum annars þeirra. Kostir við þetta fyrirkomulag eru ótvíráðir þar sem lífið er slétt og fellt. Minnstu mögulegu afskipti hins opinbera af einkalífi fólks við skilnað og slit sambúðar eru tvímælalaust æskilegasti kostur. Með fyrirkomulaginu væri og talsverðri byrði létt af úrskurðaraðilum. Mörgum foreldrum kann að veitast þetta létt en öðrum torvelt eða ómögulegt. Breytingin kann að virðast einföld en til að samningar séu réttlátir þurfa foreldrar að sitja við sama borð sem ekki er alltaf.

Oft dugir tilboð um ráðgjöf hjá sýslumanni auk þess sem ýmsir leita sér aðstoðar annarra fagmanna og fá góða úrlausn. Öðru máli skiptir í deilu-, átaka- og ofbeldismálum og vandinn við tillögu í 1.gr. b lið í frv. snýr að þeim. Í slíkum tilvikum er rík nauðsyn að hið opinbera verndi hagsmuni barusins. Tillagan gerir ekki nægilega ráð fyrir þeim raunveruleika þar sem t.d. ofneyslu vimuefna ræður ríkjum og þar sem átök, áreitni og annað heimilisofbeldi þrífst í skugga valdbeitingar. Ekki er hægt að líta fram hjá heimilisaðstæðum, þar sem ofbeldi milli nákominna á sér stað, oftast er það ofbeldi karls gegn konu en stundum öfugt og alloft beinist slíkt einnig að börnum. Þær rannsóknir sem hafa verið gerðar á þessu héraendis, svo og margvíslegar tölur hjá opinberum stofnunum, sýna að ofbeldi á heimilum er viðvarandi vandamál. Sem betur fer virðist það einungis eiga við um minnihluta heimila, þó útbreiðslan sé í raun ekki nákvæmlega fastlögð. Þeir eru nógu margir til að hinu opinbera ber skylda til skv. íslenskum lögum og alþjóðasáttmálum að halda úti viðeigandi verndarráðstöfunum. Við álag s.s. við skilnað og sambúðarslit dregur yfirleitt ekki úr slíkum átökum nema siður sé.

Við umræddar aðstæður eru einmitt líkur á að þolandi æski þess að forsjáin verði í höndum annars aðilans. Hann/hún kann hins vegar að eiga erfitt með tjá sig opið án liðsinnis annarra og erfitt kann að reynast að semja um slíkt. Því sýnist nauðsyn að hið opinbera komi að málum af þessu tagi með afgerandi hætti og viðurkenni á þann hátt vandann sem felst ofbeldismálum á heimilum, en ákvarðanir ekki lagðar alfarið í hendur foreldra.

Um hagsmuni og sjónarmið barnsins

Við lagabreytingar þar sem hagsmunir stangast á, s.s. við deilur um skipan forsjár og umgengni er mikilvægt að styðjast við sem heildstæðasta þekkingu á högum aðila. Rannsóknir sýna að þegar aðilar í fjölskyldu og umhverfi barns eru spurðir um sams konar atriði kemur ekki ósjaldan fram umtalsverður munur í niðurstöðum og svörum fullorðinna og barna. Því ber að álykta varlega um málefni þar sem einungis fullorðnir eru spurðir um hag barna og foreldra.

Ofangreind rannsókn SJ/NKS á sameiginlegri forsjá og velferð barna við skilnað foreldra byggir á svörum frá foreldrum sem er í góðu samræmi við markmið hennar. Eins og áður sagði er ekkert vitað um álit barna og reynslu af sameiginlegri forsjá hérlendis en styðjast má að nokkru við erlendar athuganir.

Margar rannsóknir í ýmsum löndum á sl. 15 – 20 árum þar sem börn eru spurð á virkari hátt en áður hafa leitt af sér nýja þekkingu á stöðu þeirra, reynslu og upplifunum. Undirr. hefur gefið fylgst með þessari þróun um tíma (Guðrún Kristinsdóttir, 1996). Án þess að varpa ábyrgð á börnin geta menn því hagnýtt þekkingu á reynslu barna og skilningi á nýjan hátt og m.a. til að fyrirbyggja misbeitingu af ýmsu tagi. Þessar rannsóknir ná ekki eingöngu til skilnaðarmála. Börn hafa t.d. verið spurð um líðan, breytingar á lífi þeirra, erfiðleika og um afskipti og aðstoð í annarri opinberri starfsemi (Butler and Williamson 1994; Hill 1999; Sandbæk 1999). Áberandi er að börnin segjast fá óljósar útskýringar, þau skilji ekki hvaða breytingar er verið að útlista og kvarta undan ónógu samráði. Börn allt niður í forskólaaldur óska eftir því að fullorðnir gefi sér tíma til að horfa og skoða aðstæður, hlusta, útskýra og hafa samráð (Hill 1999). Þessi þróun er bæði almenn og sértæk og hefur m.a. beinst að forsjár- og umgengnisréttarmálum (Øvreide 1998; Asta-Bo, Koberg Christiansen et al. 2002; Weinehall 2005). Ástæða er til að taka tillit til þess í löggjöf að mynd barna af ýmsum vanköntum í ákvarðanatöku fullorðinna um mikilvæg atriði sem þau snerta hefur skýrst að mun síðustu ára og traust til trúverðugleika og tjáningarhæfni barna hefur aukist umtalsvert.

Undirr. tekur því undir tillögur Sigrúnar Júlíusdóttur og Nönnu K. Sigurðardóttur í kjölfar rannsóknar þeirra um að börn fái sjálf heimild í barnalögum til að óska eftir talsmanni og að í tilvikum þegar um forsjáragreining er að ræða sé börnum sjálfkrafa skipaður talsmaður. Það er í einnig samræmi við samninginn um réttindi barnsins að auka bein áhrif barna á eigin málefni. Benda má á að t.d. Svíar hafa í þessum anda aðlagð ýmis ákvæði barnaréttar mjög að sáttmálanum (Guðrún Kristinsdóttir, 2004).

2. gr. Umgengni

Í grg. er vísað til umgengnistálmana af hálfu foreldra. Alvarlegt er ef slík tálmun grefur undan jákvæðum tengslum barns og foreldri eða dregur úr möguleikum á að treysta slík bönd eftir samvistaslit. Ástæða er þó til að vara við því að ganga of hart fram í að þvinga fram umgengni barns við foreldri sem ekki hefur forsjá þess. Almennt er viðurkennt að samvinna foreldra gagnast barninu best og leita þarf ítrustu ráða til að koma henni á.

Enn er vikið að ofbeldi á heimilum. Í Bretlandi hefur verið bent á að tregða við umgengni hafi oft snúist óréttlátlega í höndunum á mæðrum sem hafa búið við heimilisofbeldi og þar sem þær hafa verið áfram í hættu. Þeim og lögmönnum þeirra hafi til skamms tíma reynst erfitt í slíkum tilvikum að sýna fram á að umgengni í slíkum málum væri óskynsamleg. (Mullender, Hague o.fl.) Á meðan því fór fram tóku rannsóknir að sýna að sum börn og mæður voru raunverulega í hættu er umgengnin átti sér stað og sérstaklega þegar börnin voru sótt eða farið með þau. Hester og Radford rannsókuðu umgengni í fjölskyldum sem heimilisofbeldi var í Bretlandi og Danmörku. Niðurstöður þeirra sýndu hroðaleg dæmi um að karlar notuðu umgengni við börnin til að beita mæður ofbeldi og notuðu stundum grófar aðferðir sem stefndu bæði börnum og mæðrum í alvarlega hættu (Hester og Radford 1997). Mullender og fl. (2002:202) sem ræddu við börn og mæður fundu einnig mörg slík tilvik og

m.a. um lífshættu vegna ofbeldis gegn börnum og mæðrum í tengslum við umgengni barna við feður eftir skilnað. Viðtöl við börnin sýndu tilfinningalega togstreitu. Þó að sum vildu treysta og virða feður sína leið þeim illa vegna mæðra sinna og ofbeldisins. Börnin studdust mikið við vini, féлага og aðra fullorðna þar sem þeim reyndist umgengnin erfið. Nefna Mullender o.fl. mikla almenna hæfni barnanna til að ræða um og ráða fram úr erfiðleikum. Er það talið mikilvægur lærdómur sem feli í sér með skilaboð um dómgreind og álit barna á aðstæðum eer hlusta beri (meira) á. Kynjamunur kom fram, mæður óskuðu fremur eftir reglubundinni umgengni en feður eftir stuttum fyrirvara og voru á móti föstum tímum sem reyndist leiddi til óöryggis hjá börnum. Sumir karlar notuðu umgengnina til að fá upplýsingar um konurnar og ná stjórn á þeim. Mæður gengu langt í að viðhalda umgengni þrátt fyrir hættu og flækjur í framkvæmdu

Hester fjallar í nýlegri rannsókn um baráttu feðra fyrir umgengni á sl. árum sem hún telur hafi reynst árangursrika í Danmörku; réttur ókvæntra feðra hafi aukist og réttur mæðra til forsjár minnkað. Umgengnistálmanir séu nú færðar sem rök fyrir því að forsjá færast milli foreldra. Þetta sé árangur af baráttu feðra og byggi ekki á athugunum; umgengistálmanir hafi ekki verið rannsakaðar. Ríkjandi sjónarmið í kjölfar dönsku laganna frá 1995 um að umgengni barna við foreldra sem þeir búi ekki hjá tryggi hagsmuni danskra barna gangi á snið við velferð og öryggi þeirra (Hester 2005). Ekki sé tekið tillit til rannsóknarniðurstaðna er sýni að umgengni feðra við börn tryggi ekki gott uppeldi, þessu sé í raun gagnstætt farið þegar um fjölskylduofbeldi sé að ræða. Dæmi séu jafnvel um að feður fái forsjá í málum þar sem kynferðisleg misnotkun á sér stað og hafi það einnig gerst í Svíþjóð. Hester segir að nú séu teikn á lofti um endurskoðun í ljósi reynslunnar. Starfshópur vinni að breytingum en hafi þó ekki enn tekið á ofbeldi karla í fjölskyldum í tengslum við forsjá og umgengni. Danielsen (2005:28) segir einnig að umgengni hafi ofarlega á baugi í umræðu um breytingar í Danmörku. Feðrahópar telji að umgengni sé oft tálmuð. Samtímis taldi mæður því fram að réttmætum mótrökum þeirra gegn umgengni sé hafnað. Þarna virðast því standa orð gegn orði og nákvæmari athuganir skorti. Hér er um flókið og torvelt úrlausnarefni að ræða en jafnframt mikilvægt. Hérlandis birtast reglulega blaðagreinar frá feðrum um forsjárleysi og umgengnistálmanir en mun minna virðist heyrast í mæðrum á þeim vettvangi.

Með tillögu í 2. gr. frv. er reynt að leysa að nokkru úr vanda sem tengist því ef umgengni er tálmuð. Athyglisvert er að líta til ofangreindrar reynslu Dana og Svía. Ljóst er að vanlíðan foreldris sem barnið býr ekki hjá vegna umgengnistálmana getur valdið barninu óöryggi og erfiðleikum. Sterk áhersla á umgengni kann þó að ganga á snið við hagsmuni barnsins. Áherslu á rétt foreldra ber að forðast enda í fullkomnu ósamræmi við barnalög, fyrst og fremst er forsjárskyldan við barnið og réttur barnsins til forsjárinnar. Brýnt virðist að athuga umræddar umgengnistálmanir frá sem flestum hliðum. Finna þarf leiðir til að greina á milli mála þar sem barn og fullorðinn sem beittur er ofbeldi er í hættu og mála, þar sem almenn þvermóðska, hefnigirnd eða annað atferli er á ferðinni sem setur barnið í hættu og veldur því vanlíðan. Undirir. hefur leyft sér að benda á nokkur atriði úr erlendri umfjöllun um þetta atriði án þess að setja fram beina tillögu. Þvinganir eru síðasta hálmstráíð og ber löggjafanum fremur að auka ráðgjöf og stuðning við alla aðila en að herða á þeim.

Heimildir

- Alderson, P. (1995). *Listening to Children*. Ilford, Barnardos.
- Asta-Bo, K., Koberg Christiansen, L., Gehl, I., Rump, K., J. (2002). *Se - det er mig i stormvejr. Skilsmissebørn og samværskonflikter*. København, Nyt juridisk forlag.
- Butler, I., og H. Williamson (1994). *Children speak, Trauma and Social Work*. Essex, Longman.
- Danielsen, S. (2005). "Foreldreansvar, innhold og beslutningsmulighet ved felles foreldreansvar - felles foreldreansvar i konfliktfylde familier." *Rapport fra Nordisk seminar om barnerett*. København, Nordisk Ministerråd, TemaNord 2005:581.

- Dóms- og kirkjumálaráðuneytið (2005). *Forsjárnefnd. Lokaskýrsla til dómsmálaráðherra*. Dögg Pálsdóttir, Oddný Vilhjálmsdóttir, Ólafur Þ. Stephensen Reykjavík, mars.
<http://www.domsmalaraduneyti.is/media/Skyrslur/Forsjarnefnd-lokaskyrsla.pdf>
- Dóms- og kirkjumálaráðuneytið (1997 febrúar). *Skýrsla dómsmálaráðherra um orsakir, umfang og afleiðingar heimilisofbeldis og annars ofbeldis gegn konum og börnum*. Reykjavík.
- Erikson, M. (2003). *I skuggan av pappa. Familjerätten och hanteringen av faders våld*. Stehag, Förlags AB Gondolin.
- Guðrún Kristinsdóttir og Ingibjörg H. Harðardóttir (2005). *Þekking barna á ofbeldi á heimilum*. Reykjavík, Kennaraháskóli Íslands. Óbirt greinargerð.
- Guðrún Kristinsdóttir (2004). (Ritstj.). *Barnaverndarmál. Skilgreining hugtaksins og samanburður við nágrannalönd*. Reykjavík, Félagsþjónustan í Reykjavík.
[http://www.velferdarsvid.is/upload/files/Barnaverndarmal_skilgreining_hugtaksins\(1\).pdf](http://www.velferdarsvid.is/upload/files/Barnaverndarmal_skilgreining_hugtaksins(1).pdf)
- Guðrún Kristinsdóttir (1996). "Vænleg vinnubrögð, samvinna við mæður og börn." *Barnið og samfélagið*. Samtök félagsmálastjóra á Íslandi: 56 - 73.
- Guðrún Kristinsdóttir (1992). "Svår balansgang í ísländsk proposition om barnavård." *Retfærd*, 14,(2), 66 – 84.
- Hester, M. (2005). "Children, abuse and parental contact in Denmark." Í Erikson, M., Keskinen, S. og Pringle, K. (Ritstj.). *Tackling men's violence in families. Nordic issues and dilemmas*. Bristol, Policy Press.
- Hester, M. og L. Radford (1997). "For the sake of the children: The law, domestic violence and child contact in England." *Women's Studies International Forum*, 20(4): 471 - 482.
- Hill, M. (1999). "What's the problem? Who can help? The perspectives of children and young people on their well-being and on helping professionals." *Children and Society* 13(2): 135-145.
- Honor, G. (2005). "Domestic Violence og Children." *Jn. of Pediatric Health Care* 19(4): 206 - 211.
- Mullender, A., G. Hague, Imam U., Kelly L., Malos E., Regan L. (2002). *Children's Perspectives on Domestic Violence*. London, Sage.
- Sandbæk, M. (1999). "Children with problems: focusing on everyday life." *Children & Society* 13(2): 106-118.
- Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir. (2000). *Áfram foreldrar*. Reykjavík, Háskólaútgáfa.
- Syversen, H. O. (2005). "Farskap. Gjenopptakelse av farsskapssak med fokus på større barn, herunder bevismulighetene i disse sakene." *Rapport fra Nordisk seminar om barnerett*. København, Nordisk Ministerråd, TemaNord 2005:581.
- Weinehall, K. (2005). "Take my father away from home, children growing up in the proximity of violence." Í Erikson, M., Keskinen, S. og Pringle, K. (Ritstj.). *Tackling men's violence in families. Nordic issues and dilemmas*. Bristol, Policy Press.
- Øvreeide, H. (1998). *At tale med børn. Samtalen med børn som redskab i børnesager*. København, Hans Reitzels.

Alþingi
Erindi nr. P 132/209
komudagur 28.11.2005



Heimili og skóli
Landssamtök foreldra

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. nóvember 2005

**Umsögn um tillögu til þingsályktunar þskj. 294 – 279. mál
um breytingu á nokkrum lögum á sviði sifjaréttar**

Heimili og skóli gerir engar athugasemdir við frumvarpið.

F.h. Heimilis og skóla

Elin Thorarensen
Elín Thorarensen, framkvæmdastjóri.



Alþingi
Erindi nr. P 132/589
komudagur 11.1.2006

ÍSLENSK ÆTTLEIÐING
ICELANDIC ADOPTION SOCIETY

15.12.2006

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8 – 10,
150 Reykjavík.

Umsögn stjórnar Íslenskrar Ættleiðingar um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum á sviði sifjaréttar, 11 kafli, um breytingu á lögum um ættleiðingar.

Stjórn Íslenskrar ættleiðingar gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaðrar breytingar samkvæmt greinum 5 – 7 í frumvarpinu.

Fyrirhuguð breyting skv 8. grein frumvarpsins um breytingu á 32. gr. Ættleiðingarlaga no. 130 31. desember 1999, sem heimilar framlengingu á gildistíma forsamþykkis í allt að 12 mánuði, er augljóslega til bóta fyrir umsækjendur.

F.h. stjórnar Íslenskrar ættleiðingar

Ingibjörg Jónsdóttir, formaður



Alþingi
Erindi nr. P 132/258
komudagur 30.11.2005

Jafnréttisstofa

Alþingi
Allsherjanefnd
150 Reykjavík.

Akureyri 28. nóvember 2005

Efni: Umsögn Jafnréttisstofu um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði sifjaréttar, 279. mál, sameiginleg forsjá barns ofl.

Með bréfi dags. 17. nóvember 2005 óskaði nefndin eftir umsögn Jafnréttisstofu um frumvarpið. Eftirfarandi er umsögn stofnunarinnar:


Varðandi ákvæði um sameiginlega forsjá vill Jafnréttisstofa koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Stofan telur það í samræmi við þróun jafnréttismála (sbr. fæðingar- og foreldraorlofslög) að forsjá barna við skilnað og sambúðarslit sé sameiginleg hjá foreldrum þeirra. Það er einnig í samræmi við þróun landa sem við berum okkur saman við. Áhrif slíkra ákvæða í jafnréttisátt er þó að hluta háð því að jafnrétti ríki á öðrum sviðum. Í flestum tilfellum fer móðir með forsjá barns eða að barn er búsett hjá móður sé um sameiginlega forsjá að ræða. Réttarstöðu feðra við skilnað hefur verið ábótavant. Ef frumvarpið verður að lögum verður um réttarbót að ræða sérstaklega fyrir feður.

Sameiginleg forsjá barna við skilnað og sambúðarslit hlýtur almennt að teljast til hins góða þar sem hugmyndin er að tryggja barni aðgengi að báðum foreldrum sínum. Þó ber að taka fram að fjöldi kvenna býr við ofbeldi af hálfu maka og fyrrverandi maka. Reynslan sýnir að við sameiginleg forsjá getur gert konum erfiðara um vik að losna úr viðjum slíkra sambanda, og bitnar ástandið ekki síst á þeim börnum sem í hlut eiga. Sameiginleg forsjá getur því verið framlenging á ofbeldinu. Því vill Jafnréttisstofa hvetja til þess að verði sameiginleg forsjá að meginreglu við skilnað eða sambúðarslit verði sérstaklega tekið tillit til þeirra sérstöku aðstæðna sem skapast við slit ofbelidssambanda. Þá telur Jafnréttisstofa verulega þörf á að auka ráðgjöf og aðra þjónustu við fjölskyldur vegna skilnaðar eða sambúðarslita í slíkum tilvikum.

Að mati Jafnréttisstofu er ekki sjáanlegt annað sem varðar markmið laga nr. 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Virðingarfyllt


Margrét María Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri



Alþingi
Erindi nr. P 132/684
komudagur 18.1.2006

Reykjavík
18. janúar 2006

v/132. löggjafarþing
v/Þskj. 294 – 279. mál

Umsögn frá Samtökum um kvænnaathvarf um frumvarp til laga

Um breytingar á nokkrum lögum á sviði sífjaréttar

Samtök um kvænnaathvarf vara við því að sameiginleg forsjá verði sett sem meginregla án þess að tillit sé tekið til þess hvort ofbeldi hafi verið beitt á heimili fyrir skilnað eða í skilnaðarferlinu. Markmið barnalaga hlýtur meðal annars að vera að tryggja öryggi barna og vernda þau fyrir ofbeldi. Miðað við umfang kynbundins ofbeldis hér á landi, sem fram kemur í ársskýrslum Samtaka um kvænnaathvarf, Stígamóta og Neyðarmóttöku vegna nauðgana, er ljóst að sameiginleg forsjá getur ekki verið öllum börnum í hag. Í opinberri stefnumótun vantar sárlega að tekið sé tillit til þeirrar þekkingar sem til er um eðli, umfang og afleiðingar kynbundins ofbeldis. Vísað er til umsagnar um frumvarp til laga um breytingar á almennum hegningarlögum (heimilisofbeldi, 365. mál) þar sem lagt er til að skipuð verði sérfræðinefnd til að fjalla um kynbundið ofbeldi og koma þekkingunni á framfæri, meðal annars við lagabreytingar. Slík sérfræðinefnd myndi skoða forsjármál út frá hagsmunum barna þegar ofbeldi er beitt af hendi forsjáraðila barnsins gegn barninu sjálfu eða öðrum.

Við skilnað er algengt að fólk gangist inn á ýmislegt til að hraða skilnaðarferlinu og oft liggja langtímahagsmunir á milli hluta. Þá verður einnig að taka tillit til þess að ef um ofbeldi karls gegn konu er að ræða geta mæður samþykkt sameiginlega forsjá undir þrýstingi eða jafnvel hótunum. Ofbeldi inni á heimilum kemur alltaf niður á börnum, hvort sem ofbeldið beinist gegn þeim sérstaklega eða ekki. Ef ofbeldi hefur verið beitt inni á heimili barns þarf að taka tillit til þess við forsjárdeilur, óháð því gegn hverjum ofbeldið beinist. Sömuleiðis verður sérstaklega að huga að ofbeldi tengt skilnaði, en þekkt er að kynbundið ofbeldi byrji, eða magnist, við skilnað.

Eðli kynbundins ofbeldis, eða heimilisofbeldis, er langvarandi kúgun og valdniðsla og því getur verið erfitt að festa hendur á ákveðnu tilviki. Forsenda þess að tillit sé tekið til þáttar ofbeldis við forsjárúrskurð má því ekki vera að kæra liggja fyrir um einstaka líkamsárás eða annað atvik. Tölfræði Samtaka um kvænnaathvarf greinir frá því að aðeins 7-12% kvænna sem til Kvænnaathvarfsins leita kæra ofbeldi gegn sér. Fjöldi barna sem býr við ofbeldi inni á heimilum er umtalsverður, en aðeins brot af þeim hópi kemur fram í opinberum tölum. Brýnt er að gæta hagsmuna þessara barna. Því þarf að taka til greina umsögn starfsfólks barnaverndar eða annarra félagsráðgjafa sem eru hæfir til að meta hættu sem börnum stafar af ofbeldi inni á heimilum.

Lítið er vitað um aðbúnað barna innan fjölskyldna þar sem fáar rannsóknir hafa verið gerðar hér á landi og takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir. Til að móta stefnu í þessum málum þarf til dæmis að skoða það hvernig umgengnissamningar eru virtir,

hver ber fram ósk um að umgengnissamningar séu gerðir, hvernig sameiginleg forsjá reynist og á hvaða grunni óskir koma fram um breytta forsjá. Þá vantar tilfinnanlega rannsóknir á því hversu mörg börn búa við ofbeldi á heimilum á Íslandi. Í Svíþjóð upplifa 10% barna ofbeldi á heimilum einhvern tímann og 5% búa við endurtekið ofbeldi¹. Ekki er ástæða til að ætla að íslenskt samfélag sé mjög frábrugðið því sænska að þessu leyti og er áætlaður fjöldi barna á Íslandi sem upplifir ofbeldi á heimilum því slíkur, að ekki verður litið fram hjá þessari staðreynd.

Samtök um kvennaathvarf lýsa furðu sinni á því að ekki sé orði vikið að kynbundnu ofbeldi og hættu því samhliða fyrir börn í frumvarpinu og sömuleiðis er frumvarpið kynhlutlaust. Við búum ekki í kynhlutlausu samfélagi og við alla lagasetningu þarf að taka mið af því hvaða áhrif breytingar hafa á konur og karla. Íslensk stjórnvöld hafa samþykkt að taka mið af kynjasjónarmiðum við lagagerð og lagabreytingar með samþykkt Peking-áætlunar Sameinuðu þjóðanna frá 1995. Það frumvarp sem nú liggur fyrir uppfyllir ekki þær samþykktir né jafnréttislög nr. 96/2000 en markmiðum þeirra skal náð m.a. með því „að vinna að jöfnum áhrifum kvenna og karla við ákvarðanatöku og stefnumótun í samfélaginu.”

Ný-sjálensku lög

Það land sem lengst er komið í að vernda börn gegn ofbeldi eftir skilnað er Nýja Sjáland, en þar voru samþykktar breytingar á lögum um forsjá árið 1995 í þeim tilgangi að vernda börn gegn ofbeldi. Innihald laganna er að manneskja beitir barn andlegu ofbeldi ef hún: a) verður þess valdandi eða leyfir barni að sjá eða heyra líkamlegt, kynferðislegt eða andlegt ofbeldi gegn annarri manneskju sem stendur barninu nærri eða barnið býr með, b) veldur barninu hættu á að sjá eða heyra ofbeldi.

Andi ný-sjálensku laganna er sá að fórnarlamb heimilisofbeldis ber aldrei ábyrgð á því að barn verði vitni að ofbeldi heldur er ábyrgðin sett þar sem hún á heima, hjá ofbeldismanninum. Forsjá barna fer til þess foreldris sem ekki beitir ofbeldi og umgengni er metin út frá nokkrum þáttum þegar ofbeldi hefur átt sér stað:

- hversu umfangsmikið og alvarlegt ofbeldið hefur verið
- hversu nýlega hefur ofbeldi átt sér stað
- hversu títt er ofbeldið
- hverjar eru líkur á að ofbeldi haldi áfram
- hvert er andlegt og líkamlegt tjón barnsins
- hvert er mat foreldris á öryggi barnsins í umsjá þess foreldris er beitir ofbeldi
- hver er vilji barns, metið út frá þroska þess
- hvað hefur sá sem ofbeldinu beitti gert til að hindra að það endurtaki sig

Út frá þessum þáttum er metið hvort umgengni eigi að vera undir eftirliti.²

Reynsla Svía

Í Svíþjóð voru sett ný lög um forsjá barna árið 1998 en þar var ekki tekið sérstakt tillit til öryggis barna gegn kynbundnu ofbeldi. Í sænsku lögunum var kveðið á um sameiginlega forsjá sem meginreglu og má segja að það frumvarp sem nú er til umræðu sé

¹ Barnens bästa, föräldrars ansvar, SOU 2005:43, Stockholm, 2005

² Sjá: The Guardianship act 1968 as amended. Special provisions in relation to cases involving violence, 16B:5 og einnig Peter Jaffe, Child Custody & Domestic Violence, a Call for Safety and Accountability, Sage Publications, 2002

sama eðlis. Því er mikilvægt að læra af reynslu Svía og hlusta á þá gagnrýni sem löginn þar í landi hafa sætt. Umboðsmaður barna í Svíþjóð gerði úttekt á lögnum og komst að þeirri niðurstöðu að þau vernduðu börn ekki sem skyldi. Í forsjárdeilum sem rötuðu til dómstóla var ekkert tillit tekið til þess hvort um ofbeldi hafi verið að ræða innan fjölskyldunnar. Umboðsmaður barna gerir það að tillögu sinni að meginreglan skuli vera sú að ef um ofbeldi er að ræða fyrir skilnað, eða í skilnaðarferlinu skuli forsjá barns vera í höndum þess foreldris sem ekki beitir ofbeldi, sem sagt að feta nýsjálenska slóð í forsjármálum. Rökin fyrir þessu er að það foreldri sem hefur þurft að sæta ofbeldi þurfi að hafa sem minnst samskipti við ofbeldismann þar sem öryggi barnsins er háð öryggi forsjárforeldris. Þetta þýðir líka að forsjárforeldri geti eitt tekið ákvarðanir er varða barnið, svo sem um búsetu, og meðferð við andlegri og líkamlegri vanlíðan, en það foreldri sem hefur beitt ofbeldi má ekki hindra barn í að fá til dæmis sálfræðiaðstoð. Þá verði að taka tillit til afstöðu foreldra til ofbeldis, undangengið ofbeldi, hótanir um valdbeitingu o.s.frv. Áhættumat skal alltaf fara fram ef grunur leikur á að um heimilisofbeldi hafi verið að ræða. Það áhættumat er á ábyrgð dómstóla og má endurskoða eftir ákveðinn tíma.³

Þegar löginn voru sett í Svíþjóð 1998 var vilji löggjafans að börn yrðu vernduð gegn ofbeldi en sú varð ekki raunin með lagasetningunni, þar sem skýr ákvæði vantaði og þekking á ofbeldi var ábótavant hjá félagsmálayfirvöldum og dómstólum.

Gagnrýni á sænsku löginn snýr einnig að því viðhorfi sem virðist vera ríkjandi í lögum og dómahefð, að menn sem beita maka ofbeldi geti þrátt fyrir það verið góðir feður. Nútímaþekking og viðhorf snúa hins vegar að því að börn sem búa við það að einhver beitir ofbeldi inni á heimilum, verða fyrir sálrænu tjóni. Það er því beint andlegt ofbeldi gegn börnum að setja þau í þá stöðu að búa á heimili þar sem ofbeldi er beitt. Í þessu sambandi má benda á rannsóknir Mariu Eriksson en hún varar við því viðhorfi að kjarnafjölskyldunni skuli haldið saman jafnvel þó að til skilnaðar komi gegn öryggi barnanna. Það mat að börn skuli hafa nánast daglegt samband við báða foreldra þrátt fyrir skilnað virðist vega þyngra en öryggi barna gagnvart foreldrum. Kynbundið ofbeldi er ekki tekið inn í mat á umgengni og forsjá í Svíþjóð nema fyrir liggja dómur í máli, ofbeldið hafi verið líkamlegt, langvarandi og að stórsjá í konunni. Konan sé augljóslega hrædd og hafi orðið fyrir sálrænu tjóni eða að maðurinn hafi haft í frammi líflátshótanir. Maria Eriksson varar við því að aðeins ofangreint verði lagt til grundvallar við mat á umgengni og forsjá og ætti grunur um að ofbeldi hafi verið beitt að vera nóg til að mat fari fram á öryggi barnsins í umsjá foreldra.⁴

Sænsku löginn hafa fengið svo mikla gagnrýni að þau eru til umfjöllunar aftur og nýtt stjórnarfrumvarp er væntanlegt í vor þar sem tekið er tillit til gagnrýni fræðimanna, sérfræðinga um kynbundið ofbeldi, umboðsmanns barna og fleiri. Danmörk er einnig að skoða sína löggjöf varðandi forsjá og umgengni út frá sömu forsendum.

Lokaorð

Forsendur þess að um sameiginlega forsjá sé að ræða er að foreldrar geti unnið saman að velferð barnsins. Foreldrar þurfa ekki að deila skoðunum að öðru leyti en því sem snertir barnið. Sameiginleg forsjá sem meginregla er ekki endilega til hagsbóta fyrir barnið eins og reynsla Svía hefur kennt okkur. Reyndar má segja að með

³ När tryggheten står på spel, BR2005:02, Barnombudsmannen, Stockholm, 2005

⁴ Maria Eriksson, I skuggan av pappa. Familjerätten och hantering av faders våld. Stehag: Förslags AB Gondolin, 2003

fyrirliggjandi frumvarpi séu Íslendingar tíu árum á eftir öðrum löndum í hugmyndum um sameiginlega forsjá og umgengni. Samtök um kvennaathvarf vara við því að lög um sameiginlega forsjá sem meginreglu séu sett án undangenginna rannsókna og að teknu tilliti til reynslu annarra þjóða. Ef það er ekki gert lendum við í þeirri gryfju að endurtaka mistök sem þegar hafa verið gerð hjá nágrannaþjóðunum. Vegna umfangs kynbundins ofbeldis hér á landi er nauðsynlegt að taka þann þátt skýrt inn í ákvarðanatökur um forsjá og umgengni barna, að öðrum kosti er öryggi þeirra ekki tryggt. Við frumvarp sem þetta þarf að vera tryggt fullt samráð við fagfólk á öllum stigum, ekki síst sérfræðinga um stöðu kynjanna og vinna þarf tillögur í takt við aðrar lagabreytingar og vinnureglur.

Að lokum skal bent á viðamikil rannsóknarverkefni sem unnið var með styrk Norrænu ráðherranefndarinnar og ber nafnið *Kön och våld*, en þar má finna verkefni sem sérstaklega fjalla um ofbeldi innan fjölskyldna og hvernig það hefur áhrif á börn fyrir og eftir skilnað.⁵ Sömuleiðis má benda á greinasafnið *Tackling men's violence in families, Nordic issues and dilemmas*, sem ritstýrt er af Maria Eriksson, Marianne Hester, Suvi Keskinen og Keith Pringle og útgefið af The Policy Press, 2005.

Samtök um kvennaathvarf þjóða hér eftir sem hingað til fram aðstoða sína og sérfræðipækkingu á sviði kynbundins ofbeldis við lagasmíð, aðra opinbera stefnumótun og fræðslu.

Samtök um kvennaathvarf

⁵ <http://www.norden.org/pub/ovrigt/ovrigt/sk/TN2005544.pdf>

Reykjavík, 30.11.05
RTG/abj

Allsherjarnefnd,
Alþingi,
150 Reykjavík.

Vísað er til bréfa yðar, frá 17. og 18. nóvember sl., þar sem Allsherjarnefnd sendi til umsagna frumvarp til barnalaga, 78. mál, um sameiginlega forsjá barns og frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði sifjaréttar, 279. mál, sameiginleg forsjá barns o.fl..

Fyrir hönd Kvennadeildar Landspítala-háskólasjúkrahúss þakka ég ofangreinda málaleitan, en af hálfu deildarinnar er ekki sérstök ástæða til að gera athugasemdir við ofangreind lagafrumvörp, þar sem málin snerta ekki með beinum hætti starfssvið deildarinnar.

Virðingarfyllst,



Reynir Tómas Geirsson, prófessor,
sviðsstjóri kvennasviðs,
Kvennadeild LSH,
Hringbraut.

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/239
komudagur 29.11.2005



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS
ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi, 28. nóvember 2005

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði
sifjaréttar, 279. mál, sameiginleg forsjá barns ofl.**

Læknafélag Íslands hefur fengið ofangreint frumvarp til umsagnar. Félagið gerir ekki athugasemdir við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllst,
f.h. Læknafélags Íslands

Sigurbjörn Sveinsson
formaður

Nefndasvið Alþingis
Elín Valdís Þorsteinsdóttir, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. nóvember 2005.

Umsögn laganefndar Lögmannafélags Íslands um breytingu á nokkrum lögum á sviði sifjaréttar. Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006. Þskj. 294 - 279. mál.

Laganefnd Lögmannafélags Íslands hefur haft ofangreint frumvarp, sem felur í sér tillögur að breytingum á barnalögum nr. 76/2003, lögum um ættleiðingar nr. 130/1999 og hjúskaparlögum nr. 31/1993, til skoðunar. Umsögn laganefndar takmarkast við eftirfarandi ábendingu:

Í 1. gr. frumvarps til breytinga á barnalögum er lagt til að sameiginleg forsjá með barni verði meginregla við skilnað að borði og sæng, lögskilnað og slit skráðrar sambúðar. Af breytingunni leiðir að foreldrar þurfa ekki að gera sérstakan samning um sameiginlega forsjá eins og mælt er fyrir um í gildandi löggjöf. Nóg er að annað fyrirkomulag sé ekki ákveðið.

Það er ríkjandi lagasjónarmið við stefnumörkun á sviði barnaréttar, svo og við túlkun löggjafar á því sviði, að hagsmunir barns skuli ávallt hafðir að leiðarljósi. Að mati laganefndar er vert að benda á, að hætt kann að vera við því, verði breytingin að lögum, að börn hafni í sameiginlegri forsjá foreldra án þess að foreldrarnir hafi í raun komist að sameiginlegri niðurstöðu um, að það fyrirkomulag sé barninu fyrir bestu. Foreldrarnir hafi þess í stað komið sér hjá því að ákveða hvort þeirra skuli fara með forsjána. Á fundi laganefndar þar sem mál þetta var rætt kom sú skoðun fram að sameiginleg forsjá væri líkast til ekki æskilegt úrræði nema báðir foreldrar séu reiðubúnir að undirgangast skyldur og ábyrgð sem því fyrirkomulagi fylgir. Núverandi fyrirkomuag gerir kröfu um slíka afstöðu – breytingartillagan ekki. Í því ljósi sé ekki víst að sú breyting sem lögð er til í frumvarpinu verði í öllum tilvikum jákvæð frá sjónarhóli barnsins.

Laganefndin telur og rétt að benda á, að þótt hún hafi engar efasemdir um að hvatinn að baki breytingartillögunni sé umhyggja fyrir réttindum og hagsmunum barnsins, er varhugavert að rökstyðja breytingartillögunna með þeim hætti sem gert er í greinargerð, þ.e. með tilvísun í að reynsla síðustu ára sýni að æ fleiri foreldrar kjósi að fara sameiginlega með forsjá barna sinna og að það sé vísbending um að viðhorf foreldra til sameiginlegrar forsjár séu sífellt jákvæðari og að reynslan af þessu úrræði sé góð. Að mati laganefndar ber að fara varlega við að draga ályktanir af reynslu þeirra sem tekið hafa meðvitaða og ígrundaða afstöðu til sameiginlegrar forsjár þegar mælt er fyrir sameiginlega forsjá án þess að slík afstaða liggi fyrir. Með öðrum orðum telur nefndin ekki sjálfgefið að reynsla af sameiginlegri forsjá foreldra með barni *vegna þess að annað hafi ekki verið ákveðið* muni reynast eins góð. Það skal hér einnig nefnt að í athugasemdum við 1. gr. frumvarpsins er í greinargerð tekið fram að verði tillagan lögfest aukist samræmi í löggjöf Norðurlanda á þessu sviði því í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð sé forsjá sameiginleg eftir skilnað foreldra nema annað sé ákveðið. Laganefndin saknar þess að í frumvarpinu sé gerð grein fyrir reynslu frændþjóða okkar af þessu fyrirkomulagi enda lagasamræmi á þessu sviði vart markmið í sjálfu sér.

Framangreinda umfjöllun ber ekki að skilja sem svo að laganefndin leggist gegn sam-

þykkt frumvarpsins í núverandi mynd heldur einvörðungu sem áminningu um nokkur atriði sem vert er að hafa í huga við breytingar á þessu mikilvæga réttarsviði sem snertir viðkvæm persónu- og fjölskyldumálefni.

Virðingarfyllst,

f.h. Laganefndar Lögmannafélags Íslands

Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl., formaður

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. nóv. 2005

Stjórn Prestafélags Íslands hefur tekið til skoðunar fjögur þingmál sem félaginu hafa borist til umsagnar. Ekki er um að ræða mjög ítarlega úttekt á hverju máli heldur einungis lausleg viðbrögð sem hér segir:


Frumvarp til laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna, 51. mál
Stjórn PÍ er andsnúin þeim hugmyndum sem fram koma í frumvarpinu og tekur efnislega undir athugasemdir og andmæli sem fram hafa komið frá heildarsamtökum opinberra starfsmanna, BSRB og BHM.

Frumvarp til barnalaga, 78. mál
Stjórn PÍ er hlynt því fyrirkomulagi að sameiginlegt forræði sé meginregla en bendir jafnframt á nauðsyn þess að veita foreldrum fræðslu um hvað í sameiginlegu forræði felst og fylgja þeim og börnunum betur eftir með það að leiðarljósi að sameiginlega forræðið gangi upp og hagur og velferð barnanna sé í fyrirrúmi.

Frumvarp til laga um breytingu á ýsmum lögum á sviði sifjaréttar, 279. mál
Stjórn PÍ styður þær breytingar sem fram koma í þessu frumvarpi og telur þær allar eðlilegar og sjálfsagðar. Varðandi sameiginlegt forræði er áréttað það sem kemur fram í umsögn um 78. mál.

Frumvarp til laga um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, 189. mál
Hér er um að ræða of sértækt og viðamikil mál til þess að stjórn PÍ geti gert því fullnægjandi skil með svo stuttum fyrirvara.

Virðingarfyllst,


sr. Ólafur Jóhannsson formaður PÍ

Alþingi
Erindi nr. P 132/237
komudagur 29.11. 2005

Samtökin '78

Félag lesbía og homma á Íslandi

Laugavegi 3, 121 Reykjavík
Sími 552 7878 – skrifstofa@samtokin78.is

Reykjavík 28. nóvember 2005

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði sifjaréttar, 279. mál, sameiginleg forsjá barns o.fl.

Stjórn Samtakanna '78 fagnar stjórnarfrumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði sifjaréttar. Telur félagið að umrætt frumvarp muni tryggja að börn fái að notið forsjár beggja foreldra sinna við skilnað óháð kynhneigð foreldranna. Þetta á til dæmis við þegar foreldrar í gagnkynhneigðri sambúð slíta samvistum vegna þess að annað foreldrið „kemur úr felum” svo og þar sem báðir foreldrar eru samkynhneigðir. Til félagsins leitar oft fólk sem óttast að þegar það kemur úr felum „fái það ekki að sjá barnið sitt meir” vegna fordóma í garð lesbía og homma. Sameiginlegt forræði hlýtur að stuðla að auknu jafnrétti í baranuppeldi og út frá þessu sjónarmiði styður félagið frumvarpið.

Fyrir hönd stjórnar Samtakanna '78



Hrafnkell Tjörvi Stefánsson
framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/432
komudagur 6.12.2005



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 150 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
netfang: postur@dkm.stjr.is
www.domsmalaraduneyti.is

Reykjavík 5. desember 2005
Tilv.: DKM05110305/320.1-

**Umsögn sifjalaganefndar um 78. mál, sameiginleg forsjá barns og
279. mál, breyting á ýmsum lögum á sviði sifjaréttar (sameiginleg forsjá barns o.fl.)**

Sifjalaganefnd fjallaði um fyrrnefnd frumvörp á fundi sínum þann 28. f.m..

Efni þingmannafrumvarpsins er að meginstefnu til hið sama og efni I. kafla frv. dómsmálaráðherra. Sifjalaganefnd tók þá ákvörðun á fundi sínum að einskorða umfjöllun sína við frv. dómsmálaráðherra en hefur ekki aðrar athugasemdir við 78. mál en þær sem leiða má af umsögninni um frv. dómsmálaráðherra.

Sifjalaganefnd leggur til að gerð verði ein breyting á frv. dómsmálaráðherra, þ.e. á a. lið 1. gr. frv.

Tillaga sifjalaganefndar er að a. liður 1. gr. frv. hljóði svo:

„I. mgr. orðast svo:

Foreldrar fara sameiginlega með forsjá barns síns eftir skilnað og slit sambúðar sem skráð hefur verið í þjóðskrá nema annað sé ákveðið. Foreldrar skulu ákveða hjá hvoru þeirra barn skuli eiga lögheimili og þar með að jafnaði fasta búsetu. Sýslumaður skal tilkynna þjóðskrá, hjá hvoru foreldri barnið eigi lögheimili. Samþykki beggja foreldra, sem fara sameiginlega með forsjá barns, þarf ávallt til flutnings lögheimilis barnsins milli landshluta. Sýslumaður skal leiðbeina foreldrum um inntak sameiginlegrar forsjár og um þau réttaráhrif sem skráning lögheimilis barns hefur í för með sér.“

Framangreind tillaga felur í sér að tveir nýir málslíðir bætast við málsgreinina. (Samþykki beggja foreldra, sem fara sameiginlega með forsjá barns, þarf ávallt til flutnings lögheimilis barnsins milli landshluta. Sýslumaður skal leiðbeina foreldrum um inntak sameiginlegrar forsjár og um þau réttaráhrif sem skráning lögheimilis barns hefur í för með sér.)

Forsjá barns felur í sér rétt og skyldu fyrir foreldri til að ráða persónulegum högum barns, þ. á m. að ákveða búsetustað þess. Í sameiginlegri forsjá felst því að báðir foreldrar hafa þennan rétt og skyldu og er litið svo á að þörf sé á atbeina beggja til allra meiriháttar ákvarðana sem varða barn, sbr. athugasemdir í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 20/1992. Í framkvæmd hafa oft vaknað spurningar um hvaða ráðstafanir teljist meiriháttar þannig að báðir foreldrar þurfi að koma að

máli. Það á t.d. við um þau tilvik þegar breyta á lögheimili barns og í því skyni að taka af öll tvímæli í því sambandi leggur nefndin til að lögfest verði að samþykki beggja foreldra þurfi til þess að flytja lögheimili barns milli landshluta. Það er skoðun sifjalaganefndar að við nánari afmörkun á því hvað felist í orðunum „milli landshluta“ sé rétt að styðjast við umdæmi héraðsdómstóla þó með þeirri undantekningu að rétt sé að skoða umdæmi héraðsdóms Reykjavíkur og héraðsdóms Reykjaness sem eitt svæði eða landshluta samkvæmt framansögðu, líkt og gert er í 3. másl. 1. mgr. 91. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991.


Sifjalaganefnd telur mikilvægt að mótaðar verði leiðbeiningarreglur um inntak sameiginlegrar forsjár, hvað í henni felist og hvaða ákvarðanir teljist meiriháttar þannig að samþykki beggja foreldra þurfi til að koma. Sifjalaganefnd telur að ekki eigi að binda slíkt í lög, umfram það sem framangreind breytingartillaga sifjalaganefndar gerir ráð fyrir, enda mikilvægt að slíkum reglum megi breyta með auðveldum hætti til samræmis við þróun í þjóðfélaginu.

Þá leggur sifjalaganefnd til að skerpt verði á leiðbeiningarskyldu sýslumanns gagnvart foreldrum með því að mæla sérstaklega fyrir um að sýslumanni beri að leiðbeina foreldrum um inntak sameiginlegrar forsjár og þau réttaráhrif sem skráning lögheimilis barns hefur í för með sér, þ. á m. á réttarstöðu hvors foreldis um sig, um takmarkanir á heimildum foreldrisins sem barnið býr hjá til breytinga á lögheimili milli landshluta o.s.frv.

Sifjalaganefnd tekur að lokum fram að hún telur að þær breytingar á barnalögum um sameiginlega forsjá, sem felast í a. lið 1. gr. frv., muni ekki hafa í för með sér miklar breytingar á gildandi rétti. Sameiginleg forsjá mun eftir sem áður byggja á samkomulagi foreldra enda getur foreldri, sem ekki vill hafa sameiginlega forsjá, hvenær sem er höfðað dómsmál til breytingar forsjár. Sifjalaganefnd telur mikilvægt að svo verði áfram.

Að öðru leyti en að framan greinir gerir sifjalaganefnd ekki athugasemdir við frv. dómsmálaráðherra og telur ákvæði 2., 3. og 4. gr. I. kafla og ákvæði II. og III. kafla þess horfa til réttarbóta.


Drífa Pálsdóttir


Valborg Snævarr hrl.

Sýslumannafélag Íslands

Alþingi
Erindi nr. P/132/1271
komudagur 10.3.2006

Allsherjarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK


10. mars 2006

Með bréfi allsherjarnefndar Alþingis, dags. 17. nóvember sl., var óskað umsagnar Sýslumannafélags Íslands um frumvarp til laga um breyting á nokkrum lögum á sviði sifjaréttar, 279. mál, sameiginleg forsjá barns o.fl. Í svarbréfi félagsins, dags. 28. s.m. voru af hálfu félagsins ekki gerðar athugasemdir við frumvarpið.

Í kjölfar umræðu nú á síðustu vikum hafa félagsmenn haft samband við stjórn félagsins vegna ákvæðis frumvarpsins um að foreldrar fari sameigilega með forsjá barns síns eftir skilnað og slit sambúðar. Af því tilefni kannaði stjórnin, með óformlegum hætti, afstöðu félagsmanna til þessa álitaefnis. Af þeirri könnun verður ekki önnur ályktun dregin en sú að skoðanir félagsmanna séu skiptar í þessu efni og gjalda nokkrir varhug við að þessi leið verði farin.

Að athuguðu máli taldi stjórn sýslumannafélagsins rétt að koma framangreindu á framfæri við allsherjarnefnd.

Virðingarfyllst,



Áslaug Þórarinsdóttir

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/238
komudagur 29.11.2005

Sýslumannafélag Íslands


Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Hólmavík, 28. nóvember 2005

Sýslumannafélagi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum á sviði sjífaréttar, 279. mál.

Að athuguðu máli telur félagið að breytingar þær, sem lagt er til í frumvarpinu að gerðar verði, horfi allar til bóta og gerir því ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,



Áslaug Þórasdóttir

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/571
komudagur 5.1.2006


Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 4. janúar 2006

Tryggingastofnun ríkisins hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði sifjaréttar, 279. mál, sameiginleg forsjá barns og fl.

Allsherjarnefnd Alþingis tilkynnist hér með að Tryggingastofnun ríkisins telur ofangreint frumvarp ekki gefa tilefni til athugasemda af hálfu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,


Sigurbjörg Sigurjónsdóttir, lögfræðingur
lífeyristryggingasviði

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS





Alþingi
Erindi nr. P 132/355
komudagur 2.12.2005

UMBOÐSMAÐUR BARNA

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 1. desember 2005
Tilvísun: UB 0511/4.1.1

Efni: Frumvarp til laga um breyting á nokkrum lögum á sviði sifjaréttar, 279. mál

Vísað er til bréfs allsherjarnefndar Alþingis, dagsett þann 17. nóvember 2005, þar sem óskað er eftir umsögn umboðsmanns barna um ofangreint frumvarp.

Í frumvarpi þessu er að finna tillögur um breytingar á barnalögum, lögum um ættleiðingar og hjúskaparlögum. Eru þær flestar lítilvægar og þarfnast ekki langrar umfjöllunar. Mikilvæg breyting felst þó í 1. gr. frumvarpsins, þar sem kveðið er á um að foreldrar fari áfram sameiginlega með forsjá barna sinna við skilnað eða sambúðarslit, nema annað sé ákveðið. Verður í umsögn þessari fyrst og fremst fjallað um þetta atriði.

1. gr.

Undirrituð er samþykkt þeirri breytingu sem hér er gerð enda má segja að sameiginleg forsjá sé í reynd orðin meginregla hér á landi. Samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands kusu foreldrar 61.2 % barna sameiginlega forsjá við lögskilnað árið 2003 og 60.7 % árið 2004. Sameiginleg forsjá er talsvert algengari eftir sambúðarslit en hún er nú valin í þremur af hverjum fjórum tilvikum (73,4 % árið 2003 og 75,8 % árið 2004).

Ég vil þó nefna nokkur atriði sem ég tel ástæðu til að allsherjarnefnd skoði nánar áður en frumvarpið verður samþykkt á hinu háa Alþingi.



Í athugasemdum með frumvarpi þessu er vísað til þess að hér sé farið að tillögu svonefndrar forsjárnefndar. Í skýrslu nefndarinnar kemur jafnframt fram “að skilgreina þurfi nánar í barnalögum inntak sameiginlegrar forsjár.” Á málþingi sem dómsmálaráðherra hélt í lok apríl s.l. um lokaskýrslu nefndarinnar tók undirrituð undir þessa ábendingu nefndarinnar. Með því að sameiginleg forsjá er gerð að meginreglu verður ekki undan því vikist að skilgreina betur hvaða réttaráhrif hún hefur. Hagsmunir þeirra barna sem í hlut eiga krefjast þess.

Í barnalögum nr. 76/2003 er í fjallað um inntak forsjár í 28. gr. og er þar að finna ívið ítarlegri skilgreiningu en í eldri lögum. Ákvæðið lýsir þó inntaki forsjárhugtaksins með fremur almennum hætti. Í 4. mgr. segir að forsjá feli í sér rétt og skyldu foreldris til að ráða persónulegum högum barns, ákveða búsetustað þess og fara með lögformlegt fyrirvar þess. Segja má að 28. gr. virðist fyrst og fremst taka mið af því að foreldrar búi saman (í hjúskap eða sambúð). Undantekning er þó 8. mgr. þar sem segir að fari foreldrar sameiginlega með forsjá barns sé öðru foreldrinu óheimilt að fara með barnið úr landi án samþykkis hins. Þetta ákvæði var tekið upp í barnalög árið 1995 og þá í kaflann um umgengnisrétt. 8. mgr. 28. gr. er eina ákvæðið í barnalögum sem vikur sérstaklega að inntaki sameiginlegrar forsjár. Í örfáum ákvæðum annarra laga er vikið að sameiginlegri forsjá, t.a.m. er í 24. og 25. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 tekið á því hvort þurfi samþykki annars eða beggja foreldra sem ekki búa saman en fara sameiginlega með forsjá barns til beitingar þartilgreindra barnaverndarúrræða.

Á athugasemdum með frumvörpum til barnalaga 1992 og 2003 er ekki mikið að græða í þessu efni. Í athugasemdum með frumvarpi til barnalaganna frá 1992 var lítillaga fjallað um inntak sameiginlegrar forsjár, enda var hún þá lögfest hér á landi í fyrsta skipti. Þar segir m.a.: “Barnið dvelst þá jafnaðarlega aðallega hjá öðru foreldri, en hjá hinu á tilteknum tíma eða tímabilum. Lögráðin eru hins vegar í höndum beggja, þannig að þörf er á samþykki þeirra beggja og atbeina til allra meiri háttar ákvarðana er barnið varðar, um persónulega hagi þess og fjármál.” Og jafnframt: “Það foreldri sem barn á lögheimili hjá hefur réttarstöðu einstæðs foreldris til að taka við meðlagsgreiðslum með barni úr hendi hins foreldrisins eða Tryggingastofnunar ríkisins, mæðra- eða feðralaunum og barnabótum og öðrum greiðslum frá hinu opinbera ef því er að skipta.”

Í athugasemdum með frumvarpi til núgildandi barnalaga má fá nokkra leiðbeiningu af umfjöllun um 7. mgr. 28. gr. en hún kvæður á um að ef annað forsjárforeldra barns



er hindrað í að sinna forsjárskyldum sínum eru nauðsynlegar ákvarðanir um persónulega hagi barns gildar. Þar segir m.a. : “Hér er ekki verið að vísa til minni háttar ákvarðana, því almennt er ekki gert ráð fyrir að atbeina beggja foreldra þurfi til slíkra ákvarðana, heldur er átt við ákvarðanir sem talist geta þýðingarmiklar. Rétt er að undirstrika að ákvæðið er bundið við nauðsynlegar ákvarðanir og því verður sú krafa almennt gerð að ákvarðanir, sem mega bíða þar til foreldri er ekki lengur hindrað í að sinna forsjárskyldum sínum, geri það.”

Það er athyglisvert að mest umfjöllun um inntak sameiginlegrar forsjár var að finna í athugasemdum með frumvarpi til breyting á barnalögum nr. 9/1981 sem lagt var fram árið 1987, en þá var fyrst lagt til að taka upp sameiginlega forsjá. Það frumvarp hlaut hins vegar ekki afgreiðslu.

Skort hefur á leiðbeiningar og fræðslu um réttaráhrif og efni barnalaga af hálfu hins opinbera, þrátt fyrir að sifjalaganefnd hafi í athugasemdum með frumvörpum lagt mikla áherslu á slíka fræðslu. Hin síðustu ár hefur verið bætt úr því að litlu leyti með því að á netinu er að finna upplýsingar um þetta efni. Á vef dómsmálaráðuneytisins segir um sameiginlega forsjá: “Foreldrar þurfa að vera sammála um hjá hvoru þeirra barn á að eiga lögheimili. Barnið dvelst þá að jafnaði hjá því foreldra sem það á lögheimili hjá, en dvelst hjá hinu á tilteknum tíma. Sá sem barnið býr hjá tekur ákvarðanir um daglegar þarfir barnsins hverju sinni. Samþykki beggja foreldra þarf hins vegar að koma til varðandi allar meiriháttar ákvarðanir sem varða persónulega hagi barnsins. Sýslumaður getur úrskurðað um meðlag og umgengni þótt foreldrar fari sameiginlega með forsjá barns eins og sagt er í köflum um umgengni og meðlag. Foreldri sem barn er með lögheimili hjá hefur réttarstöðu einstæðs foreldris samkvæmt skattalögum.” Á vef sýslumanna segir: “Með sameiginlegri forsjá er átt við að báðir foreldrar fari með forsjá barns, þó þeir búi ekki saman. Barnið dvelst þá að staðaldri hjá öðru foreldri og á hjá því lögheimili, en dvelst hjá hinu á tilteknum tíma eða tímabilum. Sá sem barnið býr hjá ræður hversdagslegum athöfnum þess. Samþykki beggja foreldra þarf hins vegar til að koma varðandi allar meiriháttar ákvarðanir sem varða persónulega hagi barnsins, svo sem búsetu og skóla, svo og fjármál. Foreldri sem barn á lögheimili hjá hefur réttarstöðu einstæðs foreldris samkvæmt skattalögum.”

Af því sem hér hefur verið rakið má ljóst vera að löggjafinn og stjórnvöld hafa ekki skýrt nægilega vel hvaða réttaráhrif það hefur að forsjá barns hvílir sameiginlega á herðum beggja foreldra. Í dag má segja að um margt ríki óvissuástand í þessum efnum, sem er með öllu óviðunandi ef sameiginleg forsjá á að vera meginreglan. Norðmenn hafa kosið að setja slíka skilgreiningu að hluta inn í lagatextann sjálfan, sbr. 37. gr. norsku barnalaganna. Slík skilgreining gæti einnig átt heima í reglugerð



eða sérstökum reglum/leiðbeiningum dómsmálaráðuneytis sem væru gefnar út og kynntar almenningi, sérstaklega þeim sem leita til sýslumanna vegna samvistaslita.

Í núgildandi barnalögum var sameiginleg forsjá styrkt verulega sem forsjárúrræði með því að foreldrar geta nú leitað úrskurðar sýslumanns með tvenns konar ágreining, um umgengni og meðlög. Jafnframt ber að nefna að samkvæmt 4. mgr. 51. gr. lögræðislaga nr. 71/1997 er unnt að bera ágreining fjárhaldsmanna barns um fjárhaldið undir yfirlögráðanda. Verði sameiginleg forsjá gerð að meginreglu er vert að athuga hvort rétt er að fjölga þeim ágreiningsefnum, sem foreldrar geta leitað með til sýslumanns. Nefna má að tímabundinn flutningur með barn úr landi getur fyllilega átt rétt á sér, t.d. vegna náms foreldris og óþarfí/óæskilegt að leggja í forsjármál til að fá úr slíkum ágreiningi skorið.

Jafnframt telur undirrituð að rétt væri að kveða á um það í 31. gr. eða 46. gr. barnalaga að leggja þurfi fram til staðfestingar sýslumanns samkomulag um hvernig umgengni/samvistum barns við það foreldri sem það á ekki lögheimili hjá skuli háttað eða a.m.k. að sýslumaður bóki að samkomulag sé um umgengni og um helstu efnisatriði þess. Telja má víst að það séu meiri líkur til þess að umgengni gangi vel ef staðreynt er með þessum hætti að foreldrar hafi rætt og gert samkomulag um hana. Rétt er að nefna að forsjárnéfnnd lagði áherslu á þetta í skýrslu sinni. Til þess er og að líta að samningur um umgengni sem sýslumaður hefur staðfest er samkvæmt 48. gr. bl. grundvöllur þvingunaraðgerða, þ.e. hann er unnt að fullnusta með dagsektum eins og ef um úrskurð væri að ræða.

Undirritaðri virðist að af breytingu þeirri er frumvarpið gerir ráð fyrir á 31. gr. leiði að skoða þurfi orðalag annarra greina laganna. Rétt væri að umorða 1. mgr. 32. gr. þannig að hún taki þá fyrst og fremst til samninga foreldra sem ekki hafa verið gift eða í skráðri sambúð og einnig þarf að skoða 2. mgr. hennar. Jafnframt þarf að taka af allan vafa um að sérfræðiráðgjöf skv. 33. gr. skuli bjóða við ákvörðun um lögheimili barns.

2. – 4. gr.

Undirrituð gerir ekki athugasemdir við greinar þessar.

5. gr.

Ég tel orðalag greinarinnar óskýrt þegar litið er til þeirra skýringa sem fram koma í athugasemdum með frumvarpinu um að átt sé við að ekki þurfi að leita umsagnar barnaverndarnefndar þegar tvímælalaust sé að umsókn beri að hafna. Rétt væri að kveða skýrt á um það í greininni sjálfri.



6. gr.

Undirrituð gerir ekki athugasemdir við grein þessa.

7. gr.

Sjá athugasemd við 5. gr.

8. – 12. gr.

Undirrituð gerir ekki athugasemdir við greinar þessar.

Með vísan til framangreindra athugasemda lýsi ég yfir stuðningi við framkomið frumvarp til laga um breyting á nokkrum lögum á sviði sífjaréttar

Virðingarfyllst,



Ingibjörg Rafnar